FRÉTTABLAÐIÐ
281. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 28. NÓVEMBER 2018




# Öll spjót á Skúla

Mörg mál standa enn út af í viðræðum Icelandair og WOW air. Stjórnendur Icelandair vilja ekki að flugmenn WOW air verði á sama kjarasamningi og flugmenn Icelandair. Vaxandi óþreyju gætir á meðal eigenda flugvéla í rekstri WOW air.

Vaxandi óþreyju gætir á meðal eigenda flugvéla sem eru í rekstri WOW air. Óttast leigusalarnir, sem eru aðallega félög sem sérhæfa sig í fjármögnun og útleigu flugvéla, að samruni flugfélagsins og Icelandair gangi ekki eftir og að WOW air takist ekki að standa í skilum um næstu mánaðamót – eftir að félagið hefur greitt starfsfólki sínu laun – með greiðslu afborgana. Eru leigusalarnir sagðir tilbúnir til að grípa til aðgerða ef það verður raunin, samkvæmt heimildum Markaðarins.

Í bréfi sem Skúli Mogsensen, forstjóri og eini hluthafi félagsins, sendi á skuldabréfaeigendur WOW air í gær kom fram að umræddir leigusalar (e. lessors) fylgdust náið með stöðu flugfélagsins og krefðust nú strangari greiðsluskilmála en áður með tilheyrandi neikvæðum áhrifum á sjóðsstreymi félagsins.

Í bréfinu greindi Skúli einnig frá því að flugfélagið hefði verið nálægt því að ganga frá samningi um sölu og endurleigu á flugvélum sem hefði tryggt félaginu innspýtingu upp á 25 milljónir dala, jafnvirði um þriggja milljarða króna. Hins vegar hefði verið hætt við þau áform.

Flugfélagið leitar um þessar mundir allra leiða til þess að bæta lausafjárstöðu sína. Samkvæmt heimildum blaðsins hefur félagið meðal annars skoðað þann möguleika að selja lendingarstæði sín á Gatwick-flugvellinum í nágrenni Lundúna. Eru stæðin með þeim verðmætustu í eigu WOW air en ekki liggur þó fyrir hvað félagið getur fengið fyrir þau.

Enn eru mörg stór mál óleyst í viðræðum Icelandair og WOW air sem leysa þarf úr til þess að yfirtaka fyrrnefnda félagsins á því síðarnefnda gangi eftir. Þannig hefur ekki enn fengist niðurstaða í það hvort krafa Icelandair um að forgangsréttarákvæði í samningum félagsins við Félag íslenskra atvinnuflugmanna (FÍA) muni ekki gilda hjá WOW air í kjölfar kaupanna nái fram að ganga.

Félagsmenn í FÍA sem starfa hjá Icelandair hafa forgang í flugi á flugvélum í eigu félagsins og dótturfélaga. Með kaupum Icelandair á WOW air yrðu því flugmenn síðarnefnda félagsins, að öðru óbreyttu, á sama kjarasamningi og flugmenn Icelandair. Myndi þannig launakostnaður lággjaldaflugfélagsins hækka umtalsvert.

Mikill titringur var á mörkuðum í gær sem má rekja til óvissu um fjárhagsstöðu WOW air. Úrvalsvísitalan lækkaði um tæplega tvö prósent og bréf Icelandair féllu í verði um 2,35 prósent. Þá lækkaði gengi krónunnar um hálft til eitt prósent gagnvart helstu gjaldmiðlum. – hae, kij / Sjá Markaðinn

**13%**

**veiking gæti orðið á krónunnar við fall WOW samkvæmt sviðsmyndagreiningu**

## Fækka vélum „í samráði við leigusala“

WOW air hefur fækkað í flota sínum um fjórar Airbus vélar „í samráði við leigusala sína“, eins og það var orðað í tilkynningu sem birt var á fjárfestavef flugfélagsins síðdegis í gær.

WOW air hefur haft tuttugu vélar á leigu, þar af sextán samkvæmt rekstrarleigusamningi og fjórar samkvæmt fjárfestakynningu WOW air sem gefin var út í sumar, en eigandi þess félags er hinn ungversk ættaði Steven Udvar-Házy. Fyrirtækið Air Lease Corporation á stærstan hluta vélanna, eða alls sjö vélar, samkvæmt fjárfestakynningu WOW air sem gefin var út í sumar, en eigandi þess félags er hinn ungversk ættaði Steven Udvar-Házy.

Í tilkynningu WOW air í gær kom fram að fækkun vélanna væri „hluti af endurskipulagningu á rekstri félagsins en legið hefur fyrir að minnka þurfi flotann til þess að auka hagkvæmni, draga úr árstíðarsveiflu og hámarka arðsemi“.



**770**

**milljónir króna fjárfesti Skúli Mogensen fyrir í skuldabréfaútboði WOW air sem lauk í september**

## Víða rándýr jólaljósadýr

**LÍFIÐ** Reykjavíkurborg frumsýndi fjögurra milljóna króna jólaköttinn á Lækjartorgi á laugardag. Íslendingar eru ekki eina þjóðin sem hendir milljónum í jólaljós utan um skúlptúr af dýri.

Fréttablaðið skoðaði borgir heimsins og dýrin sem lýsa upp torg þar á bæjum.
– bbh / sjá síðu 26




## Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Bubbi Morthens fjallar um eiturblandað fóður í boði Norðmanna. 13

**SPORT** Bjóst ekki við því að spila einn daginn fyrir íslenska landsliðið. 16

**MENNING** Samtímalist í stað selskinna og saltfisks. 22

**LÍFIÐ** Hælið í Kristnesi í Eyjafjarðarsveit verður sögusetur um berklafaraldurinn. Bak við verkefnið er María Pálsdóttir sem ólst upp á svæðinu. 28




**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ ● FÓLK ● MARKAÐURINN**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015









## Veður




Vaxandi norðaustanátt, 15-23 m/s síðdegis en hvassari í Öræfum í kvöld. Snjókoma eða él frá Vestfjörðum og austur fyrir land, en úrkomulaust að kalla SV til.
SJÁ SÍÐU 20

# Stjörnubjart á skautasvelli



Skautasvellið sem sett hefur verið upp í aðdraganda jólanna á Ingólfstorgi í miðborginni undanfarin ár er farið að taka á sig mynd. Þessir harðduglegu iðnaðarmenn unnu hörðum höndum að uppsetningu þess þegar ljósmyndara bar að garði í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS Fleiri myndir er að finna á +Plússíðu Fréttablaðsins. **Fréttablaðið +Plús er í Fréttablaðsappinu og PDF-útgáfu á Fréttablaðið.is.**

## Lygar og leynifundir

**BANDARÍKIN** Paul Manafort, fyrrverandi kosningastjóri Donalds Trump Bandaríkjaforseta, heimsótti Julian Assange, fyrrverandi ritstjóra WikiLeaks, í ekvadorska sendiráðið í Lundúnum samkvæmt frétt sem Guardian birti í gær. Þar á Manafort að hafa átt leynifundi með Assange um það leyti sem hann tók við framboði Trumps.

Kristinn Hrafnsson, ritstjóri WikiLeaks, sagði í yfirlýsingu á Facebook í gærkvöldi að það væri „ekki flugufótur“ fyrir fréttinni. Hann sagði Guardian hafa stigið gróflega yfir strik og að hópfjármögnun væri hafin til að lögsækja breska blaðið.

WikiLeaks lak skjölum frá miðstjórn Demókrata og tölvupóstum háttsettra innan forsetaframboðs Hillary Clinton og kom það sér afar vel fyrir Trump-liða í kosningabaráttunni. Manafort neitar þó, samkvæmt Guardian, allri aðkomu að þeim lekum.

Kosningastjórinn fyrrverandi kvaðst sekur í máli gegn honum sem spratt upp úr rannsókn Roberts Mueller, sérstaks saksóknara, á meintum afskiptum Rússa af forsetakosningum og samráði framboðs Trumps við Rússa. Á mánudag kom fram að Mueller ásakar nú Manafort um að rjúfa samkomulag um vægari dóm gegn samstarfi með því að hafa ítrekað logið að rannsakendum. **– þea**



**Julian Assange og Paul Manafort.**

## Mega ekki senda heimilislausum smáskilaboð

**DANMÖRK** Starfsmenn félagsþjónustunnar í Álaborg í Danmörku óttast nú að heimilislausir eða aðrir sem minna mega sín missi nú til dæmis af bókuðum tímum hjá læknum eða tímum hjá hinu opinbera til að fá greiddan framfærslustyrk. Samkvæmt nýjum reglum Evrópusambandsins um persónuvernd má ekki lengur senda smáskilaboð í síma til að minna á bókaða tíma.



Litið er á smáskilaboð sem óörugg samskipti en starfsmenn félagsþjónustunnar benda á að þeir sem hafa litla fjárhagslega getu hafi ekki alltaf aðgang að tölvupósti. **– ibs**

# Lýðræðið í hættu vegna nethegðunar Íslendinga

**Forstjóri Persónuverndar segir áhyggjuefni að nær allir fullorðnir Íslendingar noti Facebook. Smæðin geri þjóðina berskjaldaða fyrir misnotkun vegna flókinnar notkunar persónuupplýsinga sem risafyrirtæki safna en fáir skilja.**

**SAMFÉLAG** Íslenska þjóðin er sérstaklega viðkvæm gagnvart mögulegri atlögu að lýðræðislegum kosningum með misnotkun persónuupplýsinga á samfélagsmiðlum, að mati Helgu Þórisdóttur, forstjóra Persónuverndar.

„Staðreyndin er sú að hér erum við með heila þjóð sem notar sama samfélagsmiðilinn. Níu af hverjum tíu fullorðnum einstaklingum hér á landi notar sama samfélagsmiðilinn, Facebook,“ segir Helga sem lauk í vikunni fundaferð um landið ásamt helstu sérfræðingum Persónuverndar til að kynna nýja persónuverndarlöggjöf. Á fundum sínum um landið ræddi hún meðal annars þær áskoranir sem nýju lögunum er ætlað að ná utan um, þar á meðal þær hættur sem mikil vinnsla persónuupplýsinga stórfyrirtækja getur skapað lýðræðinu.

„Fólk áttar sig ekki á því að allt sem við deilum með Facebook fer í gagnabanka og er rýnt. Hvort sem það eru óskir og þrár, draumar og vonir okkar sem við deilum, að mestu leyti á þessum eina samfélagsmiðli. Við þetta bætist svo kaupsagan og önnur nethegðun, kvikmyndasmekkur, tónlistarsmekkur og svo framvegis. Allt fer þetta í gagnabanka og svo fáum við tilboð frá aðilum sem við vissum ekki að væru að fylgjast með okkur, en tilboðin koma til okkar á grundvelli flókinna algríma sem við vitum ekki hvernig virka.“

Aðspurð segir Helga íslensku þjóðina sérstaklega viðkvæma sem heild; bæði vegna smæðar sinnar og hversu einsleit notkun samfélagsmiðla er hér á landi. Hún bendir á hvernig Cambridge Analytica fór að. „Þar var einn maður sem þróaði persónuleikaforrit og sannfærði 300 þúsund manns um



**Alexander Nix, fyrrverandi forstjóri Cambridge Analytica, hélt eitt lykilerinda á haustráðstefnu hjá Advania hér á landi á síðasta ári.** NORDICPHOTOS/AFP



**Helga Þórisdóttir er forstjóri Persónuverndar.**

að setja það upp hjá sér. Þessi fjöldi jafngildir í rauninni bara íslensku þjóðinni á Facebook,“ segir Helga og rifjar upp hvernig fyrirtækið komst yfir upplýsingar, ekki aðeins þessara notenda, heldur einnig vina þeirra þannig að í heildina náði fyrirtækið aðgangi að 87 milljónum einstaklinga um allan heim án þess að þeir vissu af því.

„Unnið var með lækin og auglýsingar svo sendar á fólk nákvæmlega eftir hegðun þess og því hvernig fótspor það skildi eftir sig á internetinu. Þetta voru sömu upplýsingar og unnið var með til að hafa áhrif á hvernig fólk kaus í Brexit-kosningunni í Bretlandi,“ segir Helga.

Aðspurð segir Helga að Persónuvernd velti fyrir sér starfsemi ákveðinna fyrirtækja á Íslandi, bæði í tengslum við framkvæmd kosninga og einnig hvað varðar markaðssetningu með notkun samfélagsmiðla. Það er ýmislegt sem bendir til þess að slík starfsemi sé að færast í aukana hér á landi.

Helga segir að mögulega þurfi að setja ákvæði í lög hér á landi um notkun persónuupplýsinga í aðdraganda kosninga. Persónuvernd hafi ákveðna anga af þessum málum til skoðunar. „Það verða engar kosningar eins hér eftir með tilkomu samfélagsmiðlanna.“ **adalheidur@frettabladid.is**



+PLÚS




Húsið við Laugaveg 73 var híft af grunni sínum með stórum krana í gær. Ákveðið var að fara þessa leið þar sem flytja átti húsið stutta vegalengd, að Hverfisgötu 92. Breytingin sem húsflutningurinn felur í sér er að lóðin á Laugavegi er stækkuð, byggingarmagn aukið og íbúðum fjölgað. Á móti er lóðin við Hverfisgötu minnkuð og bílakjallari stækkaður að lóðarmörkum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Ys og þys í nóvember

Ljósmyndarar Fréttablaðsins voru á vappi um höfuðborgarsvæðið í gær og fönguðu meðal annars á mynd uppbyggingu skautasvells á Ingólfstorgi, eldvarnaæfingu í Norðurturni við Smáralind og hús sem var verið að hífa upp á Hverfisgötu.



Það var unnið hörðum höndum að því að koma upp skautasvellinu á Ingólfstorgi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK




FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN












20% AFSLÁTTUR
AF GERVIJÓLATRJÁM

GARÐHEIMAR

Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is



Hafþór á að hafa keypt sér Teslu með illa fengnu fé, þó ekki þessa hér.

## Hafþór Logi í 12 mánaða fangelsi

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur dæmdi í gær Hafþór Loga Hlynsson í 12 mánaða fangelsi fyrir peningaþvætti. Félagi hans, Friðrik Árni Pedersen, var um leið dæmdur í sex mánaða fangelsi, en þarf ekki að sitja inni haldi hann skilorð.

Dómstóllinn ákvað einnig að 2,5 milljónir króna í reiðufé og Tesla Model 2, árgerð 2014, skyldu gerðar upptækar. Þá þurfa mennirnir hvor um sig að greiða verjendum sínum 1,3 milljónir króna í málsvarnarlaun.

Hafþór Logi aflaði sér 8,1 milljónar króna með refsiverðum brotum, en þau brot eru ekki talin upp í dómnum. Lögregla gerði húsleit í maí í fyrrasumar og fann þá 2,5 milljónir króna af þessum peningum. Þar af voru 465 þúsund krónur í rassvasa Hafþórs. 1,4 milljónir voru undir rúmdýnu hans og 700 þúsund krónur í leynihólfi á bak við eldhúsinnréttingu, að því er segir í dómnum.

**2,5**

**milljónir í reiðufé voru gerðar upptækar í dómnum.**

Hafþór gat illa gert grein fyrir peningunum og sagðist þiggja örorkubætur. Á heimili hans fundust einnig fíkniefni og sterar.

Hafþór notaði peninginn að hluta til að kaupa Teslu í Litháen í apríl 2017 en hún kostaði 5,6 milljónir króna. Hann notaði líka tryggingabætur vegna tjóns á Audi-bifreið, sem Friðrik hafði keypt fyrir Hafþór fyrir illa fengið fé 2016. Hafþór hefur hlotið 11 refsidóma á síðustu 15 árum. – **khn**

FRÉTTABLAÐIÐ
Vertu fyrst/ur að lesa blaðið

Fáðu blað dagsins í tölvupósti kl. 5.00 á morgnana.
Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á **www.frettabladid.is/nyskraning.** Það kostar ekkert.

# Pósturinn sýndi þinginu tölur sem hafði áður verið hafnað

**Íslandspóstur tapað minnst 408 milljónum vegna alþjónustusamkeppni innanlands. PFS hafnaði tölum Póstsins um alþjónustubyrði en fyrirtækið lagði þær samt fyrir fjárlaganefnd.**




Íslandspóstur hefur óskað eftir 1,5 milljarða neyðarláni frá ríkinu til að halda sér á floti. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**VIÐSKIPTI** Íslandspóstur (ÍSP) lagði fyrir fjárlaganefnd Alþingis tölur um alþjónustubyrði sem hafnað hefur verið af Póst- og fjarskiptastofnun (PFS) og úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála (ÚFP). Þá má lesa úr opinberum upplýsingum að tap af alþjónustu sé ekki eingöngu að rekja til svokallaðra Kínasendinga.

Sem kunnugt er hefur ÍSP farið fram á það við Alþingi að fyrirtækinu verði veitt 1,5 milljarða neyðarlán til að forða því frá þroti. Veiting lánsins er nú til skoðunar hjá fjárlaganefnd.

Í tilkynningu frá fjármálaráðuneytinu, sem og í máli forstjóra ÍSP, hefur komið fram að rekstrarvanda fyrirtækisins megi rekja til samdráttar í fjölda bréfa innan einkaréttar sem og svokallaðrar „ófjármagnaðrar alþjónustubyrði“. Stærstan hluta alþjónustubyrðarinnar má rekja til „Kínasendinga“, sem aukist hafa gífurlega undanfarin ár vegna netverslunar, en vegna alþjóðlegra póstþjónustusamninga nýtur Kína afsláttar af póstburðargjöldum. Í frumvarpi til nýrra laga um póstþjónustu er gert ráð fyrir því að heimilt verði að velta þessum kostnaði yfir á neytendur.

Undanfarin tvö ár hefur hagnaður af einkarétti verið umtalsverður eða tæpar 870 milljónir, samanborið við rúmlega 38 milljóna samanlagðan hagnað árin 2013-2015. Þó bréfsendingum hafi fækkað hefur ÍSP fengið magnminnkunina að fullu bætta með gjaldskrárhækkunum. Þetta kemur meðal annars fram í ákvörðun PFS fyrr í þessum mánuði þar sem því var hafnað að hækka gjaldskrá einkaréttar.

Sömu tvö ár hefur verið tap á samkeppni innan alþjónustu, 790,6 milljónir árið 2016 og 691,8 milljónir árið 2017. Ekki liggja fyrir nákvæmar opinberar upplýsingar um hvernig það tap skiptist milli erlendra og innlendra sendinga. Þó kemur fram í yfirliti um bókhaldslegan aðskilnað ársins 2016 að 649 milljónir af tapinu megi rekja til erlends pósts. Í skýrslu Copenhagen Economics (CE) um alþjónustubyrði Póstsins er talan 475 milljónir hins vegar gefin upp. Í frumvarpi til nýrra laga um póstþjónustu, sem nú er til umræðu á Alþingi, er þess getið að árið 2017 hafi tap vegna alþjónustubyrðar erlendra póstsendinga numið 426 milljónum. Af því má álykta að síðastliðin tvö ár hafi ÍSP tapað minnst 408 milljónum króna vegna rekstrarþátta sem ekki varða erlenda alþjónustubyrði.

„Þegar litið er til afkomu þjónustuflokka í samkeppnisrekstri ÍSP kemur í ljós að mikill taprekstur er á einstökum þjónustuflokkum [...]. Taprekstur verður því ekki eingöngu skýrður af umframkostnaði vegna kvaðar um alþjónustu heldur þarf einnig að líta til viðskipta- og/eða verðstefnu félagsins á samkeppnismarkaði,“ segir í úttekt PFS á bókhaldslegum aðskilnaði og kostnaðarbókhaldi ÍSP frá 2013. Er þar meðal annars vikið að því að viðvarandi tap sé á pakkasendingum og fjölpósti.

ÍSP lagði fyrir fjárlaganefnd yfirlit yfir ófjármagnaða alþjónustubyrði árin 2013-2017. Útreikningar fyrir árin 2013-15 eru frá ÍSP en þar koma fram tölur sem PFS og ÚFP höfðu hafnað. Meðal þess var að ÍSP taldi laun yfirstjórnar og kostnað við markaðssetningu inn í heildarkostnað alþjónustubyrði.

**joli@frettabladid.is**

### Einkaréttur



ÍSP hefur einkarétt á dreifingu bréfa undir fimmtíu grömmum en á móti fylgir sú kvöð að dreifa pökkum undir tuttugu kílógrömmum um landið allt þó það svari ekki kostnaði. Sú skylda nær jafnt til innlendra og erlendra pakka. Þegar kemur að alþjónustu er ÍSP í samkeppni við aðra aðila. Verðskrá einkaréttar er háð samþykki PFS en verð innan alþjónustu getur ÍSP ákveðið. PFS hefur þó heimild til að kalla eftir rökstuðningi og gögnum að baki gjaldskránni.

### Alþjónustubyrði




Samkvæmt PFS er alþjónustubyrði þegar álagning alþjónustukvaða á póstrekanda um að veita tilteknum notendum póstþjónustu, eða veita hana á tilteknum svæðum, leiðir til taps sem myndi ekki verða ef almenn viðskiptasjónarmið væru lögð til grundvallar. ÍSP vildi skilgreina hugtakið sem þann kostnað sem sparast við að fella niður þjónustuna.

### Alþjónustusamkeppni

Samkvæmt lögum um póstþjónustu er óheimilt að nota tekjur af þjónustu í einkarétti til að greiða niður alþjónustugjöld nema sýnt sé fram á að slíkt sé beinlínis nauðsynlegt til að standa undir alþjónustukvöðum. Af þessum sökum ber ÍSP að senda PFS ár hvert yfirlit um bókhaldslegan aðskilnað einkaréttar og alþjónustu. Fyrir liggur að ÍSP hefur brúkað að minnsta kosti hundruð milljóna af einkaréttartekjum til að mæta tapi af alþjónustu.




JEEP. RENEGADE TRAILHAWK
JEEP. 7 DAGA VIKUNNAR. ALVÖRU JEPPI - ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF.
AÐEINS EINN BÍLL EFTIR Á GAMLA GENGINU.
DÍSEL 2.0 170 HÖ. 9 ÞREPA SJÁLFSKIPTING. HÁTT OG LÁGT DRIF.
STAÐALBÚNAÐUR M.A.: BAKKMYNDAVÉL, FJARLÆGÐARSKYNJARAR AÐ FRAMAN OG AFTAN, ÍSLENSKT LEIÐSÖGUKERFI, BEATS HLJÓMKERFI MEÐ 8 HÁTÖLURUM OG BASSABOXI OG 8,4" AÐGERÐAR- OG ÚTVARPSSKJÁR.
ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ
UMBOÐSAÐILI JEEP. Á ÍSLANDI • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 534 4433
WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16
Jeep
THERE'S ONLY ONE




# **Hátíðlegt** úrval

## **í Sjónvarpi Símans** Premium

Sameinaðu fjölskylduna í sófanum um jólin. Bridget Jones, Forrest Gump, Shrek, Penguins of Madagascar eru á meðal þeirra rúmlega 200 kvikmynda og Disney ævintýra sem standa þér til boða yfir hátíðarnar.

**Sjónvarp Símans** Premium **– Svona á sjónvarp að vera**

# Tillögum skilað fyrir einu og hálfu ári en aldrei nýttar

**HÚSNÆÐISMÁL** Settur hefur verið á fót sérstakur átakshópur um aukið framboð á íbúðum og aðrar aðgerðir til að bæta stöðu á húsnæðismarkaði. Var þetta ákveðið á samráðsfundi stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins.

Þorsteinn Víglundsson, þingmaður Viðreisnar, gerði skipan hópsins að umtalsefni á Alþingi í gær. Hann sagði það fagnaðarefni að ríkisstjórnin hefði áttað sig á vandanum. Hins vegar hefði síðasta ríkisstjórn skipað starfshóp um vandann sem hefði skilað ágætum tillögum fyrir einu og hálfu ári.

„Það verður hins vegar ekki séð að þessi ríkisstjórn hafi gert nokkuð með þær tillögur.“

Anna Guðmunda Ingvarsdóttir, aðstoðarforstjóri Íbúðalánasjóðs, og Gísli Gíslason, hafnarstjóri Faxaflóahafna, verða formenn hópsins sem einnig skipa þrír fulltrúar frá ríki, tveir frá sveitarfélögum og þrír frá aðilum vinnumarkaðar.

Er hópnum ætlað að hafa samráð við aðra starfshópa um húsnæðismál og kynna heildstæða lausn á viðfangsefnum sínum fyrir stjórnvöldum og aðilum vinnumarkaðar eigi síðar en 20. janúar næstkomandi. **– sar**



**Þorsteinn Víglundsson, þingmaður Viðreisnar.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



**United Silicon.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Margir krefjast íbúakosningar

**HELGUVÍK** Andstæðingar stóriðju í Helguvík hafa stofnað til undirskriftasöfnunar á vefsíðunni island.is þar sem þess er krafist að efnt verði til bindandi íbúakosningar um framtíð kísilvera Stakksbergs og Thorsil. Í gærkvöldi höfðu rúmlega 200 manns skrifað undir kröfuna.

Samtökin segja að í sveitarstjórnarkosningunum síðasta vor hafi flestir flokkar lagt áherslu á umhverfismál tengd Helguvík. Bent er á að í sáttmála meirihluta bæjarstjórnar segi að framboðin hafni mengandi stóriðju í Helguvík og að leitað verði lausna til að tryggja að atvinnuuppbygging verði ávallt í sátt við íbúa. **– sar**

## Stærsti dagur í sögu Amazon

**TÆKNI** Viðskiptavinir Amazon hafa aldrei verslað meira á einum degi en síðastliðinn mánudag eða „cyber monday“. Þetta kom fram í tilkynningu sem vefverslunarrisinn sendi frá sér. Dagurinn hirti þannig toppsætið af svokölluðum „Prime day“, tilboðsdegi Amazon, í júlí þar sem viðskiptavinir keyptu rúmlega hundrað milljónir vara.

Vinsælasta varan var Echo Dot, minnsta útgáfa snjallhátalara fyrirtækisins, en Echo-línan seldist í milljónatali heilt yfir. Einnig seldust aðrar vörur Amazon vel, til að mynda Fire-spjaldtölvur. Verslun á hinum svokallaða „black friday“ var sömuleiðis góð, betri en á sama degi í fyrra. **– þea**

# Segir Ísland kannski skást í jafnréttismálum en ekki best

**Konur eru aðeins í þremur löndum í heiminum að minnsta kosti helmingur þingmanna. Þetta er meðal þess sem fram kemur í verkefninu Women's World Atlas sem kynnt verður á Heimsþingi kvenleiðtoga í Hörpu í dag. Þegar kemur að forstjórum eru löndin aðeins tvö.**

**JAFNRÉTTISMÁL** „Hugmyndin var sú að birta kort af heiminum og sýna eingöngu þau lönd þar sem konur eru minnst helmingur þingmanna. Þetta er gert til að sýna fram á fáránleika þess að bara þrjú lönd í heiminum hafa náð þessu. Það er pínu sjokkerandi að við Íslendingar séum ekki þarna þar sem við erum náttúrulega heimsmeistarar í jafnrétti,“ segir Þórey Vilhjálmsdóttir hjá Capacent.

Hún hefur unnið að verkefninu Women's World Atlas á vegum Heimsþings kvenleiðtoga sem nú fer fram í Hörpu. Silvana Koch-Mehrin, forseti þingsins, mun kynna verkefnið á þinginu í dag. Þar verður fjallað um stöðu kvenna í heiminum og því velt upp hvers vegna staðan sé svona og hvað sé hægt að gera.

Teknar voru saman upplýsingar um stöðu kvenna á þjóðþingum heimsins og í viðskiptalífinu þar sem hlutfall kvenna í forstjórastólum var kannað. Niðurstöðurnar eru þær að aðeins í Rúanda, Bólivíu og á Kúbu eru konur að minnsta kosti helmingur þingmanna. Þegar kemur að fjölda forstjóra er það aðeins í Taílandi og Kambódíu sem konur eru að minnsta kosti helmingur forstjóra.

**Staða kvenna á þjóðþingum heimsins samkvæmt Women's World Atlas**




**Ef við tökum hundrað stærstu fyrirtækin á Íslandi þá eru bara 11 prósent forstjóra konur og engin kona er forstjóri í skráðu fyrirtæki.**

Þórey Vilhjálmsdóttir hjá Capacent



Þórey segir athyglisvert að skoða þetta í samhengi við það sem sé að gerast á Íslandi.

„Ef við tökum hundrað stærstu fyrirtækin á Íslandi þá eru bara 11 prósent forstjóra konur og engin kona er forstjóri í skráðu fyrirtæki. Konur eru bara rúmlega 20 prósent framkvæmdastjóra í hundrað stærstu fyrirtækjunum. Það er svolítið sláandi þegar maður horfir á þetta því við erum alltaf að tala um að við séum leiðandi. Kannski ættum við frekar að segja að við séum skást í jafnréttismálum en ekki best.“

Þótt Ísland sé fyrirmynd í jafnréttismálum þurfi líka að sýna auðmýkt og viðurkenna að það sé ennþá töluvert í land.

Þórey hefur leitt verkefnið Jafnréttisvísir hjá Capacent. „Þar erum við að vinna með forstjórum íslenskra fyrirtækja að því að greina og innleiða jafnrétti í fyrirtækjum. Við horfum sérstaklega til menningar og hvaða áhrif það hefur á menninguna að fá konur í leiðtogastöður.“

Á þinginu í Hörpu taka þátt rúmlega 400 konur frá um 100 löndum. „Af því að hér eru konur frá svo mörgum löndum þá er ótrúlega magnað að sjá hvað löndin eru misjafnlega stödd í jafnréttismálum. Við erum ljósárum á undan mörgum löndum og það er gaman að geta miðlað því sem við höfum verið að gera. Svo eru mörg lönd sem glíma við sömu vandamálin og við. Þetta er ótrúlega mikilvægur vettvangur að hittast og skiptast á skoðunum og heyra hvað önnur lönd eru að gera.“

**sighvatur@frettabladid.is**



**Panodil filmuhúðaðar töflur, Panodil Zapp filmuhúðaðar töflur, Panodil Junior mixtúra, dreifa, Panodil Hot mixtúruduft, lausn til inntöku, Panodil Brus freyðitöflur.** Inniheldur paracetamól. Við vægum verkjum. Hitalækkandi. Til inntöku. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is.

ORIGAMI SUSHI

Í HAGKAUP

BÚIÐ TIL DAGLEGA

NÝTT FRÁ ORIGAMI



## VOLCANO

4 bitar djúpsteikt tempura maki rúlla, spicy surimisalat, tempura rækja, gúrka og avocado
4 bitar inside out maki rúlla , með tempura rækju, spicy tuna, gúrka og avocado

1.299 kr 8 bitar

## OKKAR VINSÆLUSTU MAKI RÚLLUR



### SURF AND TURF

Hvítlaukshumar, nautalundir, avocado, salat, tempuraflögur, spicy majónes, teriyaki og steinselja

1.599 kr 8 bitar

### TERIYAKI KJÚKLINGUR

Teriyaki kjúklingur, avocado, klettasalat, teriyaki sósa, tempuraflögur og spicy majónes

1.399 kr 8 bitar



HAGKAUP *Meira svona alla daga*

# MDE veitir ríkinu þriggja vikna frest



Vilhjálmur H. Vilhjálmsson. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

**DÓMSMÁL** Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hefur sent Mannréttindadómstól Evrópu andsvör við greinargerð ríkisins í svokölluðu Landsréttarmáli.

Umkvörtunarefnið varðar dómara við Landsrétt sem Vilhjálmur telur að hefði átt að víkja sæti í máli skjólstæðings síns vegna þess hvernig staðið var að skipun hennar við dóminn.

Málið hefur fengið hraða málsmeðferð í Strassborg og dómurinn veitt aðilum stutta fresti til að skila gögnum. Vilhjálmur sendi andsvör og bótakröfu síðastliðið fimmtudagskvöld og strax á föstudagsmorgun barst ríkislögmanni tölvubréf þar sem frestur var veittur til 14. desember til að bregðast við andsvörum lögmannsins og bótakröfu. **– aá**



Þessi er ekki hrifinn af aðgerðarleysi í loftslagsmálum. NORDICPHOTOS/GETTY

# Þarf að margfalda aðgerðir í loftslagsmálum

**LOFTSLAGSMÁL** Nauðsynlegt er að fimmfalda aðgerðir í loftslagsmálum til þess að halda hnattrænni hlýnun innan 1,5 gráða og þrefalda til þess að halda henni innan tveggja gráða. Þetta kom fram í skýrslu sem Umhverfisstofnun Sameinuðu þjóðanna (UNEP) sendi frá sér í gær. Aukinheldur kom fram að útblástur hafi aukist í fyrra eftir að hafa staðið í stað þrjú ár þar á undan.

Parísarsamkomulagið gengur út á að hlýnun verði haldið innan tveggja gráða, sé miðað við hitastig eins og það var fyrir iðnvæðingu, og er ljóst að erfitt verkefni er fyrir höndum.

UNEP fjallar um svokallað útblástursbil (e. emissions gap), sem er bilið á milli þess útblásturs gróðurhúsalofttegunda sem talið er að verði árið 2030 og þess sem nauðsynlegt er að útblástur verði til þess að takmarka hlýnun við 1,5 eða tvær gráður. Samkvæmt skýrslunni er enn vel mögulegt að ná tveggja gráða markmiðinu en sífellt ólíklegra verður að ná að brúa útblástursbilið svo hlýnun verði takmörkuð við 1,5 gráður.

Upplýsingaskrifstofa SÞ fyrir Vestur-Evrópu fjallaði um skýrsluna í pistli á vefsvæði sínu í gær. Þar var vitnað í Joyce Msuya, varaforstjóra UNEP, sem sagði að metnaðarfullar aðgerðir væru ekki að skila sínu. „Ríkisstjórnir verða að grípa til skjótari og brýnni aðgerða. Við erum að hella olíu á eldinn þótt slökkviefni sé innan seilingar.“

„Það eru þrjár til fimm milljónir ára frá því að samþjöppun koltvísýrings í andrúmslofti jarðar var jafn mikil og nú og þá var hitinn 2-3°C meiri og yfirborð sjávar 10-20 metrum hærra en nú,“ var haft eftir Petteri Taalas, framkvæmdastjóra Veðurfræðistofnunar SÞ. **– þea**


## Gildi-lífeyrissjóður

*Sjóðfélagafundur 2018*

*Grand Hótel Reykjavík, miðvikudaginn 28. nóvember kl. 17:00*

**Dagskrá:**

1. *Staða og starfsemi Gildis*
   Árni Guðmundsson, framkvæmdastjóri
2. *Hluthafastefna og stefna um ábyrgar fjárfestingar*
   Innsýn í innlendar fjárfestingar
   Davíð Rúdólfsson, forstöðumaður eignastýringar
   Innsýn í erlendar fjárfestingar
   Guðrún Inga Ingólfsdóttir, eignastýringu Gildis

Stjórn Gildis-lífeyrissjóðs

GILDI

www.gildi.is






Bílasalan Bílás, Akranesi, www.bilas.is, 431 2622
Bílasala Akureyrar, Akureyri, www.bilak.is, 461 2533
Bílaverkstæði Austurlands, Egilsstöðum, www.bva.is, 470 5070
IB ehf., Selfossi, www.ib.is, 480 8080
BL söluumboð, Vestmannaeyjum, 481 1313, 862 2516
BL ehf, Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík, 525 8000 / www.bl.is
B|L




**Bílasalan Bílás**
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**IB ehf.**
Selfossi
www.ib.is
480 8080

**BL söluumboð**
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

# Ræða um nýjar þvinganir gegn Rússum

**Leiðtogar Evrópusambandsríkja velta fyrir sér nýjum þvingunum gegn Rússum vegna hertöku úkraínskra herskipa á Asovshafi. Yfirmaður úkraínska sjóhersins segir Rússa þrýsta á, jafnvel pynta, sjóliða í haldi. Tveir slíkir úrskurðaðir í gæsluvarðhald í gær.**

**ÚKRAÍNA** Stjórnmálaleiðtogar í meðal annars Þýskalandi, Austurríki og Póllandi hafa rætt um möguleikann á því að beita Rússland nýjum þvingunum vegna hernáms þriggja úkraínskra herskipa í Asovshafi nærri Krímskaga á sunnudag.

Talsverðar þvinganir hafa nú þegar verið innleiddar gegn Rússum frá því átök brutust út í Úkraínu og Krímskagi var innlimaður árið 2014. Ísland tekur þátt í þessum þvingunaraðgerðum sem leiddi meðal annars til þess að Rússar settu viðskiptabann á íslenskar vörur árið 2015.

Íslensk stjórnvöld hvetja til stillingar nú og til þess að frekari stigmögnun verði afstýrt. „Það er aðalatriðið að svo komnu máli – að friðsamlega verði leyst úr málum,“ segir Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra, aðspurður um möguleikann á frekari þvingunum gegn Rússum.

Þá segir ráðherra að stjórnvöld hafi fordæmt hernaðaraðgerðir rússneskra stjórnvalda „sem voru brot á alþjóðalögum og samningum, og hvatt þau til að leysa úr haldi úkraínsku skipin og áhafnir þeirra.“ Atburðirnir og afleiðingarnar verði vafalaust ræddar á utanríkisráðherrafundum NATO og ÖSE í næstu viku.

Þjóðverjar eru sagðir líklegir til þess að leiða baráttu fyrir frekari þvingunum. Norbert Röttgen, þingmaður Kristilegra demókrata, sagði í gær að Evrópa gæti þurft að herða aðgerðir gegn Rússum.



**Rússneskir hermenn fylgja úkraínskum sjóliða inn í dómhús í borginni Símferopol á Krímskaga.** NORDICPHOTOS/AFP

Sams konar ummæli hafa Andrzej Duda, forseti Póllands, og Juri Luik, varnarmálaráðherra Eistlands, látið falla. Karin Kneissl, utanríkisráðherra Austurríkis, sagði að Evrópusambandið myndi velta fyrir sér þvingunum á grundvelli staðreynda og þess hvernig málið þróast. Samkvæmt heimildum Reuters er búist við því að núgildandi þvinganir verði framlengdar í desember á fundi utanríkisráðherra ESB.

Vladímír Pútín, forseti Rússlands, ræddi við Angelu Merkel, kanslara Þýskalands, í fyrrinótt og sagði Rússa ætla að sýna fram á að úkraínsku herskipin hafi siglt vísvitandi inn í landhelgi Rússa til að ögra þeim. Úkraínumenn hafa haldið þveröfugu fram.

Rússneska leyniþjónustan (FSB) birti myndband í gær þar sem sjá mátti þrjá úkraínska sjóliða ræða um atburðina á Asovshafi.

Einn, Andríj Drach, sagði að hann hefði verið á Níkopol, stórskotaskipi Úkraínumanna, og hefði fengið ítrekaðar viðvaranir um að skipið væri að sigla inn í rússneska landhelgi og brjóta þar með rússnesk lög. Undir þetta tóku hinir, Serhíj Tsíjbisov og Volodíjmíjr Lísovíj. Sá síðarnefndi sagðist vísvitandi hafa hundsað beiðnir Rússa um að snúa við.

„Það sem þeir segja í þessu myndbandi er ósatt,“ sagði yfirmaður úkraínska sjóhersins í gær og bætti við að sjóliðarnir hefðu sagt ósatt vegna þess að þeir sættu þrýstingi, ef til vill pyntingum.

Herlög eru nú í gildi í Úkraínu vegna málsins eftir tilskipun forseta og samþykkt þingsins. Þau gilda í þeim fylkjum Úkraínu sem eiga annaðhvort landamæri að Rússlandi eða liggja við Asovshaf eða Svartahaf.

Dómstóll á Krímskaga úrskurðaði tvo sjóliða af 24 í tveggja mánaða gæsluvarðhald í gær. Búist er við því að þeir verði ákærðir og fari fyrir dóm. Enn átti eftir að taka fyrir mál gegn fleiri sjóliðum þegar þessi frétt var skrifuð. **thorgnyr@frettabladid.is**

> **Á þessu stigi máls höfum við fyrst og síðast hvatt til stillingar og að frekari stigmögnun verði afstýrt.**
>
> Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra







ENNEMM / SÍA / NM90857

## Vetrarglaðningur að verðmæti 450.000 kr.

Við bjóðum vetrarglaðning að verðmæti allt að 450.000 kr. með nokkrum Hyundai Tucson fram að jólum. Nýja gerðin af Tucson er hlaðinn nýjungum á borð við skynvædda neyðarhemlun og hraðastilli með fjarlægðarskynjun.

**Hyundai Tucson - 2wd, dísil, ssk. Verð frá 5.550.000 kr.**

**VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR**

HYUNDAI

5 ÁRA ÁBYRGÐ ÓTAKMARKAÐUR AKSTUR

Hyundai býður viðskiptavinum sínum upp á eina víðtækustu ábyrgð sem völ er á. Öllum Hyundai bílum fylgir 5 ára verksmiðjuábyrgð og ótakmarkaður akstur.

**Hyundai | Kauptúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is**

# PAKKADAGAR

KIA

Kynntu þér alla bílana á
**pakkadagar.kia.is**

**Kia Niro**

Kia Niro fæst bæði í Hybrid og PHEV útfærslu. Hann er aflmikill bíll, sparneytinn, umhverfismildur og áreiðanlegur. PHEV hefur 58 km drægni á rafmagni og eyðir aðeins 1,3 l/100.




**Kia Niro Hybrid**

Verð frá **3.990.777** kr.

Vetrar- eða ferðapakki fylgir, verðmæti allt að 300.000 kr.

SNÚÐU LUKKUSTÝRINU
– ALLT AÐ –
50.000 KR.
GJAFABRÉF

## Fáðu þér nýjan Kia Niro og kíktu strax í pakkann

Nú er rétti tíminn til að tryggja sér nýjan Kia Niro því veglegur kaupauki fylgir völdum bílum. Þú getur valið stútfullan vetrarpakka af aukabúnaði eða spennandi ferðapakka með gjafabréfi út í heim. **Þá fá allir sem kaupa nýjan bíl frá Kia 50.000 kr. gjafabréf í Smáralind og allt að 50.000 kr. aukalega með því að snúa Lukkustýrinu.**

Kynntu þér málið á pakkadagar.kia.is

ASKJA
**ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is**
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Kia á Íslandi.

Fylgdu okkur á Facebook.
facebook.com/kiamotorsisland

FRÉTTABLAÐIÐ

# SKOÐUN

# Afturhald



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Æði lengi hefur það viðhorf verið ríkjandi meðal ráðamanna hér á landi að þjóðin kunni sér ekki forráð í ákveðnum málum og hafa þurfi hemil á henni svo að hún leiðist ekki út í vitleysu. Ein leið til að koma í veg fyrir að landsmenn fari sér að voða er að setja á boð og bönn.

Dæmi um þetta er bjórbannið sem ríkti hér í áratugi og enginn botnar lengur í, ekki einu sinni þeir sem árið 1988 greiddu atkvæði gegn því á þingi að bjórsala yrði leyfð. Helst mátti ætla af tali þeirra sem studdu bannið að yrði sala á bjór heimil hér á landi myndi alþýða manna vera rorrandi full flesta daga og því vitanlega óvinnufær. Óhörðnuð ungmenni myndu taka sér þá fullorðnu til fyrirmyndar og þamba bjór eins og gosdrykki. Afar nöturleg framtíðarsýn, en ekki þurfti samt mikla spádómsgáfu til að átta sig á að hún myndi ekki rætast. Blessunarlega sáu þingmenn með skynsamleg viðhorf til þess að bjórbanninu var loks aflétt. Vitanlega kom í ljós að þjóðin réð vel við það að drekka bjór án þess að ærast.

Bannviðhorfið í áfengismálum er þó enn við lýði. Erlendis er hægt að fara í hinar ýmsu verslanir og stórmarkaði og kaupa léttvínsflösku og bjór um leið og keypt er í matinn. En ekki hér á landi. Þjóðinni er alls ekki talið treystandi til að haga sér skikkanlega í námunda við áfengi sjái hún það innan um kjöt og fisk. Talið er víst að hún muni vera blindfull alla daga verði henni gert enn auðveldara en nú er að ná sér í léttvínsflösku eða bjór. Ekki er heldur talið óhætt að leggja það á ungmenni að sjá áfengisflöskur og bjórdósir úti í búð, þótt þau sjái þennan varning stöðugt á samfélagsmiðlum.

Hinar myrku spár um vesöldina sem myndi skapast fengi þjóðin að drekka bjór rættust ekki. Þjóðin hefur þolað bjórinn og mun einnig þola það að hafa aðgang að áfengi í verslunum landsins. Hún mun ekki vera afvelta af drykkju öllum stundum. Afturhaldshugsun of margra rúmar hins vegar ekki þann veruleika að fólk geti afborið að sjá áfengisflöskur í verslunum án þess að fara sér að voða.

Sama afturhaldshugsun er ríkjandi hér á landi þegar kemur að áfengisauglýsingum. Hið ríkjandi viðhorf er að þær eigi ekki að sjást, en á sama tíma er vitað að þær eru ofursýnilegar. Þær sjást á erlendum sjónvarpsstöðvum, og á þeim íslensku þegar sýnt er frá íþróttaviðburðum, á netinu, og eru í erlendum blöðum og tímaritum. Þegar slíkar auglýsingar sjást á íslensku í fjölmiðlum verður uppi fótur og fit, látið er eins og stórkostlegur háski sé á ferð og viðkomandi fjölmiðill er sektaður. Ef þetta er ekki hræsni, þá er þetta allavega umtalsverð afneitun á raunveruleikanum. Þessari bannstefnu ber að aflétta.

Það er kominn tími til að horfast í augu við raunveruleikann og viðurkenna að íslenska þjóðin lifir ekki í einangrun heldur hrærist í nútímanum. Áfengisauglýsingar blasa við henni og hafa lengi gert. Þjóðinni hefur ekki orðið meint af þeim.

**Ef þetta er ekki hræsni, þá er þetta allavega umtalsverð afneitun á raunveruleikanum.**

gæði – þekking – þjónusta
TURBOCHEF OFNAR
FLUGNABANAR
... og svo miklu meira





pmt PLAST, MIÐAR & TÆKI
Mikið úrval af tækjum sem henta einstaklingum og fyrirtækjum
Krókhálsi 1 | 110 Reykjavík | s. 567 8888 | www.pmt.is

## Halldór




## Frá degi til dags

**Útvarp Saga millistéttarinnar**
**Fólk sem þjáist af markvissum misskilningi á fréttum er frekt til fjörsins í símatíma Útvarps Sögu. Innhringjendum er tamt að rekja alla landsins ógæfu til ESB, innflytjenda og fréttastofu RÚV og einhverjum kann að þykja þjóðernisundiraldan þung. Við svipaðan tón kveður stundum í „karlaþáttunum“ Bítið og Reykjavík síðdegis sem láta þá Bylgjuna hljóma eins og einhvers konar Útvarp Sögu millistéttarinnar. Harðlínuhægrimaðurinn Viðar Guðjohnsen hefur lengi notað Sögu til þess að viðra steingerðar hugmyndir sínar um hlutverk kvenna og samskipti kynjanna.**

**Fjölkvæni með morgunkaffinu**
**Aðrir innhringjendur hafa ítrekað kvartað undan Viðari og langlundargeð símavarðarins Péturs Gunnlaugssonar er löngu þrotið. Hann hefur því snuprað Viðar og skellt á. Viðar hefur því verið þögull undanfarið en sætti færis í gær þegar Heimir og Gulli opnuðu fyrir símann í Bítinu og viðraði kunnuglegar grillur um fjölkvæni og skaðlega „metnaðargræðgi“ kvenna. Auðheyrt var að þeim félögum þótti húslestur Viðars stórskemmtilegur, ólíkt öðrum hlustendum sem kunnu þeim litlar þakkir fyrir að leyfa móðum Viðari að mása. Mögulega má virða Bylgjumönnum til vorkunnar að þeir hafa ekki sömu reynslu af fólki með jaðarskoðanir og Pétur á Sögu.**
thorarinn@frettabladid.is

# Reykjavíkurpistill árið 2030



Hjálmar Sveinsson
borgarfulltrúi

Reykjavík er nú efst á lífsgæðalista borga sem bandaríska ráðgjafarfyrirtækið Mercer gefur út á hverju ári (Mercer's Quality of Living Survey). Í fyrra var borgin efst á sambærilegum lífsgæðalista lífsstílstímaritsins Monocle. Þetta er mikil breyting frá því fyrir 10 til 15 árum þegar Reykjavík sást ekki á slíkum listum.

Ljóst er að aukin áhersla á umhverfismál, vistvænar samgöngur, heilbrigði, öryggi og tækifæri til útivistar og hreyfingar skapar Reykjavík sterka stöðu á slíkum listum. Margt kemur til. Útivistarsvæði inni í borginni, meðfram strandlengjunni og í hinum svokallaða græna trefli þykja framúrskarandi. Nýjar útisundlaugar í borginni og ylstrandir við Köllunarklett og Gufunes eru taldar einstæðar á heimsvísu. Þær þykja gott dæmi um hvernig hægt er að bjóða rysjóttu veðurfari byrginn með hugvitsamlegri nýtingu jarðvarmans og skapa magnaða aðstöðu til heilnæmrar útivistar og hreyfingar allan ársins hring.

Undanfarinn aldarfjórðung hefur mikið verið lagt í grænar fjárfestingar í Reykjavík. Byggt hefur verið upp metnaðarfullt hjólastígakerfi sem tengir ekki aðeins höfuðborgarsvæðið saman með þéttofnu neti góðra stíga heldur liggur það líka um ævintýraleg svæði sem liggja í 30 til 40 km radíus frá borginni. Uppbygging Borgarlínunnar hefur tekist vonum framar. Samstillt átak sveitarfélaga og ríkisvalds skipti þar miklu máli. Langir hraðvagnar keyra nú á 5 mínútna fresti eftir sérreinum á helstu stofnleiðum höfuðborgarsvæðisins á háannatímum. Borgarlínan hefur létt verulega á bílaumferðinni.

Borgarlínuvagnarnir eru ýmist drifnir með metangasi eða rafmagni og allur bílaflotinn keyrir á vistvænni orku. Reykjavík er fyrsta borgin í heiminum til að ná því marki að losa sig alfarið við bensín og olíu sem orkugjafa samgangna. Það hefur vakið athygli.

Reykvíkingar eru nú 150.000 en íbúar á höfuðborgarsvæðinu samanlagt 250.000. Leikskólar í borginni þykja góðir og þjónustugjöldum er stillt í hóf. Borgin hefur einnig vakið athygli fyrir öflugt menningarlíf, frjóa listasenu og þekkingarsköpun, einkum á sviði vistvænnar orku, lýðheilsufræða og jafnréttismála. Allt þetta hefur gert Reykjavík að eftirsóttri borg til að búa í og starfa í.

**Borgin hefur einnig vakið athygli fyrir öflugt menningarlíf, frjóa listasenu og þekkingarsköpun, einkum á sviði vistvænnar orku, lýðheilsufræða og jafnréttismála.**

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Einar Þór Sverrisson FORSTJÓRI: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir ÚTGEFANDI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is
RITSTJÓRAR: Kjartan Hreinn Njálsson kjartanh@frettabladid.is, Ólöf Skaftadóttir olof@frettabladid.is, MARKAÐURINN: Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is FRÉTTABLAÐIÐ.IS: Sunna Karen Sigurþórsdóttir sunnak@frettabladid.is.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000, ritstjorn@frettabladid.is HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir kristjanabjorg@frettabladid.is
MENNING: Kolbrún Bergþórsdóttir kolbrunb@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Anton Brink anton@frettabladid.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is

# Óæskilegir jarðeigendur



Gunnlaugur Stefánsson
Heydölum

Jarðakaup útlendinga, ekki síst erlendra auðrisa, hafa farið fyrir brjóstið á mörgum sem sjá þeim flest til foráttu og telja óæskilega jarðeigendur. Þetta er athyglisvert, því Íslendingum hefur þótt sjálfsagt, sérstaklega hin síðari ár, að kaupa fasteignir í útlöndum. Enga umræðu hef ég orðið var við að banna það vegna þjóðernis okkar eða umhyggju vegna yfirgangs í garð þarlendra. Lífeyrissjóðir ávaxta umtalsverða fjármuni í útlöndum og eignast fasteignir þar. Íslenskir auðrisar fóru hamförum í alls konar fasteignakaupum í útlöndum fyrir hrun, og þjóðin dáðist að útrásinni samkvæmt frásögnum fjölmiðla. Nú flykkist íslenskur almenningur til að kaupa fasteignir í útlöndum, sérstaklega þar sem sólin skín og verðlag á nauðsynjavörum er lágt. Þá eru Íslendingar víða stórtækir í atvinnurekstri erlendis. Stafar ógn af íslenskum fasteignaviðskiptum í útlöndum?

En gildir annað um útlendinga á Íslandi og kannski enn frekar ef einstaklingur er öðruvísi, t.d. svartur, skáeygður eða gyðingur sem þótti óæskilegt fólk til búsetu í landinu fyrr á árum? Nú er verst, ef útlendingur er auðrisi og þykir stórhættulegt. Hvað liggur að baki, minnimáttarkennd, öfund, ótti, fordómar eða söguleg reynsla? Hvaða munur er á íslenskum eða útlenskum auðrisa?

Ég hef búið á jörð í 32 ár í nágrenni við Íslendinga og útlendinga. Aldrei hef ég orðið var við mun í samskiptum með fólki í ljósi þjóðernis. Sömuleiðis þekki ég ágætlega til í mörgum sveitum landsins þar sem eignarhald á jörðum er hvort tveggja í höndum Íslendinga og útlendinga og virðist mér þjóðerni eignarhaldsins engu ráða um það hvernig nýtingu og umgengni er háttað. Þá flytur jarðeigandi tæpast jörðina með sér á milli staða og ekki heldur úr landinu. Sama gildir um árnar, vötnin og fiskinn í þeim. Hvorki fiskur eða vatn spyr um eignarhaldið á sér, heldur að njóta sjálfbærni og verndar með skynsamlegri nýtingu. Skiptir þá máli hvernig eigandinn lítur út eða þjóðernið, ef vel er að verki staðið? Nú eru stærstu jarðeigendur landsins Ríkið, Þjóðkirkjan og bankarnir – og með lögheimili í Reykjavík. Landsbankinn hefur t.d. fylgt þeirri stefnu að hafa jarðir sínar frekar í eyði en að leigja til búskapar. Hér skiptir mestu hvernig staðið er að ráðstöfun og umhirðu eignanna. Gildir ekki sama um útlendinga?

Vist erum við fámenn þjóð á eyju með viðkvæmt náttúrufar og verðum að vernda fyrir ágengni. En merkir það, að við gerum öðruvísi kröfur til útlendinga en við gerum til okkar sjálfra eða viljum að þeir geri til okkar?



Í sjókvíaeldinu blasir annar veruleiki við. Þar eru útlenskir auðrisar að fjárfesta ókeypis í íslenskum sjó og stefna umhverfi og villtum laxastofnum í voða, auk þess er einfalt að flytja kvíarnar, tækin og tólin bótalaust úr landinu á svipstundu. Eftir standa byggðirnar með opin sár.

Frelsið er Íslendingum kært og nýtum vel. Við ferðumst mest allra þjóða og finnst sjálfsagt að vera velkomin í öllum heimsins byggðum og fá að njóta þess sem þar er í boði. Auk þess ráðast lífskjör okkar af viðskiptum við útlönd. Víst erum við fámenn þjóð á eyju með viðkvæmt náttúrufar og verðum að vernda fyrir ágengni. En merkir það, að við gerum öðruvísi kröfur til útlendinga en við gerum til okkar sjálfra eða viljum að þeir geri til okkar?

# Skrekkur 2018



Þórir S. Guðbergsson
fv. kennari og félagsráðgjafi

Þann 12. nóv. var hæfileikakeppni grunnskólanema í Reykjavík, Skrekkur, sýnd í sjónvarpinu. Þar komu fram snjallir og hæfileikaríkir unglingar. Með dansi, söngvum og þróttmiklum sköpunarkrafti og hugmyndaflugi sungu þau um Betri heim – og Árbæjarskóli sigraði með laginu Gott, betra, best. Í upphafi sýningar minntu þau okkur á Aladdín þar sem vondi galdramaðurinn kemur við sögu og Rauðhettu og úlfinn ... frá 17. öld – þar sem úlfurinn táknar hið illa eins og í mörgum sögum.

En börn eru snjallar mannverur. Þau finna lausnir á vandamálum með sinni aðferðafræði með hjálp foreldra/fullorðinna, með kærleika, aga, frelsi og sveigjanleika.

Því miður er til illt fólk í raunheimum, grimmt og árásargjarnt – svo að börn og ungmenni limlestast – og verða hungurmorða. Fullorðið fólk vegur hvert annað með hryllingssársauka á samfélagsmiðlum og sagt er frá ógnvænlegu ofbeldi í fréttunum úr næsta nágrenni.

– Ber er hver að baki nema sér bróður eigi.

Þann 11. nóv. minntist heimurinn fyrra helstríðsins og Halldór Laxness kvað um heimsstyrjöld í orðastað Bjarts í Sumarhúsum:

*Spurt hef ég tíu milljón manns*
*séu myrtir í gamni utanlands ...*
*... því hvað er auður og afl og hús*
*ef engin jurt vex í þinni krús.*

Fjögurra ára sonardóttir biður afa oft og tíðum að leika úlfinn, en með einu skilyrði þó: Með einni handarhreyfingu sveiflar hún ósýnilegum töfrasprota og breytir úlfinum í Góða úlfinn, og heimurinn batnar. Afinn samþykkir það.

Hvernig getur heimurinn batnað, Gott orðið betra og betra best?

Styðjum við unga fólkið. Stöndum saman.

Ímyndum okkur að einn sólríkan vetrarmorgun guði unga Ísland á gluggann okkar sem fagur skógarþröstur og tísti eins og margir hafa kvakað áður með ýmsum orðum:

Hvernig skyldi heimurinn verða ef allir væru almennilegir við alla með ósýnilegri hugarfarsbreytingu?

# Tonn af eiturblönduðu fóðri í boði Norðmanna



Bubbi Morthens
tónlistarmaður

Þá er það staðfest. Í september og október síðastliðnum var gefið eitrað fóður í sjókvíum við Steinanes og við Hringsdal í Arnarfirði. Eitrið sem blandað er í fóðrið heitir Slice vet.

Það má líka minna á að laxeldið við Hringsdal er brot á starfsleyfisskilyrðum um 6 mánaða hvíldartíma á milli eldiskynslóða. Umhverfisstofnun virðist ófær um að fylgja eftir eigin ákvæðum fiskeldislaga – nema brotin séu vísvitandi – og hún hefur ítrekað tafið málið með því að vísa því til umhverfisráðuneytisins til veitingar undanþágu. Ráðuneytið hefur ekki lagaheimild til að veita slíka undanþágu, þess vegna viðgengst brotið án þess að eftirlitsaðilinn geri nokkuð. Þetta er vítavert stjórnsýsla.

Arnarlax hefur í tvígang fengið heimild til að nota eiturblandað fóður gegn fiski- og laxalús. Eitrið heitir Slice vet. og er virka efnið í því Emamektinbenzoat. Lyfinu var blandað í laxafóður frá fóðurverksmiðjunni Skretting As í Noregi í hlutföllunum 2,15 kg af lyfi í hvert tonn af fóðri. Þetta var síðan gefið laxinum í vikutíma.

Fyrra leyfið var veitt í september 2018 til fóðrunar á laxi í Steinanesi og alls gefin 480 tonn af eiturblönduðu fóðri. Seinna leyfið var veitt í október sl. til fóðrunar á laxi í kvíum við Hringsdal í sama firði. Alls voru þá gefin 97 tonn af eiturblönduðu fóðri.

Þetta er hollustan sem boðið er upp á, gott fólk. Þetta eitur fer út í lífríkið. Þetta eitur fer í fuglana, í börnin okkar, okkur sjálf, fyrir utan þá gríðarlegu mengun sem fylgir þessu opna eldi. Almenningur gerir sér kannski ekki grein fyrir því en Norðmenn skeyta ekkert um strendur Íslands, firði eða annað. Þeir gera það sem þarf að gera til þess að hagnast. Starfsmannaleigur sjá um mannskap, þeir sjá svo sjálfir um að hirða hagnaðinn.

PS. Ég er hlynntur eldi uppi á landi þar sem þarf ekki að moka tonnum af eiturblönduðu fóðri út í lífríkið.

HVERNIG VEITUM VIÐ GÓÐA ÞJÓNUSTU Á TÍMUM BREYTINGA?
Ráðstefna SVS um hæfni og þjónustu
29. nóvember 2018
Kaffi Nauthól kl. 13.00-16.00


STARFSÞRÓUN, ÞAR SEM ALLIR GRÆÐA
Þórarinn Ævarsson
Framkvæmdastjóri IKEA



VERTU TILBÚIN(N) FYRIR FRAMTÍÐINA:
Um mikilvægi eldmóðs og umbótahugsunar starfsfólks
Guðný Halla Hauksdóttir
Forstöðumaður þjónustuvers OR
Ásdís Eir Símonardóttir
Mannauðssérfræðingur OR


HEIMKAUP.IS – BAK VIÐ TJÖLDIN
Guðmundur Magnason
Forstjóri Heimkaupa


NÁM, HÆFNI OG FRAMTÍÐ VERSLUNAR
Runólfur Ágústsson
Ráðgjafi og verkefnastjóri


ÁSTRÍÐA, ÁREIÐANLEIKI, ÁRÆÐNI:
Mikilvægi þess að borða súkkulaði
Hildur Halldórsdóttir
Aðstoðarframkvæmdastjóri Omnom


THE PURSUIT OF VALIDATING COMPETENCIES FOR RETAILING AND WHOLESALING
Mats Johansson
Education and Competence Expert at Swedish Retail and Wholesale Council


ÉG UM MIG, FRÁ MÉR, TIL MÍN
Haukur Ingi Jónasson
Háskólakennari, ráðgjafi og sálgreinir


RÁÐSTEFNUSTJÓRI
Anna Steinsen
Eigandi og þjálfari hjá Kvan

Aðgangur er ókeypis
en skráning fer fram
á www.starfsmennt.is

STARFSMENNTASJÓÐUR
VERSLUNAR- OG SKRIFSTOFUFÓLKS

ÍSLENSKA SIA.IS ICE 88154 28.11.18




Stundirnar sem við verjum með fjölskyldunni og góðum vinum eru gleðistundir, hvort sem það er á ferðalagi um ókunn lönd eða í stofunni heima á jólum. Þær eru það verðmætasta sem við eigum og minningarnar munu ylja okkur um alla framtíð.




Gefðu frí um jólin með gjafabréfi Icelandair.

ICELANDAIR

# Bjóst ekki við því að spila einn daginn fyrir íslenska landsliðið

**Danero Thomas gæti leikið fyrsta heimaleik sinn fyrir íslenska landsliðið á morgun þegar Ísland mætir Belgíu. Hann segist vera afar stoltur og er spenntur að spila fyrir framan fjölskylduna.**



**Danero býst hér til að skjóta á æfingu landsliðsins í Valsheimilinu í gær.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

**KÖRFUBOLTI** Danero Thomas gæti leikið þriðja leik sinn fyrir íslenska landsliðið en þann fyrsta á heimavelli á fimmtudaginn þegar Ísland mætir Belgíu í Laugardalshöll. Íslenska liðið þarf nauðsynlega á sigri að halda í undankeppni EuroBasket 2021 þar sem Ísland er með Portúgal og Belgíu í riðli.

Danero fékk íslenskan ríkisborgararétt í sumar og lék fyrstu leiki sína fyrir landsliðið í æfingarleikjum gegn Noregi í haust. Vandræði með skráningu persónuupplýsinga Danero ollu því að hann gat ekki tekið þátt í leiknum gegn Portúgal ytra stuttu síðar en búið er að ganga frá því í samstarfi við FIBA.

Gæti hann því leikið fyrsta leik sinn í Laugardalshöll á fimmtudaginn verði hann valinn en þjálfarateymið þarf að velja á milli Danero eða Collins Pryor. Sjálfur kvaðst hann vera spenntur fyrir leiknum.

„Ég get ekki beðið, þetta verður skemmtilegur dagur fyrir mig og fjölskyldu mína sem verður í stúkunni. Ísland er annað heimili mitt og strákarnir hafa tekið mér opnum örmum. Ég get ekki beðið eftir leiknum.“

Aðspurður sagðist hann ekki hafa búist við því að leika einn daginn fyrir íslenska landsliðið þegar hann samdi við KR árið 2012. Hann samdi í sumar við Tindastól, sjöunda félag hans á Íslandi. „Ég bjóst ekki við því að spila einn daginn fyrir Ísland en ég reyni að njóta þess. Ég klæðist þessari treyju með stolti og reyni að njóta stundarinnar. Það undir mér komið að stýra tilfinningunum og einblína á það sem gerist inni á vellinum. Það gæti þó reynst erfitt að læra þjóðsönginn,“ sagði hann hlæjandi.

> **Ég klæðist þessari treyju með stolti og reyni að njóta stundarinnar.**
>
> Danero Thomas

„Ég nýt þess að spila og æfa með þessum strákum og ég er að læra heilmargt á hverjum degi.“

Danero á von á erfiðum leik gegn Belgíu en Ísland þarf að vinna leikinn enda fer aðeins eitt lið áfram á lokastig undankeppninnar.

„Það eru allir jákvæðir í hópnum, við mætum í þennan leik fullir sjálfstrausts og ef við gerum hlutina rétt getum við náð í góð úrslit. Þetta er stórleikur og við þurfum að vinna þennan leik. Það var svekkjandi að tapa í Portúgal en núna þurfum við að taka það sem við lærðum af því og vinna þennan leik til að bæta upp fyrir tapleikinn gegn Portúgal,“ sagði Danero.

Íslenska liðið saknar Martins Hermannssonar sem hefur verið í lykilhlutverki undanfarin ár.

„Þegar einn leikmaður dettur út verður sá næsti að stíga upp. Það eru margir reynslumiklir leikmenn í þessum hóp sem er lykilatriði og það er undir okkur komið að finna lausnir. Við munum reyna að spila af hörku og halda hraða í leiknum, belgíska liðið vill hægja á leiknum en það er undir okkur komið að nýta okkur það.“

**kristinnpall@frettabladid.is**

## Nýjast

### Meistaradeild Evrópu

**E-riðill**

**AEK Aþena - Ajax 0-2**
0-1 Dusan Tadic, víti (68.), 0-2 Tadic (72.).
**Rautt spjald:** Marko Livaja, AEK (67.).

**B. München - Benfica 5-1**
1-0 Arjen Robben (13.), 2-0 Robben (30.), 3-0 Robert Lewandowski (36.), 3-1 Gedson Fernandes (46.), 4-1 Lewandowski (51.), 5-1 Franck Ribéry (76.).

**Staðan:** B. München 13, Ajax 11, Benfica 4, AEK Aþena 0.

**F-riðill**

**Lyon - Man. City 2-2**
1-0 Maxwel Cornet (55.), 1-1 Aymeric Laporte (62.), 2-1 Cornet (81.), 2-2 Sergio Agüero (83.).

**Hoffenheim - Shakhtar 2-3**
0-1 Ismaily (14.), 0-2 Taison (15.), 1-2 Andrej Kramaric (17.), 2-2 Steven Zuber (40.), 2-3 Taison (90+3.).
**Rautt spjald:** Ádám Szalai, Hoffenheim (60.).

**Staðan:** Man. City 10, Lyon 7, Shakhtar 5, Hoffenheim 3.

**G-riðill**

**Roma - Real Madrid 0-2**
0-1 Gareth Bale (47.), 0-2 Lucas Vázquez (59.).

**CSKA Moskva - Plzen 1-2**
1-0 Nikola Vlasic, víti (10.), 1-1 Roman Procházka (56.), 1-2 Lukas Hejda (81.).

**Staðan:** Real Madrid 12, Roma 9, Plzen 4, CSKA Moskva 4.

**H-riðill**

**Man. Utd. - Young Boys 1-0**
1-0 Maraoune Fellaini (90+1.).

**Juventus - Valencia 1-0**
1-0 Mario Mandzukic (59.).

**Staðan:** Juventus 12, Man. Utd. 10, Valencia 5, Young Boys 1.



# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 28. nóvember 2018 | 44. tölublað | 12. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL






# Viðskiptalífið komið í biðstöðu

Birkir Hólm Guðnason, nýráðinn forstjóri Samskipa, segir viðskiptalífið í biðstöðu vegna komandi kjaraviðræðna. Birkir fer yfir umsvif og sóknartækifæri Samskipa og ræðir stöðuna á flugmarkaðinum. » 8-9

Þú þarft að búa þig undir að geta tekist á við sveiflur

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



»2
**Mörg stór mál eru enn óleyst**

Icelandair vill ekki að flugmenn WOW air verði á sama kjarasamningi og flugmenn Icelandair. Vaxandi óþreyju gætir á meðal eigenda flugvéla í rekstri WOW air. WOW hefur skoðað að selja lendingarstæði félagsins á Gatwick-flugvelli.

»4
**Fjárfestar binda vonir við útboð Heimavalla**

Hluthafar í Heimavöllum binda vonir við að fyrirhugað skuldabréfaútboð og endurfjármögnun auki tiltrú fjárfesta á félaginu. Rætt var um hvort leysa ætti félagið upp á hluthafafundi í sumar.

»10
**Aftur í vanda tíu árum eftir ríkisaðstoð**

Rótgrónir bílaframleiðendur þurfa að fjárfesta ríkulega til að svara kalli breyttra tíma. Þess er vænst að bílar verði í auknum mæli sjálfakandi í deilihagkerfinu, knúnir rafmagni. Þær fjárfestingar munu reyna verulega á fyrirtækin.





Guðmundur Kristjánsson, forstjóri HB Granda. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# HB Grandi fer yfir kvótaþakið með kaupunum á Ögurvík

Í kjölfar kaupa HB Granda á Ögurvík, sem Samkeppniseftirlitið samþykkti í síðustu viku, ræður fyrrnefnda félagið yfir 12,4 prósentum af heildarkvótanum, talið í þorskígildum, og er þannig komið yfir leyfilegt hámark sem er 12 prósent. Félagið fer með kaupunum einnig yfir 20 prósenta leyfilega hámarkið í ufsa.

**12,3**

**milljarðar króna er kaupverð HB Granda á Ögurvík**

Þetta kemur fram í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins vegna kaupanna sem birt var á vef eftirlitsins á mánudag.

Samkvæmt lögum um stjórn fiskveiða ber Fiskistofu að tilkynna fyrirtækjum ef aflaheimildir í þeirra eigu fara yfir kvótaþakið og er viðkomandi fyrirtækjum þá veittur sex mánaða frestur til þess að koma aflahlutdeild sinni niður fyrir mörkin.

Samkeppniseftirlitið lagði eins og áður sagði blessun sína yfir kaup HB Granda á Ögurvík með þeim rökum að samanlögð markaðshlutdeild félaganna væri einungis um 12 prósent.

Eftirlitið bendir þó á að það hafi jafnframt til skoðunar hvort kaup Útgerðarfélags Reykjavíkur, áður Brims, á ríflega þriðjungshlut í HB Granda, sem gengið var frá í apríl síðastliðnum, hafi falið í sér tilkynningarskyldan samruna í skilningi samkeppnislaga. Verði það niðurstaðan muni eftirlitið meta þau kaup sérstaklega og þá með hliðsjón af kaupum HB Granda á Ögurvík.

„Fyrir liggur að með slíkum samruna, sé um samruna að ræða, mun sameinað félag fara enn frekar yfir leyfileg hámörk í ufsa og heildarhlutfalli sem og einnig í karfa og grálúðu,“ segir í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins.

Kaupverð HB Granda á Ögurvík er 12,3 milljarðar króna en seljandi er Útgerðarfélag Reykjavíkur, í eigu Guðmundar Kristjánssonar, sem er jafnframt forstjóri og stærsti eigandi HB Granda. – kij

MARKAÐURINN
ÚTGÁFUFÉLAG 365 miðlar ehf., Kalkofnsvegi 2, 101 Reykjavík, sími 550 5000
Netfang ritstjorn@markadurinn.is | Sími 550 5000
Ritstjóri Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is
Ábyrgðarmaður Kristín Þorsteinsdóttir
Netfang auglýsingadeildar auglysingar@frettabladid.is Veffang frettabladid.is






Ekki liggur fyrir hvort verði af yfirtöku Icelandair á WOW air. Kaupin eru háð fjölmörgum skilyrðum, svo sem samþykki hluthafafundar Icelandair og Samkeppniseftirlitsins og niðurstöðu áreiðanleikakönnunar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Óþreyju gætir meðal leigusala WOW air

**Mörg mál standa enn út af í viðræðum Icelandair og WOW air. Stjórnendur Icelandair vilja ekki að flugmenn WOW air verði á sama kjarasamningi og flugmenn Icelandair. Vaxandi óþreyju gætir á meðal eigenda flugvéla í rekstri WOW air.**

Enn eru mörg stór mál óleyst í viðræðum Icelandair Group og WOW air sem leysa þarf úr til þess að yfirtaka fyrrnefnda félagsins á því síðarnefnda gangi eftir, samkvæmt heimildum Markaðarins. Auk þess að fá samþykki hluthafafundar Icelandair og Samkeppniseftirlitsins og niðurstöðu í áreiðanleikakönnun þurfa forsvarsmenn flugfélaganna að leita lausna í hinum ýmsu deilumálum sem út af standa.

Þannig hefur ekki enn fengist niðurstaða í það á samningafundum stjórnenda félaganna hvort krafa Icelandair um að forgangsréttarákvæði í samningum félagsins við Félag íslenskra atvinnuflugmanna (FÍA) muni ekki gilda hjá lággjaldaflugfélaginu í kjölfar kaupanna nái þau fram að ganga.

Félagsmenn í FÍA sem starfa hjá Icelandair hafa forgang í flugi á flugvélum í eigu félagsins og dótturfélaga. Með kaupum Icelandair á WOW air yrðu því flugmenn síðarnefnda félagsins, að öðru óbreyttu, á sama kjarasamningi og flugmenn Icelandair. Myndi þannig launakostnaður lággjaldaflugfélagsins hækka umtalsvert.

### Icelandair greiði 90 prósent

Þá herma heimildir Markaðarins að mikil óvissa sé um þau áform að greiða eigendum skuldabréfa WOW air höfuðstól bréfa sinna á gjalddaga, eftir þrjú ár, auk þóknunar sem nemur 20 prósentum af höfuðstólnum gegn því að kaupréttir þeirra í félaginu verði felldir niður. Í bréfi WOW air til skuldabréfaeigendanna, dagsettu 9. nóvember, kom fram að það væri skilyrði þess að yfirtaka Icelandair Group á félaginu nái fram að ganga að kaupréttirnir falli niður.

Viðmælandi Markaðarins, sem þekkir vel til stöðu mála, segir að gert hafi verið ráð fyrir að Icelandair standi undir 90 prósentum af greiðslunni og Skúli Mogensen, forstjóri og eini eigandi WOW air, greiði það sem upp á vantar með þeim hlutabréfum sem hann kann að eignast í sameinuðu félagi. Niðurstaða áreiðanleikakönnunar mun leiða í ljós hve stór hlutur það verður en hann getur rokkað á bilinu 1,8 til 6,6 prósent.

Í tilkynningu sem Icelandair sendi frá sér í gærmorgun kom fram að í kjölfar hluthafafundar sem boðaður er vegna kaupanna á WOW air á föstudag yrðu kynntar aðgerðir til þess að styrkja efnahagsreikning félagsins enn frekar. Um leið yrði lögð fram tillaga að breytingum á skilmálum bréfanna sem miðaði að því að ná fram „langtímalausn“ fyrir félagið og skuldabréfaeigendurna.

### Eftirlitið skoðar hvort sölutilraunir séu fullreyndar

Ummæli Skúla Mogensen, forstjóra og eina eiganda WOW air, um að forsvarsmenn flugfélagsins eigi í viðræðum við aðra fjárfesta en Icelandair Group um mögulega aðkomu að félaginu gætu dregið dilk á eftir sér. Þannig munu ummælin, sem komu fram í tölvupósti sem Skúli skrifaði starfsmönnum WOW air á mánudag, torvelda Icelandair og WOW air að sannfæra Samkeppniseftirlitið um að heimila beri kaupin á grundvelli reglunnar um félag á fallanda fæti.

Til þess að samkeppnisyfirvöld fallist á að beita reglunni þurfa félögin að sýna fram á, svo hafið sé yfir allan vafa, að engir raunhæfir möguleikar hafi verið á annarri sölu WOW air en til Icelandair Group.

Samkvæmt heimildum Markaðarins hefur Samkeppniseftirlitið nú til skoðunar hvort tilraunir til þess að selja WOW air til annarra en Icelandair Group hafi verið fullreyndar. Á fundum fulltrúa flugfélaganna með Samkeppniseftirlitinu í lok síðustu viku gerði eftirlitið athugasemdir við málatilbúnað félaganna að þessu leyti, eftir því sem blaðið kemst næst, en ein athugasemdin sneri að því að Skúli hefði aldrei sett WOW air í formlegt söluferli.

**8%**

**er lækkun á hlutabréfaverði Icelandair í vikunni.**

### Skoðað sölu lendingarstæða

Eins og Skúli rekur í bréfi sem hann skrifaði eigendum skuldabréfa flugfélagsins í gær hafa ýmsir þættir í rekstri og umhverfi félagsins þróast til verri vegar undanfarið sem hafi gert það að verkum að félagið þurfi nauðsynlega á fjármögnun að halda. Er það einkum bráður lausafjárvandi sem félagið hefur glímt við.

Vaxandi óþreyju gætir á meðal eigenda flugvéla sem eru í rekstri WOW air. Óttast leigusalarnir, sem eru aðallega félög sem sérhæfa sig í fjármögnun og útleigu flugvéla, að samruni flugfélagsins og Icelandair gangi ekki eftir og að WOW air takist ekki að standa í skilum um næstu mánaðamót – eftir að félagið hefur greitt starfsfólki sínu laun – með greiðslu afborgana. Eru leigusalarnir sagðir tilbúnir til að grípa til aðgerða ef það verður raunin, samkvæmt heimildum Markaðarins. Skúli tiltók sérstaklega í bréfinu til skuldabréfaeigenda að umræddir leigusalar (e. lessors) fylgdust náið með stöðu félagsins og krefðust nú strangari greiðsluskilmála en áður með tilheyrandi neikvæðum áhrifum á sjóðstreymi félagsins.

Í bréfinu greindi Skúli einnig frá því að flugfélagið hefði verið nálægt því að ganga frá samningi um sölu og endurleigu á flugvélum sem hefði tryggt félaginu innspýtingu upp á 25 milljónir dala, jafnvirði um þriggja milljarða króna. Hins vegar hefði verið hætt við þau áform.

Flugfélagið leitar um þessar mundir allra leiða til þess að bæta lausafjárstöðu sína og kannar í því sambandi ýmsa kosti. Samkvæmt heimildum blaðsins hefur félagið meðal annars skoðað þann möguleika að selja lendingarstæði sín á Gatwick-flugvellinum í nágrenni Lundúna. Eru stæðin með þeim verðmætustu í eigu WOW air en ekki liggur þó fyrir hvað félagið getur fengið fyrir þau.

### Gæti þýtt 3 prósenta samdrátt

Eins og greint var frá í Markaðinum í síðasta mánuði gæti gjaldþrot WOW air þýtt að landsframleiðsla drægist saman um tvö til þrjú prósent og gengi krónunnar veiktist um allt að 13 prósent á næsta ári samkvæmt sviðsmyndagreiningu sem stjórnvöld unnu í lok sumars vegna mögulegra áfalla í rekstri flugfélagsins.

Í grunnsviðsmynd greiningarinnar var gert ráð fyrir því að fall WOW air gæti leitt til þess að útflutningur drægist saman um tíu prósent á næsta ári, verðbólga hækkaði á sama ári um þrjú prósentustig og um 1.400 manns bættust á atvinnuleysisskrá.

hordur@frettabladid.is,
kristinningi@frettabladid.is

# BESTU LÚXUSJEPPARNIR ERU FRÁ VOLVO

### VOLVO XC60 AWD

## HEIMSBÍLL ÁRSINS 2018

Volvo XC60 AWD er sannarlega einstakur bíll. Hann var valinn heimsbíll ársins 2018 af World Car Awards og öruggasti bíllinn hjá Euro NCAP árekstrarprófunarstofnuninni. Hann var einnig valinn jeppi ársins 2018 af Bandalagi íslenskra bílablaðamanna og hefur hlotið fjölda annarra verðlauna.
Volvo XC60 AWD er skandinavísk nútímahönnun að innan og utan og sænsk gæðaframleiðsla beint frá Gautaborg sem byggð er á náttúrulegum gæðaefnum sem gera hverja ökuferð að einstakri upplifun.

XC60 AWD dísil verð frá: 7.290.000 kr.
XC60 AWD T8 tengitvinn verð frá: 8.890.000 kr.

### VOLVO XC90 AWD

## MARGVERÐLAUNAÐUR LÚXUSJEPPI

Volvo XC90 AWD hefur verið hlaðinn lofi frá því hann kom fyrst á markað sem endurspeglast í meira en 65 alþjóðlegum verðlaunum. Hann var kynntur sumarið 2015 á Íslandi og valinn Bíll ársins á Íslandi 2016 og skömmu síðar Jeppi ársins í Bandaríkjunum. Honum hefur hlotnast fjöldi annarra verðlauna m.a. öruggasti bíllinn og öruggasti stóri jeppinn af Euro NCAP og hlaut Top Safety Pick af Bandarísku umferðaröryggis-stofnuninni (IIHS).
Volvo XC90 AWD er skandinavískur lúxus beint frá Gautaborg hlaðinn búnaði og þægindum.

XC90 AWD dísil verð frá: 8.990.000 kr.
XC90 AWD T8 tengitvinn verð frá: 10.190.000 kr.

### VOLVO XC40 AWD

## BÍLL ÁRSINS Í EVRÓPU 2018

Það eru breyttir tímar.
Meira er ekki lengur allt.
Volvo XC40 AWD hefur allt sem þú þarft.
Engu er ofaukið. Framúrstefnuleg hönnunin og nýstárleg tæknin gera þennan jeppa alveg einstakan. Svo einstakan að hann var valinn Bíll ársins í Evrópu 2018 og að auki fékk hann fimm stjörnur í árekstraprófunum Euro NCAP.
Skandinavískur lúxus í nýstárlegum búningi.

XC40 AWD dísil verð frá: 6.290.000 kr.
XC40 AWD bensín verð frá: 6.690.000 kr.



MADE BY SWEDEN

**Komdu og skoðaðu þessa frábæru verðlaunajeppa í nýjum glæsilegum sýningarsal Volvo að Bíldshöfða 6**

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

volvocars.is

# Vonir bundnar við útboð Heimavalla

Hluthafar í Heimavöllum binda vonir við að fyrirhugað skuldabréfaútboð og endurfjármögnun leigufélagsins auki tiltrú fjárfesta á félaginu. Stefnt er að því að halda útboðið á næstu dögum eða vikum. Rætt var um hvort leysa ætti félagið upp á hluthafafundi í sumar.

Kristinn Ingi Jónsson
kristinningi@frettabladid.is



Heimavellir stefna að því að efna til útboðs á skuldabréfum á næstu dögum eða vikum, samkvæmt heimildum Markaðarins, í því augnamiði að endurfjármagna langtímaskuldir leigufélagsins á hagstæðari kjörum.

Upphaflega var gert ráð fyrir að bréfin yrðu gefin út og boðin fjárfestum, þar á meðal stærstu lífeyrissjóðum landsins, til kaups í síðasta mánuði en útboðinu var hins vegar frestað, meðal annars vegna erfiðra markaðsaðstæðna, eftir því sem Markaðurinn kemst næst. Er nú fastlega búist við því að skuldabréfaútboðið, sem verður í umsjón fjárfestingarbankasviðs Arion banka, verði haldið í næsta mánuði.

Guðbrandur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Heimavalla, vildi ekki tjá sig um málið í samtali við Markaðinn.

**Binda vonir við útboðið**

Viðmælendur blaðsins á fjármálamarkaði telja það miklu máli skipta fyrir framtíð Heimavalla, sem er stærsta leigufélag landsins með um 2.000 leiguíbúðir í rekstri, að skuldabréfaútboðið heppnist vel og félaginu takist að lækka þunga vaxtabyrði sína.

Í nýlegri greiningu Capacent var til að mynda bent á að hrein fjármagnsgjöld Heimavalla hefðu verið hærri en rekstrarhagnaður félagsins fyrir matsbreytingu, jafnvel þótt söluhagnaði væri bætt við, samkvæmt uppgjöri félagsins fyrir fyrri helming ársins. Fjárfestingar leigufélagsins og afborganir þess af lánum væru háðar nýjum lánum eða auknu eigin fé.

Vaxtakjör Heimavalla eru um 4,4 prósent að meðaltali á verðtryggðum langtímalánum og hafa forsvarsmenn félagsins sagt að um tíu punkta lækkun á meðalvaxtakostnaði feli í sér um 35 milljóna króna sparnað.

Til samanburðar tók Almenna leigufélagið tilboðum í tvo verðtryggða skuldabréfaflokka félagsins á ávöxtunarkröfunni 3,3 prósent annars vegar og 3,7 prósent hins vegar í útboði sem félagið efndi til fyrir um tveimur vikum. Vaxtakjörin í skuldabréfaútgáfum fasteignafélaganna Eikar, Regins og Reita hafa jafnframt verið á bilinu 3,2 til 3,6 prósent undanfarið ár.

Það kom skýrt fram í máli stjórnenda Heimavalla í aðdraganda hlutafjárútboðs félagsins í maí að skráning á markað væri ekki síst hugsuð til þess að styrkja stöðu félagsins til þess að ná betri kjörum á fjármagnsmarkaði.

Á meðal þeirra lána sem Heimavellir hyggjast endurfjármagna eru leiguíbúðalán upp á 18,6 milljarða króna sem Íbúðalánasjóður hefur veitt leigufélaginu. Lánin, sem bera 4,6 prósenta meðalvexti, eru meðal annars bundin því skilyrði að lántakinn má ekki greiða út arð til hluthafa en stefna Heimavalla til framtíðar er að greiða út arð með reglubundnum hætti.

Einn viðmælandi Markaðarins nefnir að „sóknarfæri“ séu fólgin í því fyrir Heimavelli – nú þegar slakað hefur verið á innflæðishöftunum – að sækja fjármagn til erlendra fjárfesta. Búast megi við auknu erlendu innflæði inn á skuldabréfamarkaðinn, þá ekki síst á markaðinn fyrir fyrirtækjaskuldabréf, og Heimavellir, sem og önnur íslensk fasteignafélög, geti notið góðs af því.

Heimavellir gengu sem kunnugt er frá um þriggja milljarða króna lánasamningi við sjóð í stýringu bandaríska sjóðastýringarfyrirtækisins Eaton Vance Management í mars fyrr á þessu ári og lagði sjóðurinn félaginu um leið til um 300 milljónir króna í nýtt hlutafé.




Guðbrandur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Heimavalla, og Páll Harðarson, forstjóri Kauphallarinnar. Heimavellir voru skráðir á hlutabréfamarkað í lok maí í ár en um er að ræða fyrsta íbúðaleigufélagið sem fer á markað. Útboðsgengið var 1,39 krónur á hlut og nemur verðlækkun hlutabréfanna frá skráningu um 18 prósentum. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

**Þróun hlutabréfaverðs í Heimavöllum frá skráningu**




**18%** er lækkun á markaðsvirði Heimavalla frá því í maímánuði síðastliðnum.

**4,4%** eru meðalvextir á langtímalánum Heimavalla.

**Markaðsvirðið lækkað um fimmtung**

Hlutabréf í Heimavöllum hafa lækkað um 18 prósent í verði eftir að félagið var skráð á markað. Sé litið til síðasta eina og hálfa ársins hefur markaðsverðmæti félagsins rýrnað um meira en fimmtung. Gengi bréfanna stóð í 1,13 krónum á hlut við lokun markaða í gær en til samanburðar gengu bréf í félaginu kaupum og sölum meðal annars á genginu 1,6 til 1,8 á árinu 2017 þegar margir núverandi hluthafar keyptu sig fyrst inn í félagið. Hafa þær fjárfestingar skilað ríflegri neikvæðri ávöxtun miðað við núverandi gengi hlutabréfanna.

Tryggingafélögin Sjóvá og VÍS voru á meðal þeirra hluthafa í Heimavöllum sem þurftu að færa niður eignarhluti sína í leigufélaginu um meira en hundrað milljónir króna þegar félagið var skráð á markað í sumar. Sem dæmi bókfærði Sjóvá hlut sinn á genginu 1,55 fyrir skráningu og nam niðurfærslan hjá félaginu um 160 milljónum króna á meðan VÍS færði sinn hlut niður um tæpar 200 milljónir króna. Niðurfærslan var minni hjá TM enda fer félagið ekki með eins stóran hlut í félaginu.

Mikil lækkun á hlutabréfaverði Heimavalla undanfarna mánuði hefur gert það að verkum að bókfært virði eigin fjár félagsins hefur haldist umtalsvert hærra en markaðsvirði þess. Nemur munurinn um sex milljörðum króna miðað við bókfært virði eigin fjár Heimavalla í lok septembermánaðar, sem var rúmir 18,7 milljarðar króna, og núverandi markaðsvirði félagsins, um 12,7 milljarðar króna.

Heimildir Markaðarins herma að í kjölfar skráningar leigufélagsins á markað síðasta sumar hafi það komið til tals á meðal hluthafa hvort réttast væri – í ljósi áðurnefndrar stöðu – að leysa félagið upp og selja eignir þess. Var sá möguleiki meðal annars ræddur á hluthafafundi Heimavalla snemmsumars.

Nokkrir hluthafar lýstu á þeim tíma vilja til þess að skoða þann kost gaumgæfilega en aðrir vildu bíða og sjá hvernig reksturinn og hlutabréfaverðið þróaðist. Bundu þeir í því sambandi sérstaklega vonir við að hagstæð endurfjármögnun félagsins yrði til þess fallin að auka tiltrú fjárfesta á félaginu.

**Birta bætir við sig**

Ýmsar breytingar hafa orðið á hluthafahópi Heimavalla undanfarið. Þannig hefur Birta lífeyrissjóður bætt nokkuð við sig og er nú fimmti stærsti hluthafi félagsins með um 5,5 prósenta hlut en sjóðurinn átti um 2,9 prósenta hlut í kjölfar skráningar leigufélagsins í lok maí. Lífsverk lífeyrissjóður hefur haldið áfram að minnka við sig og er nú ekki lengur á lista yfir stærstu hluthafa Heimavalla. Sjóðurinn átti um 1,5 prósenta hlut í leigufélaginu í síðasta mánuði og um 2,4 prósent síðasta sumar. Þá hafa nokkrir einkafjárfestar í hluthafahópnum fært hluti sína í félaginu í fjármögnun til bankanna, einkum Landsbankans.

## Sjóður Landsbréfa í hóp stærstu hluthafa Kviku

Hlutabréfasjóður í stýringu sjóðastýringarfyrirtækisins Landsbréfa, dótturfélags Landsbankans, er kominn í hóp stærstu hluthafa Kviku banka með ríflega 1,3 prósenta hlut. Miðað við núverandi gengi hlutabréfa í fjárfestingarbankanum er hluturinn metinn á um 210 milljónir króna.

Samkvæmt nýjum lista yfir stærstu hluthafa Kviku, dagsettum 26. nóvember, er umræddur sjóður, Landsbréf – Úrvalsbréf, tuttugasti stærsti hluthafi bankans með 1,32 prósenta hlut.

Sjóðurinn er þannig þriðji verðbréfasjóðurinn til þess að komast í hóp tuttugu stærstu hluthafa Kviku en hinir sjóðirnir tveir eru í stýringu sjóðastýringarfyrirtækisins Akta. Akta HS1 fer með um 2,2 prósenta hlut í bankanum og Akta HL1 um 1,4 prósenta hlut en báðir sjóðirnir eru fagfjárfestasjóðir.

Úrvalsbréf er næststærsti hlutabréfasjóður landsins með um sjö milljarða króna í stýringu en á meðal helstu eigna sjóðsins er 1,7 milljarða króna hlutur í Marel og 810 milljóna króna hlutur í Icelandair Group.

Gengi hlutabréfa í Kviku hefur hækkað um liðlega 14 prósent í verði undanfarinn mánuð og hefur aldrei verið hærra frá því hann var skráður á First North markaðinn í mars síðastliðnum. Gengið stóð í 8,65 krónum á hlut við lokun markaða í gær en til samanburðar var gengið í kringum 7,9 krónur á hlut í lok fyrsta viðskiptadags í Kauphöllinni í mars. – kij

**210** milljónir króna er markaðsvirði eignarhlutar sjóðsins Landsbréfa – Úrvalsbréfa í Kviku.

## Verðmatið 73 prósentum hærra

Gengi hlutabréfa í fjarskiptafélaginu Sýn er metið rúmlega 70 prósentum hærra en gengi bréfanna við lokun markaða í gær samkvæmt nýju verðmati IFS sem Markaðurinn hefur undir höndum.

Greinendur IFS verðleggja Sýn á 23,9 milljarða en núverandi markaðsvirði þess er 13,8 milljarðar. Þannig eigi gengið að vera 80,8 krónur á hlut, samkvæmt verðmatinu, en það stóð í 46,6 krónum eftir lokun markaðarins í gær. Þá geti gengið farið í 91,2 krónur eftir 12 mánuði sem samsvarar 95,7 prósenta hækkun frá núverandi gengi.

„Þrátt fyrir að taka áætlun stjórnenda um arðsemi næstu ár með umtalsverði varúð þykir okkur hlutabréf í félaginu áhugaverður fjárfestingarkostur út frá langtímahorfum á núverandi markaðsverði.“

Skilgreindur einskiptiskostnaður á þriðja fjórðungi vegna samruna 365 miðla við Vodafone reyndist nema aðeins sex milljónum, samanborið við 115 milljónir á fyrsta ársfjórðungi og 30 milljónir á öðrum. „Bendir þetta til að félagið sé að komast í gegnum mesta skaflinn hvað kostnað snertir vegna samrunavinnunnar,“ segir í greiningunni. – tfh



Stefán Sigurðsson, forstjóri Sýnar.

# HB HÚSGAGNABANKINN

## RÝMINGARSALA VEGNA FLUTNINGA

**Skoðið úrvalið í vefverslun okkar - www.husgagnabankinn.is**



RUBELLI hægindastóll
Í sterku áklæði
Tilboð kr. 49.000



Victorian teborð
Tilboð kr. 32.000



Chippendale innskotsborð
Tilboð kr. 36.000



Victorian innskotsborð
Tilboð kr. 34.000



Colonial blaðgrindarborð
Tilboð kr. 24.000



Victorian snyrtiborð
100 x 35 sm - h. 140 sm
Tilboð kr. 89.000



Bow Fronted 180 x 50 x 210 sm
Tilboð kr. 173.000



SÓFABORÐ 110 x 70 x 46 sm
Tilboð kr. 59.000



Hornskápur
Tilboð kr. 66.000



Hornskápur
Tilboð kr. 73.000



Vínskenkur
112 x 49 sm - h. 66 sm
Tilboð kr. 76.000



Vanessa skenkur
120 x 50 sm h. 92 sm
Tilboð kr. 79.000



SJÓNVARPSSKÁPUR
121 x 46 x 66 sm
Tilboð kr. 68.000



SJÓNVARPSSKÁPUR
135 x 45 x 55 sm
Tilboð kr. 68.000



Queen Anne skenkur
114 x 44,5 sm h. 86 sm
Tilboð kr. 79.000



BENNETT Belgískt áklæði
Tilboð kr. 224.000



PORTLAND Paloma leður
Tilboð kr. 311.000



GEORGE Belgískt áklæði
Tilboð kr. 269.000



Chippendale kommóða
80 x 50 sm h. 90 sm
Tilboð kr. 69.000

Nýkomin sending af glæsilegum harðviðarhúsgögnum - Opið 13 - 18 virka daga

**www.husgagnabankinn.is - Faxafen 10, 108 Reykjavík - s. 511 0030**

# Reykjavík ryður brautina fyrir græn bréf

**Framkvæmdastjóri hjá Fossum segir að með því að gefa út græn skuldabréf sendi útgefandinn skýr skilaboð til starfsmanna, fjárfesta og samfélagsins í heild um að hann vilji stuðla að umhverfisvernd og sé meðvitaður um þá miklu áhættu sem fylgi loftslagsbreytingum.**

Helgi Vífill Júlíusson
helgivifill@frettabladid.is



Reykjavíkurborg hefur ákveðið að ráðast í útgáfu grænna skuldabréfa. Það verður í fyrsta skipti sem slík bréf verða gefin út í íslenskum krónum. Stefnt er að útgáfu allt að 4,1 milljarðs króna.

„Það er mikilvægt að sterkur aðili sem gefur reglulega út skuldabréf ryðji brautina fyrir græn skuldabréf á íslenska markaðnum,“ segir Andri Guðmundsson, framkvæmdastjóri fyrirtækjaráðgjafar Fossa markaða. Áður hafi Landsvirkjun gefið út græn skuldabréf í dollurum sem seld voru fagfjárfestum í Bandaríkjunum og því bendir hann á að íslenskir fjárfestar hafi ekki fengið tækifæri til að fjárfesta í þeim bréfum. Græn skuldabréf séu gefin út til að fjármagna umhverfisvæn verkefni, ekki síst þau sem draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.

**Skýr skilaboð**

Andri segir að með því að gefa út græn skuldabréf sendi útgefandinn skýr skilaboð til starfsmanna, fjárfesta og samfélagsins í heild um að hann vilji stuðla að umhverfisvernd og sé meðvitaður um þá miklu áhættu sem fylgi loftslagsbreytingum. Með útgáfu grænna skuldabréfa setja útgefendur og fjárfestar þessi grænu verkefni í forgang.

**Aukið samstarf innanhúss**

En útgáfa grænna skuldabréfa hefur fleiri kosti í för með sér, að mati Andra. „Útgefendur nefna jafnan að útgáfan auki samstarf innanhúss og ólík svið sem annars myndu aðeins hittast á árshátíðinni þurfi nú að vinna saman. Umhverfissvið og fjármálasvið þurfa meðal annars að vinna saman, ekki bara við undirbúning útgáfunnar heldur líka til framtíðar þar sem fjárfestar gera síaukna kröfu um upplýsingagjöf hvað varðar jákvæð áhrif þessara grænu verkefna,“ segir hann

Rekja má sögu grænna skuldabréfa ellefu ár aftur í tímann. Alþjóðabankinn gaf út fyrstu grænu skuldabréfin árið 2007. „Segja má að markaðurinn hafi síðan farið af stað af fullum krafti árið 2013,“ segir Andri. Það ár gaf í fyrsta skipti fyrirtæki og sveitarfélag út græn skuldabréf. Um var að ræða stærsta fasteignafélag Norðurlanda, Vasakronan, og Gautaborg í Svíþjóð.

**Franska ríkið stærst**

„Franska ríkið gaf svo út stærstu grænu ríkisskuldabréfaútgáfuna árið 2017. Í Frakklandi var sterkur pólitískur vilji til að ráðast í slíka útgáfu en útgáfan, sem var sjö milljarðar evra, var mjög vel heppnuð og mikil umframeftirspurn í útboðinu,“ segir hann. Önnur lönd sem farið hafi þessa leið séu til dæmis Írland og Pólland.

„Það er bara tímaspursmál hvenær íslenska ríkið gefur út græn skuldabréf,“ segir Andri og nefnir að það myndi gefa gott fordæmi ef íslenska ríkið væri á meðal fyrstu ríkja heims í að gefa út slík bréf. Hann bendir á að íslensk stjórnvöld séu með metnaðarfulla aðgerðaáætlun varðandi loftslagsmál og því væri útgáfa grænna skuldabréfa rökrétt framhald af þeirri vinnu.

„Parísarsamkomulagið og önnur samvinna þjóða um aðgerðir gegn loftslagsbreytingum hefur drifið áfram þennan markað,“ segir hann.

Sá staðall sem mest er unnið eftir varðandi græn skuldabréf ber nafnið Green Bond Principles. Skuldabréf Landsvirkjunar og Reykjavíkurborgar byggja á honum. „Markaðurinn er í sífelldri þróun og staðallinn er aðlagaður að þróun og lærdómi markaðarins. Svo sjáum við skýrt að útgefendur sjálfir setja sér metnaðarfyllri og metnaðarfyllri markmið, bæði hvað varðar áhrif verkefna og skýrslugjöf til fjárfesta,“ segir Andri.

**Fimm skref**

Til að uppfylla staðalinn þarf að stiga fimm skref, segir Andri. Í fyrsta lagi þurfi útgefendur að skilgreina hvað séu græn verkefni. Reykjavíkurborg hyggst með útgáfu skuldabréfsins meðal annars fjármagna bætta orkunýtingu, borgarlínu, hjólastíga og vistvænar byggingar. Í öðru lagi þurfi að setja saman valferli sem síi út hvað séu græn verkefni á vegum útgefandans og hvað ekki.

Í þriðja lagi þurfi að halda sérstaklega utan um fjármagnið sem aflað var með útgáfunni. Flestir leggi peninginn á sérstakan reikning og sýni í bókhaldinu að fjármagnið hafi runnið í viðkomandi verkefni. Í fjórða lagi sé skýrslugjöf til fjárfesta. Einu sinni á ári, samkvæmt skilyrði í skuldabréfinu, þurfi að upplýsa fjárfesta um hve miklu fé var varið í tiltekin verkefni. Nú sé gerð krafa um að áætla þurfi hve mikið hafi verið dregið úr losun gróðurhúsalofttegunda með því að forgangsraða verkefnum með þessum hætti. Í fimmta lagi fái flestir vottun frá utanaðkomandi aðila um að skuldabréfið fylgi reglum Green Bonds Principles.



Andri Guðmundsson, framkvæmdastjóri fyrirtækjaráðgjafar Fossa markaða, og Mats Andersson, fyrrverandi forstjóri sænska ríkislífeyrissjóðsins AP4 og sérfræðingur í grænum skuldabréfum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**Árleg útgáfa grænna skuldabréfa** í milljörðum dollara




Heimild: Fossar markaðir

> **Það er bara tímaspursmál hvenær íslenska ríkið gefur út græn skuldabréf.**

> **Parísarsamkomulagið og önnur samvinna þjóða um aðgerðir gegn loftslagsbreytingum hefur drifið áfram þennan markað.**
>
> Andri Guðmundsson, Fossar markaðir.

## Loftslagsbreytingum fylgir áhætta fyrir fjárfesta

Fossar markaðir fengu Mats Andersson, fyrrverandi forstjóra sænska ríkislífeyrissjóðsins AP4, til landsins til að ræða við fjárfesta og stjórnvöld. Andersson fór jafnframt fyrir nefnd á vegum sænska fjármálaráðuneytisins um hvernig megi efla markaðinn með græn skuldabréf og starfar nú sem ráðgjafi franskra stjórnvalda í tengslum við áðurnefnda græna útgáfu franska ríkisins. Á meðal þess sem hann fjallaði um voru áhrif loftslagsbreytinga á fjárfesta næstu áratugi og hvernig fjárfestar geta brugðist við þeirri áhættu með því að beina fjárfestingum sínum í græna útgefendur hluta- og skuldabréfa.




# Tilbúinn að auka fjárfestinguna um 28 milljarða

Björgólfur Thor Björgólfsson fjárfestir er reiðubúinn að fjárfesta í Sile fyrir 220 milljónir Bandaríkjadala til viðbótar, jafnvirði tæplega 28 milljarða króna.

Þetta segir Björgólfur í viðtali við síleska fjölmiðilinn Latercera en hann er eigandi símafyrirtækisins WOM í gegnum fjárfestingarfélag sitt Novator. „Við höfum fjárfest fyrir 780 milljónir dala og erum tilbúin að hækka upphæðina í einn milljarð dala en það veltur á því hvernig þróunin verður á 5G.“

Björgólfur segir að WOM sé arðbært og spurður hvort til greina komi að skrá símafyrirtækið á markað í framtíðinni svarar hann játandi. „Þegar fyrirtækið er tilbúið til þess verður það góð hugmynd. Hlutabréfamarkaðurinn í Síle virkar vel og við viljum taka þátt í honum í framtíðinni,“ svarar Björgólfur.

Þá segir Björgólfur að hann horfi til þess að fjárfesta í öðrum löndum í Suður-Ameríku. „Við vorum nýverið í Brasilíu og Argentínu þar sem við hittum fyrirtæki sem reka netverslanir. Það eru gríðarmikil tækifæri í netverslun í Suður-Ameríku.“ – tfh



Björgólfur Thor vill fjárfesta meira í Suður-Ameríku. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> **Björgólfur byggði WOM á grunni fjarskiptafyrirtækisins Nextel sem hann keypti árið 2015.**

# KAUPTU NÝJAN OPEL
## OG FÁÐU RISAJÓLAGLAÐNING Í KAUPAUKA

Risakaupauki fylgir **öllum nýjum Opel-bílum** út desember

**520.000 kr.**
Risakaupauki fylgir
Gjafabréf 200.000 kr. – Afsláttur 200.000 kr.
Toyo vetrardekk að verðmæti 120.000 kr.

Kynntu þér **Opel Crossland X**
betur á **crossland.opel.is**



**Opel Crossland X**
er öruggasti bíllinn árið 2017
í sínum flokki, samkvæmt
EURO NCAP.

### Opel Crossland X
Verð frá 3.190.000 kr.
Tilboðsverð með afslætti
frá **2.990.000 kr.**

**650.000 kr.**
Risakaupauki fylgir
Gjafabréf 300.000 kr. – Afsláttur 200.000 kr.
Toyo vetrardekk að verðmæti 150.000 kr.

Kynntu þér **Opel Grandland X**
betur á **grandland.opel.is**



5 ára ábyrgð
Þýsk gæði
Þýsk hönnun
Þýsk hagkvæmni

### Opel Grandland X
Verð frá 4.190.000 kr.
Tilboðsverð með afslætti
frá **3.990.000 kr.**

**Þýsk desembergleði Opel**
verður haldin laugardaginn 1. desember
milli 12–16 í nýjum höfuðstöðvum
Opel að Krókhálsi 9 og þér er boðið.

THE FUTURE IS EVERYONE'S

**Komdu við hjá okkur í nýjum sýningarsal Opel að Krókhálsi 9.**

**Sýningarsalir**
**Krókháls 9**, Reykjavík, 590 2000
**Njarðarbraut 9**, Reykjanesbæ, 420 3330

**Opnunartímar**
Virka daga 9–18
Laugardaga 12–16

Bílabúð Benna

Birt með fyrirvara um mynda- og textabrengl.

Pipar\TBWA \ SÍA



# Samskip umsvifameiri en flesta grunar

**Birkir Hólm Guðnason, forstjóri Samskipa, segir mikil sóknartækifæri með nýju leiðakerfi félagsins. Samskip ætli að auka hlutdeild í útflutningi á ferskum afurðum. Viðskiptalífið sé hins vegar í biðstöðu vegna komandi kjaraviðræðna.**

Þorsteinn Friðrik Halldórsson
tfh@frettabladid.is



Ég held að fáir Íslendingar átti sig á því hversu stór Samskip eru erlendis og hversu umfangsmikið flutningakerfi fyrirtækið hefur byggt upp gegnum árin," segir Birkir Hólm Guðnason, nýr forstjóri Samskipa á Íslandi, í ýtarlegu viðtali við Markaðinn en hann hafði áður starfað í flugbransanum í átján ár og þar af níu ár sem framkvæmdastjóri Icelandair. Hann fer yfir aðgerðir Samskipa sem miða að því að auka hlutdeild sína í útflutningi íslenskra sjávarafurða, biðstöðuna í viðskiptalífinu sem hefur myndast í aðdraganda komandi kjaraviðræðna og horfur á flugmarkaðinum.

Samskip eru umsvifamikil í flutningum á Íslandi en umsvifin eru þó margfalt meiri þegar litið er til starfseminnar á heimsvísu. Þau byggja á fjölþátta flutningskerfi þar sem vörur eru fluttar á sjó, með lestum, á vegum og prömmum. Í október kynntu Samskip á Íslandi stórfelldar breytingar á siglingaleiðum sínum sem fela í sér að í stað þess að sigla á tveimur leiðum verður siglt á þremur. Norðurleið og Suðurleið fara til Evrópu og Strandleið þjónar millilandaflutningum frá höfnum á Norður- og Austurlandi um Færeyjar til Evrópu. Við þessar breytingar bætist eitt skip í flotann.

*Hvers vegna var ákveðið að ráðast í þessar breytingar og hvaða ávinningi skila þær?*

„Samskip ákváðu að ráðast í þessar breytingar til þess að sinna betur þörfum viðskiptavina, bæði í innflutningi og útflutningi. Í innflutningi skila þær sér sérstaklega í bættri þjónustu við innflytjendur ferskra afurða. Við afhendum vörur í Reykjavík á mánudögum og þriðjudögum, degi fyrr, sem auðveldar fyrirtækjum að koma vörum í verslanirnar fyrir helgina," segir Birkir. Hann bætir við að nýja siglingakerfið stytti flutningstímann á milli meginlands Evrópu og Íslands, og auki getu til að takast á við frávik vegna veðurs eða seinkana í erlendum höfnum.

**Það er sameiginlegt hagsmunamál atvinnulífsins og annarra að kjaraviðræðurnar leiði til stöðugleika.**

Birkir Hólm Guðnason

„Breytingarnar skila sér einnig í bættri þjónustu fyrir útflytjendur á ferskum fiski þar sem nýir brottfarardagar tryggja afhendingu inn á Bretlandsmarkað og á meginland Evrópu á sunnudögum og mánudögum. Þannig er hægt að koma ferskum fiski á markað á mánudegi."

Nýja siglingakerfinu er meðal annars ætlað að auka hlutdeild í útflutningi á sjávarafurðum og endurspeglast sú áhersla í nýlegu samstarfi Samskipa og fiskeldisfyrirtækisins Arnarlax. Samskip munu annast útflutning á afurðum Arnarlax frá Bíldudal og innflutning

## Samskip í hnotskurn

Samskip hafa byggt upp víðfeðmt flutningakerfi sem teygir anga sína víða. Fyrirtækið er í 72. sæti yfir stærstu skipafélögin samkvæmt vefsíðunni Alphaliner sem skráir umsvif hundrað stærstu skipafélaganna. Á Íslandi starfa um fimm hundruð manns hjá Samskipum en hjá móðurfélaginu, sem hefur höfuðstöðvar í Rotterdam, starfa um fimmtán hundruð manns.

**65** skrifstofur í 26 löndum í Evrópu

**668** milljóna evra velta árið 2017

**1.670** starfsmenn

**20** gáma- og frystiskip

**750** flutningabílar



# Fólk

Heimili

MIÐVIKUDAGUR 28. NÓVEMBER 2018





Hluti starfsfólks Minjastofnunar í Reykjavík. Frá vinstri: Sólrún Inga Traustadóttir, fornleifafræðingur og verkefnisstjóri, Ásta Hermannsdóttir, fornleifafræðingur og verkefnisstjóri, Þór Hjaltalín, minjavörður Reykjaness, María Gísladóttir, arkitekt og verkefnisstjóri, og dr. Kristín Huld Sigurðardóttir. MYND/SIGTRYGGUR ARI

Mágkonurnar Áslaug S. Árnadóttir og Arnlaug Borgþórsdóttir framleiða myndskreyttar vörur úr postulíni undir vörumerkinu Lauga & Lauga. ➜6

# Væntumþykja og virðing fyrir sögunni

Minjastofnun Íslands er vakin og sofin yfir fornleifum Íslendinga og leggur landsmönnum lið við að vernda gömul hús og mannvirki. Umsóknarfrestur fyrir árlega styrki úr húsafriðunarsjóði rennur út 1. desember.

Allar jarðfastar mannvistarleifar sem náð hafa 100 ára aldri teljast til fornleifa," segir dr. Kristín Huld Sigurðardóttir, forstöðukona Minjastofnunar Íslands.

Með jarðföstum mannvistarleifum er átt við allt sem menn hafa notað og staði sem mannaverk eru á, allt frá álagablettum til kirkjugarða.

„Allar fornleifar, hús og mannvirki, sem eru 100 ára eða eldri, eru friðuð samkvæmt lögum og má ekki hreyfa við þeim án heimildar Minjastofnunar. Friðlýsing er hins vegar sterkari vernd en friðun og hægt að friðlýsa hús og yngri minjar en 100 ára, jafnt sem þau sem eldri eru. Í dag eru friðlýst hús og mannvirki um 530 talsins og friðlýstar fornleifar ná yfir 855 minjastaði en hver minjastaður getur innihaldið eina eða fleiri fornleifar," útskýrir Kristín Huld.

Menningarminjar eru friðlýstar af ýmsum ástæðum og oft að frumkvæði Minjastofnunar en einnig eru mörg dæmi þess að eigendur húsa og jarða hafi óskað eftir friðlýsingu.

„Minjastofnun gerir tillögu til mennta- og menningarmálaráðherra um friðlýsingu fornleifa, húsa og mannvirkja en sjálf friðlýsingin er ákvörðun ráðherra," upplýsir Kristín Huld.

Meðal verkefna starfsmanna Minjastofnunar eru umsagnir vegna skipulagsmála og leyfisveitingar til fornleifarannsókna og eftirlit með þeim.

„Einungis fornleifafræðingar geta sótt um leyfi til fornleifarannsókna. Áður en farið er í jarðrask vegna framkvæmda er nauðsynlegt að skráning á fornleifum, húsum og mannvirkjum hafi farið fram á umræddu svæði svo minjar sem þar kunna að finnast verði ekki fyrir skemmdum. Gott er að hafa í huga að oftast leynast umfangsmeiri fornleifar undir grasrót en sjást á yfirborði," segir Kristín Huld.

## Fagmennska og samvinna

Minjastofnun Íslands er ætlað umfangsmikið hlutverk en stofnunin hefur yfirumsjón með verndun fornleifa- og byggingararfs á Íslandi og heyrir undir mennta- og menningarmálaráðuneytið.

„Stofnunin sinnir afar fjölbreyttum verkefnum á sviði menningarminja og minjavörslu þar sem áhersla er lögð á virðingu, fagmennsku og samvinnu. Við veitum ráðgjöf vegna fornleifa- og byggingararfsins, leiðbeinum og tökum stjórnsýsluákvarðanir, og eigum í öflugu og góðu samstarfi við innlendar og erlendar stofnanir, nefndir og ráð," segir Kristín Huld.

Svo fátt eitt sé talið á Minjastofnun fulltrúa í kirkjugarðaráði, ráðgjafarnefnd Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls, Breiðafjarðarnefnd og í ráðgjafarnefndum vegna friðlýsinga náttúruminja og innviðauppbyggingar á ferðamannastöðum.

„Stofnunin er einnig hluti af neti minjastofnana á Norðurlöndum og Evrópu og heldur meðal annars utan um menningarminjadaga Evrópu hér á landi og tekur þátt í fjölda norrænna og evrópskra samvinnuverkefna. Yfirlit yfir þessi fjölmörgu samstarfsverkefni er að finna á heimasíðu stofnunarinnar."

## Minjastofnun um land allt

Minjastofnun skiptist í fjögur svið: rannsókna- og miðlunarsvið, umhverfis- og skipulagssvið, minjavarðarsvið og skrifstofu.

„Aðalskrifstofan er í Reykjavík en starfsstöðvar okkar eru um allt

Framhald á síðu 2 ➜







Minjastofnun Íslands er á Suðurgötu 39 í Reykjavík. Hægt er að finna allar upplýsingar um styrki úr húsafriðunarsjóði og fornminjasjóði á minjastofnun.is

land og er landinu skipt upp í átta minjasvæði: Reykjavík og nágrenni, Suðurnes, Vesturland, Vestfirði, Norðurland vestra, Norðurland eystra, Austurland og Suðurland. Á hverju svæði fyrir sig starfar minjaráð og er samráðsvettvangur um varðveislu og nýtingu menningarminja á sínu heimasvæði. Minjaráð beita sér fyrir verkefnum á sviði minjavörslu, til eflingar byggða og atvinnusköpunar, meðal annars með ályktunum sem beint er til sveitarstjórna eða stjórnvalda. Minjaráð hefur líka frumkvæði að uppbyggilegum verkefnum í héraði. Sex fulltrúar sitja í ráði hvers minjasvæðis auk þess sem minjavörður á hverju svæði er formaður síns minjaráðs," útskýrir Kristín Huld.

## Jarðfastar menningarminjar: Fornleifar, hús og mannvirki

Húsverndarstofa er samstarfsverkefni Minjastofnunar, Borgarsögusafns Reykjavíkur og Iðnunnar, fræðsluseturs. Hún er til húsa í Kjöthúsinu á Árbæjarsafni í Reykjavík. „Húsverndarstofa er fyrir húseigendur, iðnaðarmenn, arkitekta, námsmenn og allt áhugafólk um byggingarsögu og húsvernd. Þar er að finna safn bóka, tímarita, verklýsinga, laga og reglugerða sem varða hús og húsvernd. Einnig eru sýnishorn á staðnum af byggingarhlutum sem framleiddir eru í dag og henta fyrir gömul hús," upplýsir Kristín Huld. Einu sinni í viku, á miðvikudögum á milli klukkan 15 og 17, eru arkitektar á staðnum og veita ráðgjöf um viðhald og viðgerðir á gömlum húsum, húseigendum að kostnaðarlausu. Bækling með nánari upplýsingum um Húsverndarstofu er hægt að finna á heimasíðu Minjastofnunar.

> **Minjastofnun veitir í dag árlega viðurkenningu fyrir framúrskarandi verkefni í þágu minjaverndar á Íslandi.**

## Flutningur forngripa á milli landa

Minjastofnun veitir leyfi til útflutnings á forngripum.

„Nauðsynlegt er að halda skrá yfir alla gripi sem sendir eru úr landi svo við getum haft yfirsýn yfir hvar íslenskar menningarminjar eru staðsettar í heiminum. Þess vegna erum við í góðu samstarfi við embætti tollstjóra og lögreglu, söfn og uppboðshús erlendis meðal annarra aðila," segir Kristín Huld.

## Ársfundur Minjastofnunar

Á hverju ári er haldinn ársfundur þar sem er lögð áhersla á eitt ákveðið efni er varðar starfsvettvang Minjastofnunar.

„Á fundinum í ár, sem haldinn verður í dag, 28. nóvember, verður sérstaklega fjallað um vernd á jarðföstum menningarminjum og rætt um hvað við getum gert betur til að tryggja vernd fornleifa, húsa og mannvirkja. Ýmsir aðilar frá mismunandi stofnunum sem tengjast málaflokknum flytja erindi á fundinum og sitja í pallborði. Á fundinum verður einnig veitt árleg minjaverndarviðurkenning stofnunarinnar en viðurkenningin er veitt þeim er hafa unnið að framúrskarandi verkefnum í þágu



Dr. Kristín Huld og Þorsteinn Gunnarsson arkitekt og ritstjóri verksins Kirkjur Íslands. MYND/SIGTRYGGUR ARI

minjaverndar á Íslandi," upplýsir Kristín Huld.

## Menningararfurinn okkar allra

Minjastofnun stendur ekki ein að vernd fornleifa, húsa og mannvirkja heldur fer slík verndun einnig fram úti í samfélaginu.

„Fagfólk sem starfar við menningarminjar, áhugafólk um land allt, sveitarstjórnir og aðrir hagsmunaaðilar fjalla á hverjum degi um málefni fornleifa, húsa og mannvirkja og taka ákvarðanir sem kunna að snerta tilvist þeirra og framtíð. Það er því mikilvægt að þessir aðilar hafi þekkingu og skilning á lagaumhverfi minjaverndar og stefnu Minjastofnunar í málaflokknum," segir Kristín Huld.

Minjastofnun nýtur ráðgjafar ‚fornminja- og húsafriðunarnefnda vegna friðlýsingarmála og veitingar styrkja úr fornminjasjóði og húsafriðunarsjóði sem stofnunin úthlutar úr á hverju ári. Umsóknarfrestur í húsafriðunarsjóð rennur út 1. desember næstkomandi og í fornminjasjóð 10. janúar 2019. Allar frekari upplýsingar varðandi sjóðina tvo er að finna á heimasíðu Minjastofnunar, minjastofnun.is.

Lög sem Minjastofnun Íslands starfar eftir og annað áhugavert efni er að finna á heimasíðu stofnunarinnar.

Minjastofnun Íslands er á Suðurgötu 39. Sími 570 1300. Netfang: postur@minjastofnun.is. Facebook: Minjastofnun Íslands. Instagram: minjastofnunislands.

**Hafðu samband við Minjastofnun Íslands, ef þig vantar ráðgjöf eða upplýsingar varðandi:**

- Ef finnst forngripur á landi eða í sjó/vatni/jökli.
- Framkvæmdir sem hafa jarðrask í för með sér.
- Fyrirhugaða skipulagsgerð hvort sem það er vegna aðal- eða deiliskipulags.
- Fornleifaskráningu.
- Fornleifarannsóknir á Íslandi.
- Notkun málmleitartækja.
- Flutning forngripa á milli landa.
- Friðað hús og endurnýjun á einhverjum hluta þess, til dæmis breytingar/lagfæringar á gluggum.
- Húsakönnun vegna skipulagsvinnu.
- Húsafriðunar- eða fornminjasjóð.

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Útgefandi:** Torg ehf
**Ábyrgðarmaður:** Kristín Þorsteinsdóttir

**Umsjónarmenn efnis: Sólveig Gísladóttir,** solveig@frettabladid.is s. 512 5351 | **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 512 5349 **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is, s. 512 5368 **Brynhildur Björnsdóttir,** brynhildur@frettabladid.is, s. 512 5347 | **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@frettabladid.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@frettabladid.is, s. 512 5358 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is s. 512 5338

**Sölumenn: Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 512 5442, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 512 5457, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429,

# ALLT INNIFALIÐ

## MEÐ ÖLLUM LEGSTEINUM




## ÖLL OKKAR VERÐ MIÐAST VIÐ FULLBÚINN STEIN MEÐ UPPSETNINGU

### ÞARF AÐ ENDURNÝJA LETRIÐ Á STEININUM?

GRANÍTHÖLLIN TEKUR AÐ SÉR AÐ HREINSA OG ENDURMÁLA LETUR Á LEGSTEINUM. EINNIG TÖKUM VIÐ AÐ OKKUR AÐ RÉTTA AF LEGSTEINA SEM ERU FARNIR AÐ HALLA.




*Frí uppsetning miðast við uppsetningu á höfuðborgarsvæðinu.
Með fyrirvara um prentvillur og uppseldar vörur.

MÖRKIN 4
108 REYKJAVÍK

Graníthöllin
Legsteinar

SÍMI 555 3888
GRANITHOLLIN.IS



Jólaljósin á Óslóartrénu verða kveikt á sunnudaginn, fyrsta sunnudag í aðventu. Aðventuhátíðir verða víða haldnar um borg og bý og jólasveinar taka forskot á sæluna og mæta í bæinn. MYND/ERNIR







# Ljós í borg og bý

## Fyrsti í aðventu er á sunnudaginn. Af því tilefni verða ljósin tendruð á jólatrjám víða um land. Á höfuðborgarsvæðinu verður ýmislegt gert til að gleðja yngstu kynslóðina.

Sólveig Gísladóttir
solveig@frettabladid.is



### Hátíðlegt á Austurvelli

Ljósin á Óslóartrénu á Austurvelli verða tendruð klukkan 16 á sunnudaginn, 2. desember. Svala Björgvinsdóttir og Friðrik Ómar flytja falleg jólalög ásamt hljómsveit. Einnig munu jólasveinar stelast í bæinn og syngja og skemmta kátum krökkum.

Lúðrasveit Reykjavíkur leikur jólatónlist frá kl. 15.30.

Kynnir er Katla Margrét Þorgeirsdóttir og verður dagskráin túlkuð á táknmáli.

Órói Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra prýðir jólatréð en Dögg Guðmundsdóttir hannar hann og rithöfundurinn Dagur Hjartarson semur kvæði sem fylgir með óróanum og mun flytja það á viðburðinum.

Rauði krossinn verður með sölu á heitu kakói til að verma kalda kroppa.

### Upplýstur Miðbakki

Ljósin á Hamborgartrénu verða tendruð klukkan 17 laugardaginn 1. desember en tréð stendur á Miðbakka Reykjavíkurhafnar. Góðir vinir frá Hamborg hafa sent jólatré til Reykjavíkurhafnar árlega frá árinu 1965. Þessi fallegi siður er tileinkaður íslenskum togarasjómönnum sem sigldu til Hamborgar með fisk strax eftir seinni heimsstyrjöldina. Þess er sérstaklega minnst að sjómennirnir gáfu svöngu og ráðlausu fólki á hafnarsvæðinu fiskisúpu á meðan verið var að landa úr togaranum.

Við athöfnina munu fulltrúar frá Hamborg flytja stutt ávarp um leið og þeir afhenda gjöfina. Kristín Soffía Jónsdóttir, formaður Faxaflóahafna sf., þakkar fyrir jólatréð fyrir hönd Faxaflóahafna. Herbert Beck sendiherra Þýskalands á Íslandi, ávarpar gesti við tréð ásamt D. Sverri Schopka, fulltrúa Þýsk-íslenska félagsins í Þýskalandi. Að athöfn lokinni er gestum boðið í heitt súkkulaði og bakkelsi í Hafnarhúsinu, ásamt því að jólasveinar munu kíkja í heimsókn. Félagar úr Lúðrasveit Hafnarfjarðar leika jólalög.

### Aðventuhátíð í Kópavogi

Aðventuhátíð verður haldin í Menningarhúsum Kópavogs á laugardaginn milli klukkan 13 og 17. Klukkan 16 verða ljósin á jólatrénu tendruð en Gosi og Ósk úr leikhópnum Lottu stjórna útiskemmtun og tónlistarhópar munu auka á hátíðleikann auk þess sem ýmsar jólakræsingar verða til sölu á jólamarkaði.

Dagskráin verður fjölbreytt, jólakötturinn verður á ferðinni og leikritið Strákurinn sem týndi jólunum verður sýnt í Salnum klukkan 14. Boðið verður upp á listasmiðju og jólaföndur á bókasafninu

### Jólaþorpið vaknar til lífsins

Jólaþorpið í Hafnarfirði fagnar 15 ára afmæli með fjölbreyttri dagskrá á Thorsplani þegar ljósin verða tendruð á Cuxhaven-jólatrénu föstudaginn 30. nóvember klukkan 18. Jólatréð er gjöf frá vinabænum Cuxhaven í Þýskalandi en í ár fagna vinabæirnir 30 ára samstarfsafmæli. Lúðrasveit Hafnarfjarðar og Karlakórinn Þrestir flytja nokkur jólalög og boðið verður upp á brot af því besta sem er á dagskrá í Bæjarbíói í desember þegar Friðrik Dór, Bubbi, Jóhanna Guðrún og Davíð Sigurgeirsson taka lagið.



Bettína verður á ferli á Strandgötunni með hestvagninn sinn frá kl. 17.00 til 20.00 og geta áhugasamir fengið jólarúnt um bæinn fyrir sanngjarnt verð.

Litlu fagurlega skreyttu jólahúsin í Jólaþorpinu í Hafnarfirði eru löngu orðin þjóðþekkt. Jólaþorpið verður opið kl. 12-17 alla laugardaga og sunnudaga á aðventunni.

### Jólalegt í Garðabæ

Ljósin verða tendruð á vinabæjarjólatrénu frá Asker á Garðatorgi laugardaginn 1. desember. Dagskrá hefst klukkan 16 með ýmsum tónlistaratriðum, jólasveinar koma í heimsókn og verða með sprell fyrir gesti og gangandi.

Í tilefni dagsins verður ókeypis aðgangur að Hönnunarsafni Íslands en klukkan 14.30 verður boðið upp á leiksýninguna Sigga og skessan í jólaskapi í Bókasafni Garðabæjar. Listamenn Grósku verða með opnar vinnustofur og jólalistamarkað í Gróskusalnum við Garðatorg.

# MotorMax
## Smurþjónusta

## Opnunartilboð í Motul smurþjónustu

15% afsl. af vinnu
20% afsl. af efni
25% afsl. af þurrkublöðum

Motormax hefur tekið til starfa í glæsilegu húsnæði að Vatnagörðum 12.

Við leggjum áherslu á varahluti í alla bíla smurþjónustu og bílaþrif. Renndu við engar tímapantanir í smurþjónustu.

Tímabókanir fyrir bílaþrif eða varahlutapantanir í síma 545 4040 og á: motormax@motormax.is



MOTUL

Við notum eingöngu hágæðaolíur frá Motul




westfalia AUTOMOTIVE · Brenderup · MOTUL · ABS · MAPCO · Kavo PARTS

Motormax ehf.
Vatnagörðum 12
Sími: 545 4040

Opnunartilboðið gildir til 15. des. 2018

motormax@motormax.is








Áslaug og Arnlaug hjá Lauga & Lauga hanna og framleiða m.a. litfagra bolla, skemmtilega platta, jólakúlur, fallegt skart, skemmtileg plaköt, skrautlega eyrnalokka og ýmiss konar tækifæriskort.

# Sköpunarþörfin og sköpunargleðin í fyrirrúmi

Mágkonurnar Áslaug S. Árnadóttir og Arnlaug Borgþórsdóttir framleiða myndskreyttar vörur úr postulíni undir vörumerkinu Lauga & Lauga.

Starri Freyr Jónsson
starri@frettabladid.is



Mágkonurnar Áslaug S. Árnadóttir arkitekt og Arnlaug Borgþórsdóttir keramiker standa á bak við hönnunarmerkið Lauga & Lauga sem fagnar þriggja ára afmæli um þessar mundir. Saman hanna þær og framleiða myndskreyttar vörur úr postulíni þar sem þær leika sér með nokkur þemu í myndskreytingunum, t.d. strikamynstur, blóm og skemmtilegar fígúrur. „Við byrjuðum með bolla, platta, jólakúlur og skart. Síðan höfum við bætt við myndskreytingum og aukið úrvalið og unnið að því að auka framleiðslugetuna. Eins hönnum við grafíska línu, plaköt og tækifæriskort, þar sem við notum sömu myndskreytingar. Þar af leiðandi er vörulínan frekar heildstæð, þó við séum með nokkur þemu í gangi,“ segja þær.



Áslaug S. Árnadóttir (t.v.) og Arnlaug Borgþórsdóttir mynda tvíeykið Lauga & Lauga. MYND/STEFÁN

## Skemmtilegt vinnuferli

Þær segja verkaskiptinguna vera þannig að Arnlaug leiri meðan Áslaug teikni. Hugmyndavinnan sé sameiginleg og þær gefi hvor annarri endurgjöf. „Vinnuferlið er mjög skemmtilegt og gefandi og í hvert skipti sem við tölum saman eða hönnum eitthvað nýtt, fáum við nýjar hugmyndir. Þótt við séum með annan fótinn á Íslandi og hinn í Danmörku þá gerir tæknin okkur kleift að vinna saman þótt það séu fleiri þúsund kílómetrar á milli okkar. Og svo nýtum við tækifærin til að hittast, bæði í Danmörku og á Íslandi.“

## Sameinuðu kraftana

Áslaug og Arnlaug hittust fyrst á Sauðárkróki árið 1999 en smullu virkilega saman þegar Arnlaug og Ragnar Páll, eiginmaður hennar, fluttu til Árósa árið 2001 þar sem Áslaug stundaði nám í Arkitektaskólanum í Árósum. „Við vorum búnar að tala um það í mörg ár að sameina krafta okkar og fá útrás fyrir sköpunarþörf og sköpunargleði í sameiginlegu verkefni. Loks létum við verða af því að hrinda þessum gamla draumi í framkvæmd.“

## Gaman að hitta fólk

Þær tóku þátt í sýningunni Handverk og hönnun sem haldin var í Ráðhúsi Reykjavíkur um síðustu helgi. „Þetta var fjórða skiptið sem við tökum þátt en okkur finnst alltaf jafn gaman að hitta viðskiptavini okkar. Það er eiginlega alveg nauðsynlegt að geta hitt fólk á svona vettvangi eins og Handverk og hönnun því ekki náum við að hitta það í verslunum sem selja vörurnar okkar.“

Um næstu helgi verða þær á Sauðárkróki og þar sem þær taka þátt í heilmikilli jóladagskrá í bænum.

„Á næstu mánuðum ætlum við að vinna að því að koma vörum okkar út í vel valdar búðir hér á Íslandi og Danmörku. Einnig er hart lagt að okkur að koma netverslun á laggirnar. En góðir hlutir gerast hægt og það er alltaf eitthvað sem við ættum að vera búnar að gera. Það er bara svoleiðis og sennilega bæði forsenda og skilyrði þegar maður er í svona verkefnum og rekstri. Það er líka mikilvægt fyrir okkur að halda fast í það sem kom okkur af stað í þetta ævintýri, sem er sköpunarþörfin og gleðin sem eru alltaf í fyrsta sæti.“

Lauga & Lauga eru á Facebook og Instagram þar sem hægt er að fylgja þeim eftir og kynna sér vörur þeirra betur.



á aðföngum fyrir fyrirtækið. Flutningaskip Samskipa hefur vikulega viðkomu á Bíldudal á miðvikudögum. Þaðan verður siglt um Reykjavík, skipið kemur til Hull í Bretlandi á sunnudögum og siglir svo áfram til Rotterdam.

„Aðgangur að víðtæku neti flutninga er lykilatriði þegar kemur að útflutningi og markaðssetningu á íslenskum sjávarafurðum. Arnarlax vill flytja afurðir sínar til Bretlands og meginlands Evrópu, og Suðurleiðin hentar þeim því vel," segir Birkir. „Þetta er allt hluti af þjónustu við framleiðendur og útgerð í landinu og undir hana falla líka kæli- og frystigeymslur og heildstæð þjónusta sem snýr að umsýslu með fisk."

Kæligeymslan Svala fær hundruð tonna af ferskum fiski frá miðnætti og fram eftir nóttu sem bátar hafa komið með að landi síðdegis. Fiskurinn fer í fiskvinnslur og fiskbúðir snemma morguns og seinni partinn er kæligeymslan nýtt fyrir fisk sem Samskip flytja til kaupenda erlendis.

„Svala var hönnuð í samstarfi við viðskiptvini okkar en ein af óskum þeirra var að innrétta fullbúið skoðunarherbergi þar sem hægt er að kanna gæði fisksins áður en hann er fluttur úr landi."

*Er reksturinn í hagkvæmri stærð eða eru tækifæri til vaxtar?*

„Það eru alltaf tækifæri til vaxtar. Þetta snýst um að aðgreina sig frá öðrum fyrirtækjum á markaðinum og ég tel að Samskip eigi töluvert inni og geti sótt fram. Markmið mitt er að vinna með móðurfélaginu í Rotterdam að því að auka samkeppnishæfni þannig að við getum nýtt leiðakerfið, stærðarhagkvæmnina og víðtækt þekkingarnet Samskipa til þess að þjónusta viðskiptavini með skilvirkari og hagkvæmari hætti en áður."

Birkir segir að erlendis hafi þróunin verið á þá leið að fyrirtæki séu farin að úthýsa þeirri starfsemi sem er ekki hluti af kjarnastarfseminni, þar á meðal vörubílaakstri „Ég held að í framtíðinni muni þessi þróun koma til Íslands líka og þá felast tækifæri í því að veita alhliða þjónustu á flutningamarkaði."

**Viðskiptalífið bíður átekta**

Hagnaður Samskipa á Íslandi nam tæplega 1,9 milljónum evra, jafnvirði 232 milljóna króna, á síðasta ári og dróst saman um 42 prósent frá fyrra ári þegar hann var tæpar 3,2 milljónir evra. Flutningstekjur félagsins námu 175,5 milljónum evra, sem jafngildir 21,8 milljörðum króna, í fyrra og jukust um 10 prósent á milli ára. Aðspurður segir Birkir að kólnun í íslenska hagkerfinu hafi haft áhrif á reksturinn í ár.

„Þetta rekstrarár hefur verið ágætt heilt yfir en það er ekki jafn gott og síðasta ár. Við erum að sjá samdrátt í bílainnflutningi og svo virðist sem viðskiptalífið sé í biðstöðu vegna kjarasamninganna sem eru fram undan. Það er eins og fólk og fyrirtæki vilji bíða og sjá hvernig málin þróast næstu mánuði og sjálfur hef ég áhyggjur af stöðunni. Það er sameiginlegt hagsmunamál atvinnulífsins og annarra að kjaraviðræðurnar leiði til stöðugleika enda hafa sveiflur hagkerfisins háð atvinnulífinu."

Spurður um áhrif olíuverðs á reksturinn segir Birkir að Samskip og önnur fyrirtæki í skipaflutningum verji sig fyrir sveiflum í olíuverði með því að leggja sérstakt eldsneytisgjald á. „Það nær hins vegar ekki að dekka kostnaðinn og sveiflurnar að fullu og því hafa mjög skarpar hækkanir áhrif á reksturinn," segir hann. Þá séu Samskip varin fyrir gengissveiflum upp að vissu marki þar sem kostnaður er bæði í íslenskum krónum og erlendum gjaldmiðlum.

> **Til næstu tíu ára held ég að það séu mikil tækifæri til vaxtar bæði í flugi og ferðaþjónustu.**
>
> Birkir Hólm Guðnason

**10%**

**er minnkun kolefnispors skipaflutninga Samskipa samkvæmt fimm ára áætlun fyrirtækisins.**

*Hverjar eru helstu áskoranirnar í rekstrinum?*

„Helstu áskoranirnar felast í því að það er alltaf gerð aukin krafa um að koma ferskum afurðum á markaði erlendis með sem skjótustum hætti. Aðrar áskoranir eru breytt kauphegðun einstaklinga og fyrirtækja sem kallar á nýja hugsun og lausnir í flutningageiranum sem og öðrum geirum. Við erum að sjá fyrirtæki í flutningageiranum þróa svokallaðar „track-and-trace-lausnir" þannig að viðskiptavinir geti fylgt vörunni eftir. Það er meiri áhersla á stafræna þróun enda eru mörg fyrirtæki að þróast í það að vera hugbúnaðarhús frekar en framleiðslufyrirtæki," segir Birkir. Samskip eru að hans mati í góðri stöðu til að takast á við samkeppni bæði innanlands og erlendis en þó eru ýmsar ytri breytur sem geta haft áhrif.

„Við eigum til að mynda eftir að sjá hvernig Brexit þróast og hvaða áhrif útganga Bretlands úr Evrópusambandinu hefur á flutninga, ef einhver. Vörur þurfa áfram að komast á milli landa hvernig sem málin þróast."

**Íslensku flugfélögin samkeppnishæf**

Birkir lét sem áður sagði af störfum sem framkvæmdastjóri Icelandair í kjölfar skipulagsbreytinga hjá flugfélaginu sem kynntar voru fyrir ári.

„Ég fékk fjölmörg tilboð hér heima og erlendis en ég lofaði sjálfum mér að taka 6-9 mánaða frí. Í raun leit ég á þetta sem hálfleik eftir að hafa verið á fullu í fluginu í átján ár og fannst spennandi að róa á önnur mið. Þegar mér bauðst forstjórastarfið hjá Samskipum leit ég svo á að það passaði vel við reynslu mína og nám. Ég vildi starfa hjá alþjóðlegu fyrirtæki og fannst þetta spennandi bransi."

Á hluthafafundi Icelandair á föstudaginn verður tillaga um samþykki á kaupum félagsins á öllu hlutafé WOW air borin undir hluthafa en samkvæmt tilkynningu frá Icelandair fyrr í vikunni er ólíklegt að allir fyrirvarar vegna kaupa félagsins á WOW air verði uppfylltir fyrir fundinn.

*Hvernig metur þú stöðu íslensku flugfélaganna?*

„Þetta eru áhugaverðir tímar og það er spennandi að fylgjast með úr fjarlægð því þetta er mikilvægt fyrir ferðaþjónustuna og íslenskt efnahagslíf hver þróunin verður úr þessu."

*Eru íslensku flugfélögin samkeppnishæf eins og sakir standa?*

„Já, ég held það. Þetta snýst að miklu leyti um tengingar á milli Evrópu og Bandaríkjanna og þar eru félögin með nokkurra prósenta markaðshlutdeild. Þannig er enn eftir miklu að slægjast með því að bjóða upp á hagkvæmasta eða stysta ferðatímann á milli Evrópu og Bandaríkjanna og einnig með því að geta boðið upp á svokallað „stop over" á Íslandi," segir Birkir.

„Flugbransinn einkennist af miklum sveiflum. Það koma hryðjuverkaárásir, efnahagshrun eða eldgos. Þú þarft bara að búa þig undir að geta tekist á við sveiflur. Til næstu tíu ára held ég að það séu mikil tækifæri til vaxtar bæði í flugi og ferðaþjónustu."

*Hvað er líkt og ólíkt með skipaflutningum og flugbransanum?*

„Það er margt líkt með skipaflutningum og fluginu. Þú ert með leiðakerfi og þarft að leggja mikla áherslu á áreiðanleika, góða þjónustu og stundvísi og nýtingu. Eins þarftu að vakta einingakostnaðinn. Reynsla mín af bestun flutningakerfa og nýtingar munu því koma sér vel í þessu starfi en það eru vissulega aðrar skammstafanir sem maður er enn að læra." segir Birkir.

„Það sem er ólíkt með þessum atvinnugreinum endurspeglast í myndlíkingunni um að snúa flugvél við og að snúa við skipi. Hjá Icelandair voru kannski 60-80 flug á dag en hér eru 2-3 ferðir á viku þannig að það er ekki sami hraði.

## Ekki fyrsta starfið hjá Samskipum

Ráðning Birkis var ekki í fyrsta sinn sem leiðir hans og Samskipa hafa legið saman.

„Ég vann fyrir Flutningamiðstöð Norðurlands tvö sumur og sigldi eitt sumar á skipi Samskipa. Svo skrifaði ég lokaverkefnið fyrir Samskip þegar ég var í mastersnámi í alþjóðaviðskiptum í Danmörku. Þetta fyrirtæki hefur því alltaf staðið mér nærri," segir Birkir.

Skipaflutningar byggjast á stórum og löngum samningum á milli fyrirtækja en flugfélögin eru meira á neytendamarkaði. Auk þess erum við að bjóða upp á alhliða flutningaþjónustu ólíkt flugfélögunum."

**Skýr markmið í umhverfismálum**

Nýbirt samantekt Hagstofu Íslands á losun koltvísýrings sýnir að sjóflutningar eigi minnstan hlut í heildarlosun á Íslandi. Á tímum vaxandi umhverfisvitundar má því búast við að skipaflutningar haldi velli að sögn Birkis.

„Þumalputtareglan í samanburði á flutningum með flugvélum og skipum er sú að fyrir hvert flutt tonn af farmi séu gróðurhúsaáhrif flugvélar um 10-15 sinnum meiri en skipsins," segir Birkir.

„Við erum með skýr markmið í umhverfismálum og við ætlum að minnka kolefnisspor í innanlandsflutningunum um 11 prósent á fimm ára tímabili, þ.e.a.s. frá 2015 til 2020 og í skipaflutningum um 10 prósent á sama tímabili. Auk þess ætlum við að auka flokkun á endurnýtanlegum úrgangi úr 46 prósentum í 60 prósent. Þannig erum við að vinna markvisst að því að minnka kolefnissporið," segir Birkir.

Sem dæmi um umhverfisvæna fjárfestingu af hálfu Samskipa nefnir hann uppbyggingu sólarorkuvers fyrir kæligeymslu í Rotterdam. Þar hafi verið settar upp sólarsellur sem þekja 7.500 fermetra og raforkuframleiðsla þeirra sé um 750 þúsund kílóvattstundir á ári sem er sirka raforkuþörf 250 þúsund smærri heimila.

Þá keyptu Samskip norska skipafélagið Nor Lines AS um mitt síðasta ár en kaupunum fylgdu tvö skip sem bæði ganga fyrir fljótandi jarðgasi.

„Þessi skip skipta máli út frá umhverfisstefnu Samskipa því þau losa t.d. ekki köfnunarefnisoxíð út í andrúmsloftið. Þau lágmarka losun á brennisteinsdíoxíði og losa um 70 prósent minna af koltvísýringi á hvert flutt tonn á kílómetra heldur en vöruflutningabílar. Skipin eru talsvert hagkvæmari þegar kemur að orkunýtingu í samanburði við skip sem brenna hefðbundinni skipaolíu og þau gefa góð fyrirheit um hvað sé mögulegt í framtíðinni."



# Aftur í vanda tíu árum eftir ríkisaðstoð

**Rótgrónir bílaframleiðendur þurfa að fjárfesta ríkulega til að svara kalli breyttra tíma. Þess er vænst að bílar verði í auknum mæli sjálfakandi í deilihagkerfinu, knúnir rafmagni. Þær fjárfestingar munu reyna verulega á fyrirtækin. Tíu ár eru frá því að bandaríska ríkið bjargaði bílaframleiðendum.**



General Motors, framleiðandi Chevrolet Corvette, nýtti endurskipulagninguna fyrir tíu árum til að losa sig m.a. við Hummer. NORDICPHOTOS/GETTY

Tíu árum eftir að bandarísk stjórnvöld hlupu undir bagga með tveimur stórum og rótgrónum bílaframleiðendum þar í landi þegar fjármálakreppan stóð sem hæst vaknar aftur spurningin hvort þeir eigi sér viðreisnar von andspænis þeirri tæknibyltingu sem virðist vera handan við hornið. Munu hefðbundnir bílaframleiðendur finna sína fjöl þegar bílar verða í auknum mæli sjálfakandi í deilihagkerfinu, eflaust knúnir rafmagni? Financial Times veltir upp þessari spurningu.

Til að bílaframleiðendur geti staðist tímans tönn þurfa þeir að fjárfesta fyrir milljarða dollara til að þróa og framleiða sjálfakandi bíla og leita leiða hvernig megi reka stóran flota með arðbærum hætti.

Bílaframleiðendurnir sem bandarískir stjórnmálamenn réttu hjálparhönd árið 2008 voru General Motors og Chrysler. Ford þáði ekki neyðaraðstoð.

**Aðhaldsaðgerðir breyta miklu**

Stjórnendur í bílgreininni segja að aðhaldsaðgerðir sem ráðist var í fyrir tíu árum hafi gert það að verkum að stóru framleiðendurnir þrír geti selt hefðbundna bíla með hagnaði og fjárfest í framtíðarverkefnum sem fyrir áratug hafi fáir látið sér detta í hug að væru handan við hornið.

Al Koch, sérfræðingur í endurskipulagningu fyrirtækja hjá AlixPartners, segir að fjárfestingin sem bílaframleiðendurnir þrír standi frammi fyrir til að geta keppt í breyttum heimi myndi reyna allverulega á efnahagsreikninga fyrirtækjanna með hætti sem hefði ekki sést frá tímum kreppunnar miklu. Stóra spurningin sé hvort stjórnendur fyrirtækjanna geti rekið þau með skynsamlegum hætti á sama tíma og þau þurfi að fjárfesta í auknum mæli í nýjum verkefnum og sala á bílum, sem sé sveiflukennd, sé að dragast saman.

> **Gjaldþrotameðferð General Motors var það besta sem hent gat fyrirtækið.**
>
> Al Kock, sérfræðingur í endurskipulagningu fyrirtækja



> **Við smelltum ekki bara varalit á svínið og skelltum því aftur í svínastíuna.**
>
> Steve Rattner leiddi björgunarstarf bílaframleiðenda fyrir bandarísk stjórnvöld



Steve Rattner, sem leiddi björgunarstarfið í tíð Baracks Obama, segir að hugmyndin fyrir tíu árum hafi verið að endurskipuleggja bílaframleiðendurna í eitt skipti fyrir öll. „Við smelltum ekki bara varalit á svínið og skelltum því aftur í svínastíuna.“ Ríkissjóður hafi fjárfest fyrir 82 milljarða dollara, hafi fengið 72 milljarða til baka en 10 milljarðar dollara hafi lent á bandarískum skattgreiðendum sem hafi þó bjargað heilli atvinnugrein og einni milljón starfa.

Rattner segir að það sé nokkuð góður árangur miðað við aðrar ráðstafanir bandarískra stjórnvalda í fjármálakrísunni 2008, og skattgreiðendur fái enn greiddan arð vegna fjárfestingarinnar. „Við lækkuðum rekstrarkostnað þeirra þannig að þeir gætu hagnast á því að selja 10 eða 10,5 milljónir bíla á ári í stað þess að þurfa að selja 16 til 17 milljónir bíla.“

**Komu á hnjánum ... á einkaþotum**

Það var fyrir tíu árum í þessum mánuði sem forstjórar Ford, General Motors og Chrysler fóru til Washington til að óska eftir ríkisaðstoð til að fyrirtækin gætu komist í gegnum fjármálahrunið 2008. Nema hvað þeir ferðuðust með bravúr á einkaþotum til að biðja um að fá háar fjárhæðir að láni. Eftir á að hyggja hefðu þeir mögulega getað sagt sér að það myndi valda fjaðrafoki meðal þingmanna og almennings.

Fyrirtækin áttu um sárt að binda og töpuðu milljörðum dollara á ári. Ford hafði til dæmis veðsett allar eigur sínar, þar á meðal vörumerkið sitt. Tveir útgjaldaliðir voru sem myllusteinn um háls risanna þriggja. Annars vegar kostnaður vegna heilbrigðisþjónustu fyrrverandi starfsmanna á eftirlaunum og hins vegar óhagstæðir kjarasamningar sem neyddu fyrirtækin til að greiða starfsmönnum fyrir að sitja aðgerðalausir. Verst af öllu var þó að bandarískir neytendur vildu ekki bílana þeirra.

> **82**
>
> **milljarðar dollarar runnu til GM og Chrysler úr ríkissjóði Bandaríkjanna árið 2008.**

GM og Chrysler urðu gjaldþrota skömmu eftir að Obama settist í forsetastól og var björgunarféð nýtt til að halda þeim á floti á meðan reksturinn var endurskipulagður. Viðmælandi Financial Times segir að Fiat hafi fengið Chrysler á silfurfati. Ford hlaut ekki sömu örlög og hélt Ford-fjölskyldan velli í hluthafahópnum.

**Gjaldþrot til góðs**

Koch, sem stýrði endurskipulagningu General Motors, segir að segja megi að gjaldþrotameðferð hafi verið það besta sem hafi getað hent fyrirtækið. „Það gaf okkur færi á að ráðast í aðgerðir sem annars hefðu verið óhugsandi,“ segir hann. Seglin hafi verið dregin saman og það hafi lagt grunninn að glæsilegri endurreisn GM.

Bob Lutz, varaformaður stjórnar GM í björgunaraðgerðunum, segir að helsti kostur gjaldþrotameðferðarinnar hafi verið sá að hægt hafi verið að losna við vörumerki sem var ofaukið án þess að greiða bílasölum háar fjárhæðir í bætur. Hætt var framleiðslu Saturn, Hummer og Pontiac.

Annar kostur hafi verið að ríkisstjórnin hafi þrýst á verkalýðshreyfingu bílgreinarinnar til að leyfa bílaframleiðendum að hætta að greiða starfsmönnum sem sátu auðum höndum 95 prósent af launum þeirra vegna þess að bílaverksmiðju hefði verið lokað eða framleiðsla stöðvast tímabundið.

Tíu árum eftir að stjórnvöld kusu að bjarga bílaframleiðendum frá gjaldþroti eru áskoranirnar miklar en af öðrum toga en þá.

helgivifill@frettabladid.is

# Kauphöll í Kísildal mætir mótspyrnu

Stjórnarmaður í verðbréfaeftirliti Bandaríkjanna hefur sett sig upp á móti hugmyndum um að í Kísildalnum verði komið á fót óhefðbundinni kauphöll fyrir nýsköpunarfyrirtæki, herma heimildir The Wall Street Journal.

Hugmyndin að baki kauphöllinni The Long-Term Stock Exchange er að því lengur sem hluthafi hafi átt í fyrirtæki því meira vægi hafi hann á hluthafafundi. Þeir sem standa að fyrirtækinu, sem meðal annars eru Marc Andreessen fjárfestir og Reid Hoffmann, stofnandi LinkedIn, hafa sagt að með þessu móti geti fyrirtækin lagt aukna áherslu á að móta stefnuna til framtíðar og það dragi úr þrýstingi frá fjárfestum sem horfi til skemmri tíma og hvetji fleiri sprotafyrirtæki til að safna fé á hlutabréfamörkuðum.



Marc Andreessen fjárfestir.

Robert Jackson Jr., stjórnarmaður í Verðbréfaeftirlitinu, er sagður óttast að það muni tryggja stofnendum og fjárfestum sem leggja til fé snemma á æviskeiði fyrirtækis mikil völd á kostnað annarra hluthafa.

Verðbréfaeftirlitið þarf að samþykkja stórtækar breytingar á starfsemi kauphalla og geta stjórnarmenn hægt á umsóknarferlinu með því að kalla eftir því að stjórnin kjósi um málið. Jackson tók fram fyrir hendurnar á starfsfólki eftirlitsins þegar það hugðist samþykkja umsókn kauphallarinnar. – hvj

# Amazon er orðið að auglýsingarisa

Amazon hefur nú náð þriðja sætinu þegar kemur að auglýsingasölu á netinu í Bandaríkjunum. Efstu tvö sætin skipa Alphabet, móðurfélag Google, og Facebook. Amazon er einungis með 4 prósenta markaðshlutdeild en umsvifin fara hratt vaxandi og starfsfólki fjölgar að sama skapi, segir í frétt The Wall Street Journal.

Eflaust munu tekjur Amazon af auglýsingasölu tvöfaldast í ár og nema um 5,8 milljörðum dollara. Það er meira en samanlögð aukning auglýsingatekna allra sjónvarpsstöðva í heiminum. Það eru ekki einungis fjölmiðlar sem finna fyrir sókn Amazon heldur einnig verslunarkeðjur á borð við Walmart og Target sem fá greitt frá vörumerkjum fyrir vel valdar staðsetningar í verslunum.

Netrisinn hefur fjárfest í nýrri starfsemi á undanförnum árum,



Jeff Bezos, stofnandi og forstjóri Amazon. NORDICPHOTOS/GETTY

eins og matvöruverslun og sjónvarpsefni, en auglýsingasalan er sögð vera með mikla framlegð. Stefnt er á að opna höfuðstöðvar í New York sem mun efla samband Amazon við auglýsingaheiminn og auðvelda fyrirtækinu að ráða auglýsingafólk.

Stór hluti af auglýsingatekjum Amazon kemur frá vefverslun þess, því fyrirtæki greiða fyrir að vera ofarlega í leitarniðurstöðum. Vörurnar eru merktar með viðeigandi hætti. Auk þess er til dæmis boðið upp á auglýsingar í myndskeiðum sem birtast meðal annars í Fire TV og auglýsingar á kössunum utan af vörunum. Amazon hjálpar líka fyrirtækjum við að auglýsa á vefjum sem er ekki í þeirra eigu. – hvj




Streymisþjónustan Spotify kom til Íslands árið 2013 og hefur vaxið verulega á fáum árum. NORDICPHOTOS/GETTY

**Tekjur af sölu tónlistar á Íslandi (í m. kr. núvirt)**




Heimild: Upplagseftirlit FHF 2008-2018

**Tekjur af sölu tónlistar á heimsvísu (millj. dala)**




Heimild: Global Music Report 2018

# Verður byltingunni streymt?



**Sölvi Blöndal**
hagfræðingur og stjórnarformaður Öldu Music

Í bók sinni Capitalism, Socialism and Democracy, sem kom út árið 1942, setti austurríski hagfræðingurinn Joseph Schumpeter fram hugmyndir sínar um skapandi eyðileggingu (e. creative destruction). Hugtakinu var ætlað að lýsa vexti og innri umbreytingu markaðshagkerfis frá samkeppni til einkasölu og aftur til samkeppni. Að mati Schumpeters veltur hagvöxtur til langs tíma á sífelldri endurnýjun framleiðsluferla, oft á kostnað eldri aðferða. Hér nægir að nefna breytingu á samgönguháttum síðustu ár og yfirstandandi breytingar í tækni og hugbúnaðargeiranum sem fáa óraði fyrir. Til dæmis hafa fyrirtæki eins og Facebook, Apple, Amazon, Netflix og Google sótt inn á nýja markaði, oft á kostnað eldri afþreyingar- og tæknifyrirtækja. Til marks um þetta hefur vægi þessara fyrirtækja í bandarísku hlutabréfavísitölunni S&P 500 vaxið úr 5% í 11% á fimm árum.

Afþreyingariðnaðurinn hefur ekki farið varhluta af hinni svokölluðu „skapandi eyðileggingu“. Til dæmis hefur miðlun og sala á tónlist tekið gagngerum breytingum á síðustu árum. Ein af þeim breytingum er sú að sala á tónlist á hljómplötum og geisladiskum hefur á örfáum árum dregist verulega saman. Af þessum sökum nam samdráttur í veltu tónlistar á heimsvísu 40% á árunum 2001-2014. Erlendis hefur samruni útgáfufyrirtækja og niðurskurður í útgáfu á tónlist einkennt tónlistariðnaðinn. Tónlistarhrunið varð seinna á Íslandi. Á árunum 2008-2016 dróst sala hér á landi á upptekinni tónlist saman um 46% að raunvirði. Þannig var jafnvel á tímabili talað um að sala upptekinnar tónlistar tilheyrði fortíðinni.

Stóru tónlistarfyrirtækin voru tiltölulega sein að bregðast við þessari þróun, meðal annars vegna þess að erfiðlega gekk að finna heppilegar leiðir til að bregðast við þeirri þróun sem var að eiga sér stað. Framan af var því fyrst og fremst gripið til lagaúrræða til að stöðva stafræna dreifingu tónlistar en þær aðgerðir voru dæmdar til að mistakast þar sem ólöglegt niðurhal naut vinsælda og tónlistarfyrirtækin gátu ekki boðið neytandanum upp á annan hagkvæman stafrænan valkost.

Árið 2006 bjó sænska fyrirtækið Spotify til viðskiptamódel fyrir bransann sem virkaði. En fyrirtækið var skipað einstaklingum sem áður höfðu starfað í auglýsingamennsku. Módelið kallast streymi, en þar greiðir notandinn fasta upphæð mánaðarlega fyrir afnot af efni og eigandi efnisins fær svo greitt í samræmi við þá notkun. Segja má að módelið sé lýðræðislegt og neytendavænna en eldra módelið sem ekki tók mið af eiginlegri notkun neytandans. Spotify sló í gegn með þessu viðskiptamódeli og í dag hafa öll stærstu tæknifyrirtæki heims blandað sér í samkeppnina um streymisnotendur. Í dag er fjöldi streymisnotenda á heimsvísu um einn milljarður (fyrir utan YouTube) og vex stöðugt. Á Norðurlöndum hafa 80% fólks á aldrinum 12-65 ára notað að minnsta kosti eina streymisþjónustu. Streymisþjónustan Spotify kom til Íslands árið 2013 og hefur vaxið verulega á örfáum árum. Í dag eru 85 þúsund greiðandi notendur á Íslandi og hefur þeim fjölgað um 75% á liðlega tveimur árum. Ef marka má vinsældir streymis á Norðurlöndum má búast við enn frekari vexti streymis á Íslandi á næstu misserum og árum.

> **Umbreytingatímabili afþreyingariðnaðarins er ekki lokið en eyðimerkurgangan er að baki og bjartari tímar blasa nú við.**

Streymið hefur gerbreytt viðskiptum í tónlistarheiminum til hins betra bæði fyrir tónlistarmenn og útgefendur. Þannig jukust tekjur af sölu tónlistar á heimsvísu árið 2017 um 8% en það er þriðja árið í röð sem tekjur aukast. Þessi aukning er að mestu leyti tilkomin vegna mikillar aukningar á stafrænni sölu tónlistar alls staðar í heiminum. Þróunin hefur verið með svipuðum hætti á Íslandi, en tekjur af sölu tónlistar byrjuðu að aukast aftur árið 2016 og jukust um 14% að raunvirði árið 2017. Hlutfall stafrænnar sölu tónlistar af heildarsölu nemur nú 77% og hefur aldrei verið hærra.

Eins og oft áður í sögu dægurtónlistar er það unga kynslóðin sem leitt hefur þær breytingar sem orðið hafa. Hlutfallsleg notkun fólks á aldrinum 12-25 ára er margföld miðað við notkun 25 ára og eldri. Á næstu árum má líklega búast við aukinni notkun eldri hópa eftir því sem aðgengi og notendaviðmót einfaldast og verða algengari í notkun. Fyrr en varir má því gera ráð fyrir því að eldri kynslóðir streymi sínu afþreyingarefni rétt eins og yngri kynslóðir gera í dag. Umbreytingartímabili afþreyingariðnaðarins er ekki lokið en eyðimerkurgangan er að baki og bjartari tímar blasa nú við. Það er því ljóst að Gil Scott Heron hafði rétt fyrir sér, byltingunni verður ekki sjónvarpað, henni verður streymt.

EPSON®
EXCEED YOUR VISION
Umhverfisvænir
Bleksprautuprentarar
Fyrir fyrirtæki og stofnanir
EPSON WorkForce Pro RIPS A3 og A4
RIPS blekhylki, prenta allt að 86.000 blöð á hylki.
Fyrsta blað prentast út eftir aðeins 5 sek.
Hagkvæm og umhverfisvæn prentun:
• 94% minni úrgangur*
• 96% minni orkunotkun*
• 92% minna kolefnisspor*
Margir tengimöguleikar.
Einnig fáanlegir einlita (svartur).
Hagstætt verð - frá kr. 149.000,-


H. PÁLSSON
Gylfaflöt 24 - 112 Reykjavík
Sími: 577 7777 - www.hpalsson.is
* www.epson.eu/make-the-switch * www.epson.eu/inkjetsaving
Teikningaprentarar - Ljósmyndaprentarar - Skiltaprentarar - Límmiðaprentarar - Skrifstofuprentarar

# Tengja vörurnar við hughrifin á Íslandi

## Svipmynd
**Vala Steinsdóttir**

Vala Steinsdóttir hefur gegnt stöðu framkvæmdastjóra snyrtivörufyrirtækisins Sóley Organics frá haustinu 2016 en áður starfaði hún hjá 66°Norður og sem vörustjóri hjá Nike EMEA í Hollandi. Hún segir að breytt kauphegðun yngri kynslóða hafi haft gífurleg áhrif á snyrtivörumarkaðinn.

*Hver eru þín helstu áhugamál?*

Ég er á kafi í hljóðbókum sem gera mér kleift að hlusta og læra eitthvað nýtt á meðan ég geng frá heima, hleyp, keyri og fer í ræktina. Bestu stundirnar eru að vera með fjölskyldunni á skíðum á veturna og í útilegum upp á gamla mátann á sumrin og bara að vera úti að leika. Elska hvað náttúran nærir líkama og sál. Svo fékk ég skotvopnaleyfi í vetur sem ég er mjög spennt fyrir og er á leið á gönguskíðanámskeið á Ísafirði þegar kemur snjór.

*Hvernig er morgunrútínan þín?*

Ég vakna rúmlega sjö á morgnanna og fæ mér hafragraut með stelpunum mínum. Þorsteinn eldar grautinn en er farinn í vinnu áður en við byrjum að borða. Ég geri nesti fyrir stelpurnar, græja þær og svo labba þær saman í skólann. Ég fæ mér einn kaffibolla áður en að ég annaðhvort stekk í sturtu eða í ræktina fyrir vinnu.

*Hver er bókin sem ert að lesa eða last síðast?*

Ég er mikið að hlusta á ævisögur núna. Var að klára Total Recall, ævisögu Arnolds Schwarzenegger, sem var mjög áhugaverð. Það er ótrúlegt hvað hann hefur gert margt sem ég hafði ekki hugmynd um. Það sem stóð upp úr hjá mér er nýting hans á tímanum á hverjum degi og síðan að láta sig málin varða og gera eitthvað, frekar en að setja út á og dæma, sem ég tengi svo sterkt við. Var svo að detta í hlaðvarpið „Í ljósi sögunnar“ sem er frábært.

*Ef þú þyrftir að velja allt annan starfsframa, hver yrði hann?*

Eftir að vera búin að vera í fatabransanum frá átján ára aldri þá skipti ég yfir í snyrtivörubransann fyrir tveimur árum. Þannig að ég er eiginlega búin að velja annan starfsframa. Það er svo margt sem mig langar að læra og gera en það væri örugglega gaman að vinna við að prófa óvenjuleg hótel um allan heim og að vera matargagnrýnandi. Hafa atvinnu af að borða góðan mat með skemmtilegu fólki ... ég elska góðan mat.

*Hverjar eru helstu áskoranirnar í starfinu?*

Við erum lítið fyrirtæki með fáa starfsmenn og því þarf maður að bera marga hatta á hverjum degi, ganga í öll verk og leysa alls kyns mál sem koma upp. Maður kemst kannski ekki eins hratt yfir verkefnin og maður myndi vilja en þá er bara að halda ótrauð áfram að tækla hvert verkefnið á fætur öðru, alltaf með fókus á heildarmyndina og minna sig á hvert við stefnum.

*Hverjar eru helstu áskoranirnar í rekstrarumhverfinu í dag?*

Það er áskorun í sjálfu sér að vera lítið fyrirtæki sem framleiðir hágæðavörur á eyju. Það er mjög kostnaðarsamt þegar kemur að kaupum á hráefnum, umbúðum, framleiðslu og að senda vörur til útlanda. Á sama tíma erum við að hugsa um að vernda umhverfi okkar og að bera virðingu fyrir náttúrunni. Þetta á oft ekki saman en með aukinni veltu náum við að hagræða enn frekar og að hafa meiri áhrif þegar kemur að umbúðalausnum. Það kemur hins vegar ekki til mála fyrir okkur að framleiða okkar vörur annars staðar en hér með íslensku vatni og endurnýtanlegri orku.

Síðan eru launagjöld há þrátt fyrir að við séum aðeins með fjóra starfsmenn. Þau gera okkur erfitt fyrir og þrengja að möguleikunum til nýsköpunar. En rekstrarumhverfið er að mörgu leyti gott fyrir okkur, og vaxandi vinsældir Íslands hafa verið mikilvægar. Vörur okkar eru í mörgum hágæða hótelum og baðstöðum víðsvegar um landið og oft er það fyrsta snerting viðskiptavinarins við vörurnar. Þeir tengja svo hughrif sín af Íslandi og upplifun á vörunni saman. Við fáum ítrekað að heyra það frá viðskiptavinum okkar á vefnum að þeir fari í augnablik aftur til Íslands í huganum þegar þeir nota vörurnar. Því má kannski segja að við séum að veita viðskiptavinum okkur svolitla hugleiðslu og ró í amstri dagsins líka.

*Hvaða breytingar sérðu fyrir þér í rekstrarumhverfinu á komandi árum?*

Það verður áhugavert að fylgjast með kauphegðun yngri kynslóða og hvernig þær munu breyta markaðnum. Það er ekki lengur þessi tryggð við stór vörumerki eins og áður var, yngra fólk er meira að leitast við að uppgötva minni og umhverfisvænni vörumerki, og vill þekkja innihaldsefnin. Þetta mun hafa og hefur nú þegar gífurleg áhrif á verslun með snyrtivörur, hvar og hvernig við komum skilaboðum áleiðis til þessara hópa á þann hátt sem þeir vilja heyra, og því skiptir öllu að vera heiðarleg og hafa sannar sögur að segja. Útflutningur Sóley Organics hefur aukist til muna og möguleikarnir eru gríðarlega miklir.



Vala segir há launagjöld gera fyrirtækinu erfitt fyrir og þrengja að möguleikum til nýsköpunar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

### Helstu drættir

**Störf:**
- Framkvæmdastjóri Sóley Organics frá 2016
- Yfirmaður vefviðskipta hjá 66°Norður 2014-2016
- Verkefnastjórnun, stafræn þróun og vörustjórnun hjá Nike EMEA í Hollandi 2006-2014

**Fjölskylduhagir:**
Gift Þorsteini Má Þorsteinssyni sem starfar sem sölumaður hjá Emmessís.
Við eigum tvær dætur, Álfhildi Eddu tíu ára og Eygló sex ára, sem eru báðar fæddar í Hollandi.

# Áratugur breytinga: Íslendingar og umhverfismál



**Ólafur Elínarson**
sviðsstjóri markaðsrannsókna Gallup

Umhverfis- og loftslagsmál eru ein af stærstu áskorunum jarðarbúa og því mikilvægt að fylgjast með stöðu mála og þróun á Íslandi. Á síðastliðnum áratug hefur orðið mikil breyting á viðhorfum Íslendinga hvað varðar áhuga á umhverfismálum og upplifun af loftslagsbreytingum. Nú hafa til dæmis um 36% Íslendinga mikinn áhuga á umhverfismálum miðað við 25% Íslendinga fyrir 10 árum og hópurinn sem hafði lítinn eða engan áhuga hefur næstum helmingast úr tæplega 20% í um það bil 12%.

Þegar þessi þróun er skoðuð frekar má sjá að það eru ákveðnir hópar sem hafa meiri áhuga en aðrir. Til dæmis hafa konur meiri áhuga en karlar, foreldrar frekar en barnlausir og íbúar í Reykjavík frekar en íbúar utan höfuðborgarsvæðisins. Þá er áhugavert að það eru frekar 18-24 ára og 65 ára og eldri sem segjast hafa mikinn áhuga á umhverfismálum.

En er þessi aukni áhugi að skila sér í breytingu á hegðun?

Árið 2010 var spurt til hvaða ráðstafana þátttakendur hefðu gripið til að vernda umhverfið og sögðust 27% hafa minnkað notkun einkabíls eða notað almenningssamgöngur meira. Árið 2017 var aftur spurt svipaðrar spurningar um hvað þátttakendur hefðu gert til að draga úr áhrifum á loftslagið. Hlutfallið sem hafði minnkað notkun einkabílsins var nú 26% og því virðist vera sem lítið hafi breyst varðandi einkabílinn á þessum 7 árum. Það lýsir því þó kannski ágætlega hve mikið umhverfið hefur breyst á þessum árum að ekki var spurt um rafmagns- og metanbíla í könnuninni 2010 en í könnuninni 2017 sögðust 8% hafa hafa skipt yfir í tvinnbíl, rafmagnsbíl, eða metanbíl og 7% til viðbótar hætt að nota einkabílinn og nota frekar almenningssamgöngur, hjóla eða fara fótgangandi.

Í könnuninni nú sagði aftur á móti tæpur helmingur Íslendinga að þeir gætu hugsað sér að kaupa rafmagnsbíl og 7% metanbíl næst þegar þeir kaupa bíl. Það er í góðum takti við markmið stjórnvalda að 40% bílaflotans verði rafknúin árið 2030 en hlutfall endurnýjanlegrar orku í vegasamgöngum er nú um 7,7% og fer vaxandi.

Til að kanna betur upplifun og viðhorf Íslendinga til umhverfis- og loftslagsmála framkvæmdi Gallup viðamikla könnun veturinn 2017. Þá sögðust 60% Íslendinga hafa áhyggjur af afleiðingum loftslagsbreytinga á þá sjálfa og fjölskyldur þeirra og ögn lægra hlutfall taldi að Ísland gerði of lítið til að aðlagast loftslagsbreytingum.

Enn fremur kom í ljós að 44% höfðu talið sig upplifa afleiðingar loftslagsbreytinga í sínu sveitarfélagi og atriðin sem voru oftast nefnd voru hærra hitastig og minni snjór. Þegar svipuð spurning var lögð fyrir árið 2007 kom í ljós að 32% töldu að hækkandi hitastig jarðar hefði þegar haft alvarleg áhrif á á því svæði sem svarendur bjuggu á. Má því segja að mun fleiri þátttakendur nefni að þeir finni fyrir áhrifum loftslagsbreytinga en fyrir um áratug.

**Það er aukinn áhugi á umhverfismálum og upplifun Íslendinga af afleiðingum loftslagsbreytinga er að aukast.**

Í sömu könnun Gallup frá 2017 sagðist rúmlega helmingur svarenda hugsa mikið um hvað þeir gætu gert til að draga úr áhrifum sínum á loftslagið. Í framhaldinu voru þeir spurðir hvað, ef eitthvað, þeir hefðu gert síðasta árið til þess að draga úr áhrifum sínum á loftslagið. Flestir þátttakendur eða 82% sögðust hafa flokkað sorp, en það hlutfall var 69% árið 2010 og virðast fleiri því vera að flokka nú en fyrir sjö árum. Um 70% sögðust hafa minnkað plastnotkun síðasta árið og 44% höfðu keypt umhverfisvænar vörur til að draga úr áhrifum sínum á loftslagið. Aðeins 2% höfðu hætt eða dregið úr kjötneyslu og 9% sögðust hafa dregið úr fjölda flugferða.

Það má því merkja að það hafa orðið breytingar á bæði viðhorfum og hegðun Íslendinga samkvæmt þessum niðurstöðum. Það er aukinn áhugi á umhverfismálum og upplifun Íslendinga af afleiðingum loftslagsbreytinga er að aukast. Gallup mun áfram kanna viðhorf og hegðun Íslendinga hvað þetta varðar og birta nýjar niðurstöður snemma á næsta ári.

### Hversu mikinn áhuga hefurðu á umhverfismálum?




### Áhugi eftir aldri



# MARKADURINN.IS

## NÝR VEFUR FYRIR VIÐSKIPTALÍFIÐ




- INNLENDAR OG ERLENDAR VIÐSKIPTAFRÉTTIR
- GENGI HLUTABRÉFA OG GJALDMIÐLA
- ÁVÖXTUN SJÓÐA OG SKULDABRÉFA
- HVAÐ ER Á DÖFINNI Í VIÐSKIPTALÍFINU
- KAUP Á ÁRSSKÝRSLUM OG UPPLÝSINGUM ÚR HLUTHAFASKRÁ

# Skotsilfur

## Breytinga að vænta?



Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, hefur falið **Sigurði Kára Kristjánssyni**, hæstaréttarlögmanni og fyrrverandi þingmanni Sjálfstæðisflokksins, að vinna sérstaka greiningu á lagaumhverfi samkeppnismála hér á landi. Mjög hefur verið kallað eftir því undanfarin misseri, sérstaklega af hálfu atvinnulífsins, að íslensku samkeppnislögin verði endurskoðuð og samkeppnisyfirvöld lagi sig jafnframt að breyttum veruleika. Eftirlitið megi ekki vera svo stíft að það standi í vegi fyrir eðlilegri hagræðingu í atvinnulífinu. Eru vonir bundnar við að vinna Sigurðar Kára muni leiða til breytinga í þessum málum.

## Óheppilegt



**Sturla Sighvatsson**, einn af stofnendum Heimavalla, komst í fréttirnar í síðustu viku þegar greint var frá því að veðkall hefði verið gert í bréfum hans í leigufélaginu. Missti hann þannig yfirráð yfir stærstum hluta bréfanna. Sturla vísaði þessu á bug og sagðist ætla að kaupa öll bréfin aftur með framvirkum samningi hjá Arion banka. „Þeir eru að kaupa bréf fyrir mig núna og út þessa viku. Ég mun á endanum eiga sama magn bréfa og ég átti áður, og jafnvel meira,“ sagði hann. Kunnugir segja ummælin afar óheppileg af hálfu Sturlu, sem hefur verið stór hluthafi í Heimavöllum, og jafnvel fela í sér markaðsmisnotkun.

## Engar hótanir?



Starfsmaður Eflingar skrifaði grein í vikunni þar sem hann reyndi að sannfæra lesendur um að engar hótanir fælust í kröfum verkalýðshreyfingarinnar. Ekki ætti að líta svo á. Formaður sama stéttarfélags var ekki lengi að sýna fram á hið gagnstæða en hún sagði í viðtali sama dag að verkföll og stórátök þyrftu í eðli sínu ekki að vera slæm. Slíkt gæti verið „óumflýjanlegt“. **Ragnar Þór Ingólfsson**, formaður VR, bætti um betur og sagði þetta vera „einhvers konar stríð sem verkalýðshreyfingin á í“.

# Kaupóðir á svörtum föstudegi




Segja má að kaupæði hafi runnið á Brasilíubúa síðasta föstudag, hinn svonefnda svarta föstudag, sem er talinn stærsti verslunardagur í ríkjum víða um heim. Sjónvörpin ruku út í verslun raftækjakeðjunnar Fast Shop í miðborg São Paulo, stærstu borgar Brasilíu, en hundruð stykkja seldust upp á innan við klukkutíma. Dagurinn á rætur sínar að rekja aftur til ársins 1932 og er sagður marka upphafið að jólaversluninni NORDICPHOTOS/GETTY

# Gagnagnótt



**Gunnar Gunnarsson,** forstöðumaður greiningar og ráðgjafar hjá Creditinfo

Gagnagnótt eða „big data“ er tískuhugtak sem vísar í hið mikla magn gagna sem safnað er í heiminum í dag, fjölbreytileika þeirra og þann mikla hraða sem gögnin verða til á. Á Íslandi safna ekki margir aðilar gögnum í svo stórum stíl að það verðskuldi þennan stimpil. Frekar ætti að tala um „small data“ eða „medium data“ í því samhengi. Þessi grein fjallar því frekar um hinn mikla fjölbreytileika gagna sem notuð eru á Íslandi og um allan heim við ákvarðanatöku, oft sjálfvirka.

Á Íslandi er staðan sú að mikið magn af upplýsingum er orðið aðgengilegt á vélrænan, sjálfvirkan hátt með svokölluðum vefþjónustum. Í sinni einföldustu mynd þýðir það að eitt tölvukerfi getur kallað eftir gögnum frá öðru tölvukerfi án aðkomu mannshandarinnar, en þó þarf oftast samþykki notanda fyrir notkun gagnanna. Til dæmis er hægt er að taka einfaldar lánaákvarðanir til einstaklinga sjálfvirkt, á nokkrum sekúndum, byggt á fjölbreyttum upplýsingum, svo sem lánshæfismati og skuldastöðu, með vefþjónustum. Ef lánveitingin er vegna bílakaupa er hægt að nálgast allar upplýsingar um bílinn sjálfvirkt frá Samgöngustofu og ef hún snýst um fasteignir má nálgast fasteignaupplýsingar á sama hátt úr Fasteignaskrá.

Ef fjárhæðin er það há að framkvæma þarf greiðslumat þá er líka hægt að gera það sjálfvirkt með sérstöku samþykki lántakans því Ríkisskattstjóri hefur búið til vefþjónustur fyrir upplýsingar úr staðgreiðsluskrá. Handan við hornið eru svo til dæmis rafrænar þinglýsingar, metnaðarfull áform ríkisstjórnarinnar um stafræna framtíð auk aðgangs að alls kyns upplýsingum sem einstaklingar munu geta deilt sjálfir eftir innleiðingu nýju persónuverndarlaganna.

**Á Íslandi er staðan sú að mikið magn af upplýsingum er orðið aðgengilegt á vélrænan, sjálfvirkan hátt með svokölluðum vefþjónustum.**

Fyrir vissa þjóðfélagshópa á Íslandi og einnig víða erlendis er ekki alltaf um jafnauðugan garð gagna að gresja. Sem dæmi má nefna að þegar ungir bílstjórar eru tryggðir er ekki mikið vitað um þá og því erfitt að meta hverjir eru áhættusæknir og hverjir ekki. Að minnsta kosti hafa tvær mismunandi leiðir verið skoðaðar erlendis til að bregðast við þessu. Ein er að setja mælitæki í bifreiðar og fylgjast með aksturslagi og láta svo iðgjöld fara að hluta til eftir því hversu varlega er farið. Einn galli á þessu er að slík tæki geta verið dýr og bilanagjörn og upplýsingarnar liggja ekki fyrir strax. Til að mæta því hefur verið prófað að senda bílstjórana í stutt sálfræðipróf sem meðal annars er ætlað að meta áhættusækni. Skoðanir hafa sýnt að slík próf virka vel til að meta unga bílstjóra.

Annað dæmi má finna í Afríku þar sem innviðir samfélagsins eru ekki jafnþróaðir og á Vesturlöndum. Þar hefur stór hluti samfélagsins ekki verið í viðskiptum við fjármálastofnanir og því lítil fjárhagsleg saga til staðar. Í sumum löndum hefur verið gripið til þess ráðs við lánveitingar að nota upplýsingar um símanotkun einstaklinga. Dæmi um slíkar upplýsingar eru hvaða forrit eru sett upp, hvernig aðilinn notar símann auk upplýsinga um greiðsluhegðun úr símunum. Símar hafa í fjölda ára verið notaðir við greiðslumiðlun í Afríku, til dæmis í gegnum forrit eins og M-Pesa. Einnig eru notuð svipuð sálfræðipróf og rædd voru hér að ofan til að gefa mynd af persónuleika lántakans.

Það er því ljóst að margar tegundir gagna eru til og margar þeirra eru aðgengilegar á sjálfvirkan hátt með samþykki einstaklingsins. Einnig sjáum við að ef gögnin eru ekki til þá má nota ímyndunaraflið til að nota óhefðbundin gögn eða hreinlega búa til ný gögn. Tækifærin eru því ótalmörg til að auka sjálfvirkni og taka öruggar, hraðar ákvarðanir byggðar á fjölbreyttum og traustum upplýsingum.

# Ég versla ekki við fyrirtæki heima



**Þóranna K. Jónsdóttir**
MBA, markaðssérfræðingur og FKA-félagskona

Í gegnum árin höfum við séð ýmsar herferðir sem miða að því að fá fólk til að versla heima og velja íslenskt. Við heyrum umfjöllun um að við eigum að styðja íslenska framleiðslu, meðal annars bændur. Ekki bara með viðskiptum, heldur jafnvel með opinberum styrkjum og niðurgreiðslum. Veistu, nei. Þetta er komið gott. Það á ekkert fyrirtæki, engin verslun og enginn framleiðandi rétt á viðskiptum okkar.

Nokkur fyrirtæki í mínum heimabæ hafa gert mig verulega pirraða í gegnum árin með plakötum í gluggum, greinum í bæjarblöðum og væli úti í bæ um að fólk eigi að versla í heimabyggð. Á sama tíma eru gæðin hjá þeim léleg, verðin hærri en hjá samkeppnisaðilunum, þjónustan vægast sagt skelfileg og markaðssetningin nánast engin. Orkunni sem fer í þennan heimaáróður væri betur varið í að bæta gæðin, verðin og þjónustuna, og læra að markaðssetja almennilega til þess að ná í viðskiptavini. Ég ætla ekki einu sinni að byrja að tala um vöruþróun og almennilega markaðssetningu á lambakjöti!

**Það á ekkert fyrirtæki, engin verslun og enginn framleiðandi rétt á viðskiptum á viðskiptum okkar.**

Neytendur eru ekki í góðgerðastarfsemi. Ekkert frekar en fyrirtækin eru í góðgerðastarfsemi. Þetta eru einfaldlega viðskipti. Það á enginn rétt á viðskiptum annarra. Þú verður að vinna þér þau inn. Grundvöllur markaðsfræðanna er að mæta þörfum neytenda. Fjölmargar rannsóknir hafa sýnt að fyrirtæki sem horfa á hlutina frá sjónarhóli viðskiptavinanna og nálgast þá þaðan ná betri árangri en önnur. Sá sem kemur með besta svarið þegar viðskiptavinurinn spyr: „Hvað fæ ég út úr því?“ stendur uppi sem sigurvegari. Þetta er einfalt og í anda Kennedys: Ekki spyrja hvað viðskiptavinurinn getur gert fyrir þig, spurðu hvað þú getur gert fyrir viðskiptavininn.

Nú þegar íslensk fyrirtæki standa frammi fyrir stöðugt harðnandi erlendri samkeppni þá einfaldlega verða þau að fara að læra þetta. Það er að duga eða drepast. Þú átt ekki rétt á því að ég skipti við þig. En að öllu jöfnu: ef að gæðin, verðin, þjónustan og markaðssetningin eru jafngóð og hjá hinum, þá eru allar líkur á því ég kjósi að versla heima. En ég versla ekki heima – nema að fyrirtækin heima hafi unnið sér það inn.

# 5. DESEMBER 2018

# JÓLAHÁTÍÐ

## FATLAÐRA

**Miðvikudaginn 5. des. verður Jólahátíð fatlaðra haldin í 36. sinn á Hilton Reykjavik Nordica kl. 19:30**

Hljómsveitin Toppmenn sér um undirleik.
Skólahljómsveit Árbæjar og Breiðholts undir stjórn Snorra Heimissonar leikur létt lög frá 18:45

Jóhannes Guðjónsson píanóleikari leikur í anddyri

**HÚSIÐ VERÐUR OPNAÐ KLUKKAN 18:30 OG DAGSKRÁ LÝKUR UM KLUKKAN 21:30**


Jógvan


Laddi


Sveppi


Steindi


Ingó Veðurguð


Dagur Sigurðsson


Heiða Ólafs


Hreimur


Geir Ólafs


Eyjólfur Kristjánsson


Jói P & Króli


MC Gauti


María Ólafsdóttir


Rósa, Sigurjón og Hrabbý


Birgitta Haukdal


Páll Óskar


Sigmundur Ernir


Dagur B. Eggertsson

Kynnar: Sigmundur Ernir og Með okkar augum
Hljóðstjórn: Jón Skuggi  Sviðsstjóri: Friðgeir Bergsteinsson
Heiðursgestur: Dagur B. Eggertsson borgarstjóri
Pantið tímanlega hjá Ferðaþjónustu fatlaðra

Að venju eru aðstandendur hvattir til að mæta með sínu fólki

# MARKAÐURINN

FRÉTTABLAÐIÐ.IS frettabladid.is | Instagram fréttablaðsins @frettabladid

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL | Miðvikudagur 28. nóvember 2018


## Rekstur Bauhaus nálgast núllið

Byggingavöruverslun Bauhaus á Íslandi er á góðri leið með að koma rekstrinum réttum megin við núllið. Rekstrartap Bauhaus slhf. nam 33 milljónum króna á síðasta ári og dróst saman frá árinu 2016 þegar það nam 236 milljónum. Verslun Bauhaus á Íslandi var opnuð árið 2012 en á fyrstu fimm árum starfseminnar nam samanlagt rekstrartap 2,2 milljörðum króna.

Rekstrartekjur námu 2.778 milljónum króna og jukust um 7,9 prósent á milli ára. Á sama tímabili lækkaði kostnaðarverð seldra vara um 3,2 prósent en aðrir kostnaðarliðir jukust um 5,7 prósent.

Bauhaus tapaði 113 milljónum á síðasta ári og jókst tapið á milli ára en það nam 63 milljónum árið 2016. Það má að miklu leyti rekja til breytingar á gengismun.

Fasteignir Bauhaus eru skráðar á Lambhagaveg fasteignafélag. Félagið tapaði 110 milljónum króna í fyrra en árið 2016 hagnaðist það um 673 milljónir en það má aftur rekja til gengismunar. **– tfh**

27.11.2018

**Það er eins og það sé einhver kvöð að vera úti á landi og vinna vinnu sem er í boði þar og lifa við enn betri lífskjör.**



Sigmar Vilhjálmsson, eigandi Keiluhallarinnar og Shake&Pizza

## Stjórnarmaðurinn

## Blikur á lofti

**Fjármálamarkaðir** hafa nötrað undanfarna daga eftir enn ein tíðindin af væntum samruna Icelandair og WOW air. Icelandair tilkynnti á mánudag að ekki væri unnt að aflétta skilyrðum vegna samrunans í tæka tíð fyrir hluthafafund félagsins sem fram fer nú á föstudag.

**Á meðan** er rekstrarstaða WOW enn afar erfið, þótt fram hafi komið í fjölmiðlum að nægt rekstrarfé sé að minnsta kosti fram yfir næstu mánaðamót. Forstjórinn sjálfur virðist meta stöðuna svo að reksturinn hafi versnað töluvert frá hausti ef marka má tilkynningu sem hann sendi þátttakendum í skuldabréfaútboði WOW sem lauk í september. Við það bætist að WOW hefur losað sig við fjórar vélar.

**Utan frá** er staðan því nokkuð tvísýn og því ekki nema von að órói sé á markaði. Nær öll skráð félög féllu í verði á markaði í gær, og væringar voru sömuleiðis á skuldabréfamarkaði. Þetta er auðvitað ekki annað en birtingarmynd af ótta fjárfesta við það sem koma skal. Í því ljósi er athyglisvert að velta stöðunni fyrir sér. WOW flytur þriðja hvern farþega til landsins, og er stór atvinnurekandi, einkum á Suðurnesjum. Þess utan eru margir sem eiga störf sín undir því að ferðamenn skili sér til landsins. Afleidd störf skipta sennilega hátt í tug þúsunda.

**Fall WOW** gæti því haft mikil áhrif á efnahagsástandið á Íslandi. Krónan myndi sennilega veikjast verulega umfram það sem þegar er orðið. Eignaverð myndi lækka, að minnsta kosti tímabundið, og efnahagslegum stöðugleika í landinu stemmt í tvísýnu til skamms tíma.

**Af þessum** ástæðum ríður á að þeir sem koma að borðinu í þessum viðræðum, hvort sem er af hendi aðila málsins, eftirlitsaðila eða jafnvel stjórnvalda, beiti almennri skynsemi í nálgun sinni. Mjúk lending hjá WOW er nefnilega ekki bara einkamál þeirra sem af málinu hafa beina hagsmuni. Í því samhengi má minna enn og aftur á þá staðreynd að íslenska ríkið hefur áður lagt Icelandair og forverum þess félags lið þegar á þurfti að halda, til dæmis í kjölfar hryðjuverkaárásanna 11. september 2001. Ríkisinngrip á flugmarkaðinn eru því ekki óþekkt stærð á Íslandi, og verðmiðinn í þessu tilviki er ekki hár í stóra samhenginu.










*Hámarkaðu árangurinn þinn og verðmæti með því að nýta þér fjölbreytta þekkingu og víðtæka reynslu PwC á öllum sviðum rekstrar*

Hafðu samband því þinn árangur er mikils virði.

pwc

PwC | Sími 550 5300 | www.pwc.is

PwC á Íslandi er framsækið og traust fyrirtæki sem veitir sérfræðiþjónustu á sviði fyrirtækja- skatta- og lögfræðiráðgjafar, endurskoðunar og reikningsskila. Fyrirtækið er íslenskt og er hluti af alþjóðlegu neti sjálfstæðra fyrirtækja sem aðstoðar viðskiptavini sína við að auka verðmæti, stjórna áhættu og bæta árangur sinn.

Reykjavík | Akureyri | Reykjanesbær | Húsavík | Selfoss | Hvolsvöllur


Skál fyrir hollustu
Cheerios

FRÉTTABLAÐIÐ
# TÍMAMÓT
28. NÓVEMBER 2018 MIÐVIKUDAGUR

## Merkisatburðir

**1443** Orrustan við Nis: Jóhann Hunyadi og Albanar undir stjórn Skanderbegs vinna sigur á Tyrkjum.

**1499** Játvarður jarl af Warwick tekinn af lífi, að sögn fyrir að hafa reynt að flýja úr Tower of London.

**1520** Þrjú skip undir stjórn Ferdinands Magellan koma inn á Kyrrahaf eftir að hafa siglt um sundin í Suður-Ameríku.

**1660** Konunglega enska vísindafélagið stofnað í London. Félagið telur sig vera elsta lærdómsfélag heims sem enn er starfandi.

**1700** Nýi stíll, gregoríska tímatalið, gengur í gildi á Íslandi.

**1821** Panama fær sjálfstæði frá Spáni.

**1905** Gosdrykkjagerðin Sanitas stofnuð í Reykjavík.

**1921** Hvíta stríðið: Til átaka kemur í Reykjavík er lögregla sækir rússneskan dreng heim til Ólafs Friðrikssonar ritstjóra, en Ólafur kom með drenginn frá Rússlandi. Hann fékk ekki landvistarleyfi vegna sérstaks augnsjúkdóms sem hann var með og var því sendur úr landi aftur.

**1922** Bandaríska fjölmiðlafyrirtækið Time Inc. stofnað.

**1960** Máritanía fær sjálfstæði frá Frakklandi.

# Menningarteiti Teits haldið þriðja árið í röð

**Teitur Magnússon heldur í kvöld sitt árlega menningarteiti og er þetta þriðja árið sem hann gerir það. Þarna mun hann sýna glænýtt myndband af nýjustu plötunni, skáld lesa úr verkum sínum, skífur verða skenktar og óvæntir atburðir eru á dagskránni.**


Teitur Magnússon hefur haldið uppi merki menningarinnar í þrjú ár. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Árlegt menningarkvöld Teits Magnússonar fer fram á Vínyl við Hverfisgötu nú í kvöld klukkan átta. Teitur heldur þessa veislu sína þriðja árið í röð – vaninn hefur verið að þarna mæti skáld og lesi úr sínum verkum og Teitur bregður ekki út af vananum þetta árið – nema ef skyldi vera að hann sjálfur er í þetta sinn með smá útgáfu sem hann ætlar sér að koma á framfæri.

„Ég er búinn að halda þessi menningarkvöld fyrir jól núna síðustu þrjú ár. Það hefur alltaf verið mikil dagskrá en núna vill svo til að ég er sjálfur að gefa út – ég er að fara að frumsýna myndband sem Haukur Valdimar Pálsson gerði fyrir mig. Hann klippti það úr filmum sem pabbi hans átti og hafði verið að taka upp af fjölskyldunni sinni. Fjölskyldan hans Hauks mun fjölmenna þarna og mögulega bregða á leik – þannig að það verður eins konar fjölskylduþema. Svo eru í myndbandinu líka upptökur úr minni æsku og þessu blandað saman. Svo mun ég þeyta skífum og spjalla við þau skáld sem mæta, þannig að þetta verður líka lifandi spjallþáttur. Haukur mun svo líka bregða á leik og vera með eins konar gjörning,“ segir Teitur aðspurður að því hvernig dagskráin í ár líti út.

> **Ég er búinn að halda þessi menningarkvöld fyrir jól núna síðustu þrjú ár. Það hefur alltaf verið mikil dagskrá en núna vill svo til að ég er sjálfur að gefa út – ég er að fara að frumsýna myndband sem Haukur Valdimar Pálsson gerði fyrir mig.**

Myndbandið er við lagið Kollgátan af nýjustu plötu Teits, Orna, en hún kom út fyrr á árinu við góðar viðtökur. Uppstilling skálda sem munu mæta til teitisins er ekki alveg á hreinu segir Teitur og því verður það að einhverju leyti að koma á óvart.

„Þetta verður allt frekar óvænt – ég er búinn að tala við hóp af skáldum og einhverjir búnir að staðfesta, aðrir jákvæðir og líklegir. Ásdís Halla sem var að gefa út bókina Hornauga er að minnsta kosti að fara að mæta.“

stefanthor@frettabladid.is

---



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Alma Stefánsdóttir**
frá Dalvík,

verður jarðsungin frá Glerárkirkju, Akureyri, föstudaginn 30. nóvember kl. 13.30.

**Gylfi Ægisson** **Björg Malmquist**
**Garðar Ægisson** **Bryndís Arna Reynisdóttir**
**og fjölskyldur.**

---



Systir okkar,

**Guðný Gestsdóttir Phipps**
Hurricane, Utah,

lést 28. október.
Útförin hefur farið fram.

**Helga, Anna, Auður,**
**Hildigunnur, Skúli Már**

---



Okkar ástkæra móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**Kristín Björg Baldvinsdóttir**
**(Lóa)**
Skálahlíð, Siglufirði,

lést á Heilbrigðisstofnun Norðurlands, Fjallabyggð, miðvikudaginn 21. nóvember.
Útför hennar fer fram frá Siglufjarðarkirkju föstudaginn 30. nóvember kl. 14.00.

**Þorsteinn Haraldsson** **Jóhanna Pálsdóttir**
**Ólafur Haukur Kárason** **Ólína Þórey Guðjónsdóttir**
**Jakob Örn Kárason** **Elín Þór Björnsdóttir**
**Tómas Kárason** **Dominique Porepp**
**Baldvin Kárason** **Gróa María Þórðardóttir**
**Ragna Hannesdóttir** **Kristján Elís Bjarnason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Þökkum auðsýndan samhug og hlýhug við andlát og útför föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

**Sigurpáls Árnasonar**

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki á Krummalundi í Boðaþingi fyrir einstaka umhyggju og alúð.

**Kristján Páll Sigurpálsson** **Sigríður Halldórsdóttir**
**Sigurbjörg Sigurpálsdóttir** **Sigvaldi Þorgilsson**
**Kolbrún Sigurpálsdóttir** **Freysteinn Sigurðsson**
**Sigurlaug Sigurpálsdóttir** **Sigurjón P. Stefánsson**
**Árni Baldvin Sigurpálsson** **Harpa Jóhannsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---




Ástkær móðir okkar og amma,

**Jensa Kitty Petersen**
sem andaðist á LSH sunnudaginn 18. nóv. 2018 og elskulegur bróðir okkar og frændi,

**Þröstur Vilbergsson**
sem andaðist í Hafnarfirði 21. nóv. 2018,

verða jarðsungin frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði fimmtudaginn 29. nóvember kl. 13.30.

**Pétur Daníel Vilbergsson**
**Jóna Björg Vilbergsdóttir**
**Soffía Vilbergsdóttir Petersen**
**barnabörn.**

---



Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður, tengdaföður og afa,

**Eiríks Briem**
hagfræðings.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki krabbameinsdeildar Landspítalans fyrir hlýja og góða umönnun.

**Guðrún Ragnarsdóttir Briem**
**Maj-Britt Hjördís Briem** **Einar Þorvaldur Eyjólfsson**
**Eiríkur Briem** **Hanna Kristín Briem Pétursdóttir**
**Katrín Briem** **Þorvaldur Ólafsson**
**og barnabörn.**

---



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og bróðir,

**Sæmundur Þór Guðmundsson**

lést á Landspítalanum við Hringbraut þriðjudaginn 20. nóvember.
Útför hans fer fram frá Lindakirkju mánudaginn 3. desember klukkan 13.00.
Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hans er bent á Krabbameinsfélag Íslands.

**Bára Jónasdóttir**
**Guðrún Jóna Sæmundsdóttir** **Smári Stefánsson**
**Bertha María Smáradóttir** **Alexander Elvar Friðriksson**
**Eva María Smáradóttir**
**og systkini.**

---




Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför foreldra okkar

**Guðrúnar Bergsdóttur**
hjúkrunarfræðings og

**Gunnars Sveinbjörns Jónssonar**
húsasmíðameistara.

Sérstakar þakkir færum við þeim sem önnuðust þau í veikindum þeirra síðustu mánuði.

**Sara Gunnarsdóttir** **Þorkell Jóhannsson**
**Bergur Gunnarsson** **Hrönn Arnarsdóttir**
**Ólöf Gunnarsdóttir** **Ragnar Þór Jörgensen**
**Auður Gunnarsdóttir** **Gunnar Magnússon**
**barnabörn og barnabarnabörn.**


GLAMOUR
Komið í allar helstu verslanir
GLAMOUR
Ísland
desember '18/ janúar '19
Hátíðarblað
Tíska, förðun og heimilið.
Glitrandi fatnaður, förðunarráð og jólaskreytingar.
JÓLIN KOMA
þó að allt sé ekki 100%
Þekktir fagurkerar gefa ráð og segja frá sínu jólahaldi.
Jólagjafahandbók Glamour
yfir 250 JÓLAGJAFA HUGMYNDIR
Glamour auðveldar þér lífið fyrir jólin!
Íslenskt tískutímarit

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Miðvikudagur

Vaxandi norðaustanátt, 15-23 m/s síðdegis en hvassari í Öræfum í kvöld. Snjókoma eða él frá Vestfjörðum og austur fyrir land, en úrkomulaust að kalla SV til. Hiti á bilinu 1-4 við suðurströndina en annars frost 0-8, kaldast í innsveitum norðanlands.







**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1 | 7 | 2 | | | | 6 | |
| | | 4 | | | 6 | 7 | | 5 |
| | 9 | | | 3 | | | | |
| | | 9 | | | | | | |
| 4 | 6 | | | | | 3 | 8 | |
| 2 | | | 4 | | | 9 | | |
| 7 | 5 | | 1 | 9 | 2 | 8 | | |
| | 3 | 8 | | | | 1 | | |
| 1 | | | 8 | 7 | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 5 | | | 6 | | 3 |
| | 1 | | 8 | | 6 | | | 4 |
| 8 | | 7 | | 3 | | | | |
| | 4 | 2 | | | 7 | | | 6 |
| 1 | 3 | | | | 9 | 2 | | |
| | | 8 | | | | | | |
| | | | 1 | | | 5 | | |
| | | 1 | | | | 8 | | |
| 6 | 9 | | | 2 | 8 | | 3 | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 1 | | 6 | | |
| | 3 | 6 | | | 8 | | | 2 |
| | | 9 | | | | | | 5 |
| | | | | | | 8 | | |
| 3 | 1 | 8 | | | 2 | 9 | | |
| | | 7 | 3 | | | | 6 | |
| 4 | | | 7 | | 5 | | 1 | |
| | 9 | 5 | | 4 | | | | |
| | 8 | | | | | | | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 9 | 2 | 8 | 6 | 5 | 4 | 1 | 3 |
| 4 | 3 | 6 | 1 | 7 | 9 | 2 | 5 | 8 |
| 1 | 5 | 8 | 4 | 2 | 3 | 6 | 7 | 9 |
| 8 | 2 | 9 | 5 | 1 | 4 | 7 | 3 | 6 |
| 3 | 1 | 4 | 7 | 8 | 6 | 5 | 9 | 2 |
| 5 | 6 | 7 | 9 | 3 | 2 | 1 | 8 | 4 |
| 9 | 4 | 1 | 6 | 5 | 8 | 3 | 2 | 7 |
| 2 | 8 | 5 | 3 | 4 | 7 | 9 | 6 | 1 |
| 6 | 7 | 3 | 2 | 9 | 1 | 8 | 4 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 8 | 3 | 6 | 9 | 4 | 2 | 1 | 5 |
| 2 | 5 | 1 | 3 | 7 | 8 | 4 | 9 | 6 |
| 9 | 4 | 6 | 1 | 2 | 5 | 7 | 3 | 8 |
| 3 | 9 | 4 | 2 | 1 | 6 | 8 | 5 | 7 |
| 5 | 6 | 2 | 7 | 8 | 9 | 3 | 4 | 1 |
| 1 | 7 | 8 | 5 | 4 | 3 | 6 | 2 | 9 |
| 4 | 1 | 7 | 8 | 5 | 2 | 9 | 6 | 3 |
| 8 | 3 | 9 | 4 | 6 | 1 | 5 | 7 | 2 |
| 6 | 2 | 5 | 9 | 3 | 7 | 1 | 8 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 9 | 1 | 2 | 4 | 3 | 7 | 5 | 6 |
| 2 | 4 | 7 | 8 | 5 | 6 | 9 | 1 | 3 |
| 3 | 5 | 6 | 7 | 1 | 9 | 2 | 8 | 4 |
| 7 | 1 | 2 | 6 | 8 | 4 | 3 | 9 | 5 |
| 9 | 6 | 4 | 3 | 7 | 5 | 8 | 2 | 1 |
| 5 | 3 | 8 | 9 | 2 | 1 | 4 | 6 | 7 |
| 1 | 2 | 3 | 4 | 6 | 8 | 5 | 7 | 9 |
| 4 | 8 | 5 | 1 | 9 | 7 | 6 | 3 | 2 |
| 6 | 7 | 9 | 5 | 3 | 2 | 1 | 4 | 8 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1. stoð
5. öxulendi
6. í röð
8. vonska
10. í röð
11. grasey
12. klókur
13. sýra
15. vín
17. geil

**LÓÐRÉTT**
1. kjöt
2. ræðu
3. kraftur
4. rispan
7. feluorð
9. hitamolla
12. vellíðan
14. kvk nafn
16. bráðlyndur

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | | 9 | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

**LÁRÉTT: 1.** staur, **5.** nöf, **6.** áb, **8.** illska, **10.** tu, **11.** vin, **12.** kænn, **13.** edik, **15.** líkjör, **17.** skarð. **LÓÐRÉTT: 1.** snitsel, **2.** tölu, **3.** afl, **4.** rákin, **7.** bannorð, **9.** svækja, **12.** kikk, **14.** dís, **16.** ör.

## Skák Gunnar Björnsson

Henrik Danielsen (2.504) átti leik gegn Keith Arkell (2.443) á heimsmeistaramóti 50 ára og eldri sem er í gangi í Bled.

**63. … Hh1! 0-1.** Í dag tefla Magnús Carlsen og Fabiano Caruana til þrautar um heimsmeistaratitilinn með styttri umhugsunartíma. Allar upplýsingar um fyrirkomulag og hvernig best sé að fylgjast með má finna á www.skak.is.

**www.skak.is:** Allt um HM-einvígið.

**Svartur á leik**









## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





Sjón sækir Borgarbókasafnið í Gerðubergi heim á Bókakaffi í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Hvað? Hvenær? Hvar? Miðvikudagur

hvar@frettabladid.is

## 28. NÓVEMBER 2018

### Tónlist

**Hvað?** Sideproject, Axis Dancehall, Man Kind & Krakk&Spaghettí á Húrra
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Húrra, Tryggvagötu
Frítt inn á tónleika.

### Viðburðir

**Hvað?** Bókakaffi | Sjón, Mánasteinn og sögulega skáldsagan
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Borgarbókasafnið, Gerðubergi
Rithöfundurinn Sjón sækir Gerðuberg heim á Bókakaffi í nóvember, með skáldsöguna Mánastein í farteskinu. Kristján Guðjónsson menningarblaðamaður mun spjalla við Sjón um söguna og skáldskapinn, um bíó, býsnir og skuggabaldra. Hvernig er að skrifa sig inn í frostavetur? Hvernig leið almenningi í Reykjavík á fullveldisárinu?

**Hvað?** Menningarteiti
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Vinyl, Hverfisgötu
Menningarkvöld Teits Magnússonar snýr aftur í aðdraganda jólanna þriðja árið í röð! Frumsýnt verður glænýtt myndband við lag Teits, Kollgátan, af plötunni, Orna, sem kom út fyrr á árinu. Einnig þeytir Teitur skífum og heldur utan um menningardagskrána; lifandi spjallþátt þar sem þjóðþekkt skáld lesa upp og ræða verk sín. Teiti til halds og trausts verður höfundur myndbandsins og fjöllistafjörfuglinn Haukur Valdimar Pálsson.

**Hvað?** Útgáfuhóf – Grillmarkaðurinn á Grillmarkaðnum
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Grillmarkaðurinn, Lækjargötu
Við bjóðum ykkur velkomin í sannkallað sælkeraútgáfuhóf miðvikudaginn 28. nóvember þegar við fögnum útgáfu bókarinnar um Grillmarkaðinn. Boðið verður upp á glæsilegar veitingar à la Grillmarkaðurinn og ljúffeng vín frá Allegrini. Bókin verður á kostakjörum og 50 fyrstu eiga kost á að kaupa takmarkaða útgáfu af bókinni. Allir velkomnir!

**Hvað?** Forsýning – Sælla að gefa: Jóladagatal RÚVnúll 2018
**Hvenær?** 14.00
**Hvar?** RÚV, Efstaleiti
Þér er boðið á frumsýningu jóladagatals RÚVnúll, Sælla að gefa.

**Hvað?** Mótmælafundur Krakkaveldis
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Austurvöllur
Við erum nokkrir krakkar sem erum að búa til stjórnmálaflokk fyrir krakka. Við ætlum að ganga kröfugöngu frá Hallgrímskirkju niður á Austurvöll miðvikudaginn 28. nóvember klukkan 17.50. Svo höldum við mótmælafund á Austurvelli um 18.00. Allir krakkar eru velkomnir, og mega taka með mótmælaskilti ef þau vilja. Til dæmis er hægt að skrifa á skiltið hverju þið viljið breyta á Íslandi. Mótmælafundurinn er skipulagður af átta krökkum sem taka nú þátt í gerð sviðsverks undir stjórn Salvarar Gullbrár Þórarinsdóttur. Verkið verður sýnt í Listaháskóla Íslands í desember.




Tvær kvikmyndir verða frumsýndar í Bíói Paradís í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**Hvað?** Frumsýning – Svona fólk (1970-1985)
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Bíó Paradís, Hverfisgötu
Hommar og lesbíur lifðu í þögn og ótta langt fram á síðustu öld. Örlagaríkt viðtal í tímaritinu Samúel 1975 við Hörð Torfason um kynhneigð hans hratt af stað ófyrirsjáanlegri atburðarás og markar upphaf réttindabaráttu homma og lesbía á Íslandi. Svona fólk – fyrri hluti rekur aðstæður og upphaf þessarar baráttu fram til 1985, sögur fólks sem daglega tókst á við ríkjandi gildismat og fordóma í von um að gera Ísland byggilegt fyrir sig og sína.

**Hvað?** Bókakvöld Félags áhugamanna um heimspeki
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Iða Zimsen, Vesturgötu
Félag áhugamanna um heimspeki stendur fyrir bókakvöldi á Iðu Zimsen kaffihúsi. Viðburðurinn hefst klukkan 20.00 og munum við rýna í þrjár bækur sem komu út á þessu ári.

**Hvað?** Frumsýning – MSP Films „Hoji“
**Hvenær?** 19.00
**Hvar?** Bíó Paradís, Hverfisgötu
Fjallakofinn og Holmlands kynna með stolti frumsýningu myndarinnar „Hoji“ í Bíói Paradís miðvikudaginn 28. nóvember. Heiðursgestur verður Eric „Hoji“ Hjorleifson sjálfur.

**Hvað?** Jólaperl
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Bókasafn Garðabæjar
Álftanessafn býður upp á jólaperl þar sem allir eru velkomnir að perla saman. Nóg er til af jólaperlum og starfsfólk verður með straujárnið á lofti. Allir velkomnir og allt ókeypis. Bara mæta með góða skapið og perla eins og vindurinn. Mögulega mun jólasveininn lauma einhverju góðgæti í skál.

**Hvað?** Bókakonfekt Forlagsins 2018
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Messinn, Granda
Verið velkomin á Messann Granda, Grandagarði 8, næstu fjögur miðvikudagskvöld þar sem árlegt Bókakonfekt Forlagsins fer fram. Upplestrarkvöldin eru fyrir löngu orðin fastur liður í vetrardagskrá bókaáhugafólks og þar myndast notalegt og hátíðlegt andrúmsloft. Bækur höfunda eru seldar á staðnum og eins og áður hafa höfundar verið liðlegir við að árita ef þess er óskað.

### Sýningar

**Hvað?** Stundum (yfir mig fjallið)
**Hvenær?** 11.00
**Hvar?** BERG Contemporary, Klapparstíg
Málverkasýning Johns Zurier, Stundum (yfir mig fjallið) er opin í BERG Contemporary þriðjudaga til föstudaga frá 11 til 17.





BARA Í BETRA BAKI
RAUÐIR, BLÁIR, BLEIKIR, LJÓSIR OG GRÁIR

BYLTING FYRIR ÞREYTTA FÆTUR

Með fimm svæða nuddinnleggi UNDRA nærðu slökun og vellíðan sem dregur úr spennu og örvar blóðflæði. Heilsuinniskórnir eru fallegir, hlýir og einstaklega þægilegir. Fáanlegir í dökkgrárri, ljósri, blárri, bleikri eða rauðri merínóull. Komdu og prófaðu!




ÖRVUN MEÐ SVÆÐANUDDSINNLEGGI MIÐAR AÐ ÞVÍ AÐ:

- Auka blóðflæði í höfði;
- Slaka á vöðvum í hnakka;
- Bæta öndun með því að slaka á axlasvæði;
- Samhæfa ósjálfráða taugakerfið;
- Slaka á vöðvum í efri hluta kviðar;
- Bæta virkni meltingarkerfisins;
- Bæta blóðflæði í nára.



FAXAFENI 5 Reykjavík 588 8477
DALSBRAUT 1 Akureyri 588 1100
SKEIDI 1 Ísafirði 456 4566
Betra BAK





GOTT KVÖLD Í BÍÓ PARADÍS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19 — NÁNAR Á BIOPARADIS.IS

| | | | |
|---|---|---|---|
| Kalt stríð // Cold War (ENG SUB) | 18:00 | Erfingjarnir//The Heiresses (ENG SUB) | 20:00 |
| Litla Moskva (ICELANDIC - NO SUB) | 18:00 | Hinn seki // The Guilty (ENG SUB) | 22:00 |
| Mæri // Border (ICE SUB) | 18:00 | Juliusz (POLISH WITH ENGLISH SUB) | 22:00 |
| Svona fólk (ICELANDIC - NO SUB) | 20:00 | Erfingjarnir//The Heiresses (ICE SUB) | 22:00 |
| Fjallakofinn+Holmlands: HOJI | 20:00 | | |



# Samtímalist í stað selskinna og saltfisks

**Stór salur á Nordatlantens Brygge í Kaupmannahöfn verður undirlagður íslenskri samtímalist frá 30. nóvember til 17. febrúar. Sýningarstjóri er Heiðar Kári Rannversson sem einnig er nýráðinn sýningarstjóri hússins.**

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



High & Low – islandsk samtidskunst er heiti sýningar sem opnuð verður á Nordatlantens Brygge í Kaupmannahöfn 30. nóvember. Þar eiga ellefu íslenskir myndlistarmenn verk, málverk, gjörninga, skúlptúra, vefnað og vídeólist, sem jafnframt blandast tónlist. Heiðar Kári Rannversson listfræðingur er sýningarstjóri. Hann segir verkin fjölbreytt, enda frá rúmlega 40 ára tímabili.

Eitt hljóð- og vídeóverkanna er tengt Veðurstofu Íslands, gegnum tölvu sem sækir upplýsingar um hæðir og lægðir er ganga yfir Ísland jafnt og þétt. Ég bið Heiðar Kára að útskýra það aðeins nánar. „Þetta er áhrifamikið verk eftir Þórönnu Dögg Björnsdóttur, það túlkar hið síbreytilega veður sem við Íslendingar búum við. Mér fannst það góð leið til að grípa einhvern þráð, án þess að vera of þjóðlegur. Það er svo séríslenskt að tala um lægðir og hvernig þær hafa áhrif á geð okkar og líðan. Verkið er að nokkru leyti hugmyndin að baki titlinum High & Low.“

Heiðar Kári heldur ekki aðeins utan um High & Low, heldur er hann orðinn sýningarstjóri Nordatlantens Brygge og getur því mótað sýningadagskrá þar eftir sínu höfði næstu árin. „Forveri minn hætti frekar skyndilega og staðan losnaði. Það var eftir að ég var beðinn að setja upp þessa sýningu, hún er búin að eiga langan aðdraganda, að minnsta kosti allt þetta ár. En ég greip tækifærið og sótti um,“ segir hann og lýsir starfsemi Nordatlantens Brygge, húss vestnorrænu landanna, Íslands, Færeyja og Grænlands.

„Húsið er við Grønlandske Handels Plads, gamla bryggju sem vörum frá Íslandi, Færeyjum, Grænlandi og Finnmörku var skipað upp á fram til 1960 til 70. Afurðir eins og olía úr hvölum og sútuð selskinn voru svo flutt þaðan aftur til annarra landa. Núna er í húsinu marghátttuð starfsemi, meðal annars stór veitingastaður, sendiráð Íslands og þjónustuskrifstofur Grænlands og Færeyja.

Stofnunin sem ég vinn fyrir er í tveimur stórum sýningarsölum. Ég fylli annan þeirra með þessari stóru sýningu. Önnur verður opnuð viku seinna í hinum salnum, á verkum Jørgens Simonsen, dansks fatahönnuðar sem gerði garðinn frægan á 10. áratugnum í París og hefur unnið fyrir öll helstu tískuhúsin. Það er til marks um fjölbreytileikann. Á síðustu fimmtán árum hefur menningu verið miðlað úr þessu húsi sem áður hýsti vörur eins og selskinn og saltfisk.



Heiðar Kári er kominn með framtíðarstarf sem sýningarstjóri á Nordatlantens Brygge. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Una Björg Magnúsdóttir sýnir verkið sitt Ensemble Set á High & Low.



Arna Óttarsdóttir sýnir What Can I Do Anyway frá 2017 með leyfi i8.

## Þátttakendur á sýningunni:

**Arna Óttarsdóttir, Arnar Ásgeirsson, Ásta Fanney Sigurðardóttir, Birgir Andrésson, Hildur Hákonardóttir, Magnús Pálsson, Sigurður Guðjónsson, Una Björg Magnúsdóttir, Örn Alexander Ámundason & Una Margrét Árnadóttir, Þóranna Dögg Björnsdóttir í samstarfi við Nicolas Kunysz og Veðurstofu Íslands.**

Enn leggjast skip að bryggjunni, aðallega flottar skútur. Þetta er góður staður. Var svolítið afskekktur en fyrir fáum árum var opnuð göngu- og hjólabrú frá Nýhöfn yfir á Kristjánshöfn svo nú er Nordatlantens Brygge komið í miðbæjarsamband. Því hefur umferð í húsið aukist mjög mikið, sérstaklega af erlendum ferðamönnum, því eins og Reykjavík er Kaupmannahöfn sprengfull af túristum allan ársins hring.“

Heiðar Kári kveðst hlakka til að móta stefnu sýninga í húsinu eftir sínu höfði og tengja þær Íslandi, Færeyjum og Grænlandi, það bjóði upp á marga áhugaverða möguleika. Hann er þó ekki alfluttur út, heldur „þvælist fram og til baka“ eins og hann orðar það. „Ég hírist í herbergi núna en er alltaf að svipast um eftir íbúð svo konan og dóttirin geti komið til mín,“ segir hann og kveðst landvanur í Köben. „Foreldrar mínir voru þar við nám í níu ár þegar ég var lítill, og ég svo síðar.“

High & Low er framlag Sendiráðs Íslands í Kaupmannahöfn til 100 ára afmælis fullveldisins og Heiðar Kári segir langt síðan haldin hefur verið jafn viðamikil sýning á íslenskri samtímalist í borginni. „Við opnunina 30. nóvember verða framdir gjörningar og þann 5. desember verður málþing með þátttöku nokkurra íslenskra fræði- og listamanna.“

# Hnotubrjóturinn var ógleymanleg stund

**TÓNLIST**

**Hnotubrjóturinn**
★★★★★
**Tsjajkovskí**

**Flytjendur:** Hátíðarballettinn í St. Pétursborg og Sinfóníuhljómsveit Íslands.
**Danshöfundar:** Marius Petipa og Lev Ivanov.
**Leikmynd og búningar:** Vyacheslav Okunev. Lýsing: Rainer Kornhuber.
**Eldborg í Hörpu**
Föstudaginn 23. nóvember

Samkvæmt þýskri alþýðutrú á hnotubrjótur að færa heimilinu gæfu. Hann táknar styrk og ver fyrir hættu og illum öndum. Hefð var fyrir hnotubrjótum í líki dáta, konungs, skógarhöggsmanns, o.s.frv. Slík skemmtileg fígúra kallaði á líflegar umræður við gestaborðið þegar eftirréttur sem innihélt hnetur var borinn fram. Þetta er kjarninn í ballettinum eftir Tsjajkovskí sem sýndur var í Eldborginni í Hörpu á föstudagskvöldið. Hnotubrjóturinn er þar ekki bara eitthvert eldhústól, heldur máttug vera sem breytir jólunum í furðuveröld töfra og ævintýra.



Útkoman var galdraheimur lita og ótrúlega fagurra hreyfinga, segir Jónas Sen.

Verkið var sett upp af Hátíðarballett Sánkti Pétursborgar ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands, sem lék í gryfjunni og sást því ekki. Ballettinn var stofnaður 2009, en í borginni sem hann er kenndur við eru ballettsýningar inngróið listform. Dansflokkarnir hafa þó sjaldnast farið með sýningar sínar út fyrir borgarmörkin. Hátíðarballettinn var því stofnaður, svo aðrir en borgarbúar gætu fengið að njóta. Hann hefur ferðast víða síðan hann var stofnaður.

Sýningin á föstudagskvöldið var stórfengleg. Hún hófst á jólaboði og sviðið var fagurlega búið. Risastórt jólatré var í miðjunni og fólk í dásamlegum búningum. Síðasti gesturinn var í furðulegri múnderingu, enda töframaður, og hann bætti hnotubrjót í gjafahrúguna undir trénu. Um nóttina lifnuðu leikföngin við í draumaheimi heimasætunnar. Hún dansaði við hnotubrjótinn, sem var orðinn að fögrum prins. Við tóku mögnuð dansatriði, skreytt himneskri tónlist Tsjajkovskís. Dansararnir voru gríðarlega agaðir og samhæfðir. Hugvitsamleg lýsingin jók svo á upplifunina. Útkoman var galdraheimur lita og ótrúlega fagurra hreyfinga sem unaður var að horfa á.

Það er synd að tónskáldið fékk aldrei að upplifa hversu ballettinn varð vinsæll, því hann lést ári eftir að hann var frumfluttur. Til fróðleiks má geta að hann varð ekki gamall, aðeins 53 ára, og alls konar samsæriskenningar hafa verið uppi um dauða hans. Samkynhneigð hans olli mikilli hneykslun og ein kenningin er sú að hann hafi af þeim sökum verið þvingaður til að fremja sjálfsmorð.

Hvað um það, tónlistin er meistaraverk, ódauðlegar, grípandi laglínurnar eru óteljandi. Tsjajkovskí var snillingur í að skrifa fyrir hljómsveit, hann hafði einstaka tilfinningu fyrir því hvað virkar. Sinfónían var með allt á hreinu undir stjórn Vadim Nikitin, mismunandi hljóðfæragrúppur spiluðu hreint, svo ekki sé minnst á hörpusólóið á undan Blómavalsinum, sem var yfirmáta glæsilegt. Í heild var samhljómurinn þéttur og safaríkur, og styrkleikajafnvægið flott. Samhæfing dansins og hljómsveitar var pottþétt og atriði þar sem kórinn Graduale Nobili söng var hástemmt og hrífandi. Hvílík upplifun!

**Jónas Sen**

**NIÐURSTAÐA:** Stórkostleg dansatriði, falleg tónlist og glæsilegur tónlistarflutningur.

# DÚNDURFRÉTTIR

ÁSAMT SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT OG KÓRUM




# 40 ÁRA

ELDBORG 12. & 13. APRÍL

MIÐASALA HEFST ÞRIÐJUDAGINN 4. DESEMBER

Á TIX.IS, HARPA.IS OG Í SÍMA 528 50 50

STJÓRNANDI BERNHARÐUR WILKINSSON ÚTSETNING HARALDUR VIGNIR SVEINBJÖRNSSON

KÓRAR HLJÓMEYKI OG BARNAKÓR KÁRSNESSKÓLA LJÓSAHÖNNUN MAGNÚS HELGI KRISTJÁNSSON

HLJÓÐ HAFFI TEMPÓ

# DAGSKRÁ

# Miðvikudagur




**ÍSSKÁPASTRÍÐ**
KL. 20:50

Í þáttunum fá Eva Laufey og Gummi Ben til sín þjóðþekkta einstaklinga sem keppa í matargerð. Um er að ræða létta og skemmtilega þætti, sem snúast ekki bara um eldamennsku heldur einnig skemmtilegar umræður, grín og glens.





**Frábær miðvikudagur**

Fáðu þér áskrift á **stod2.is**




**JAMIE COOKS ITALY**
KL. 20:00

Sérlega smart og skemmtilegir matreiðsluþættir þar sem meistari Jamie Oliver leggur upp í spennandi ferð um Ítalíu í leit að klassískum uppskriftum og ekta ítölskum réttum eins og þeir gerast allra bestir.

**THE GOOD DOCTOR**
KL. 21:25

Dramatískir þættir um ungan einhverfan skurðlækni sem er ráðinn á barnadeild á mikilsvirtu sjúkrahúsi. Það mun hugsanlega draga dilk á eftir sér.



**CAMPING**
KL. 22:10

Það úr vöndu að ráða þegar blása á í glæður hjónabandsins. Gráglettnir gamanþættir úr smiðju HBO með Jennifer Garner og David Tennant í aðalhlutverkum.




**WENTWORTH**
KL. 22:40

Skemmtilegir og dramatískir spennuþættir um lífið innan veggja hættulegasta kvennafangelsis Ástralíu.



Allt þetta og meira til á aðeins **9.990 kr.** **stod2.is**

## STÖÐ 2

**07.00** The Simpsons
**07.25** Ævintýri Tinna
**07.50** Friends
**08.10** The Middle
**08.30** Ellen
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.40** The Doctors
**10.20** Jamie's 15 Minute Meals
**10.45** The Big Bang Theory
**11.05** Spurningabomban
**11.50** Deception
**12.35** Nágrannar
**13.00** Masterchef The Professionals Australia
**13.40** Hugh's War on Waste
**14.40** The Night Shift
**15.20** PJ Karsjó
**15.50** Léttir sprettir
**16.10** Friends
**16.30** Friends
**16.58** Bold and the Beautiful
**17.20** Nágrannar
**17.45** Ellen
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Ísland í dag
**19.10** Sportpakkinn
**19.25** Fréttayfirlit og veður
**19.30** Víkingalottó
**19.35** I Feel Bad
**20.00** Jamie Cooks Italy
**20.50** Ísskápastríð Þriðja þáttaröðin af Ísskápastríði hefur göngu sína á Stöð 2 í nóvember. Í þáttunum fá Eva Laufey og Gummi Ben til sín þjóðþekkta einstaklinga sem keppa í matargerð. Um er að ræða létta og skemmtilega þætti, sem snúast ekki bara um eldamennsku heldur einnig skemmtilegar umræður, grín og glens. Keppendur velja sér ísskáp sem ýmist inniheldur hráefni fyrir forrétt, aðalrétt og eftirrétt sem þau eiga að matreiða á fyrirfram ákveðnum tíma. Dómarar þáttanna eru Siggi Hall og Hrefna Sætran.
**21.25** The Good Doctor
**22.10** Camping
**22.40** Wentworth
**23.30** Lethal Weapon
**00.20** Counterpart
**01.10** Alex
**01.55** Humans
**02.40** Next of Kin
**03.25** Next of Kin
**04.10** Next of Kin
**04.55** The Secret In Their Eyes

## STÖÐ 2 SPORT

**07.05** Juventus - Valencia
**08.45** Lyon - Manchester City
**10.25** Premier League Review
**11.20** Ítölsku mörkin
**11.50** Fréttaþáttur Þjóðadeildarinnar
**12.20** Breiðablik - Skallagrímur
**14.00** Roma - Real Madrid
**15.40** CSKA Moskva - Plzen
**17.20** Manchester United - Young Boys
**19.00** Meistaradeildarmörkin
**19.30** Meistaradeildarmessan
**22.00** Meistaradeildarmörkin
**22.30** Tottenham - Inter

## STÖÐ 2 SPORT 2

**08.55** Manchester United - Young Boys
**10.35** Meistaradeildarmörkin
**11.05** Indianapolis Colts - Miami Dolphins
**13.25** West Ham - Manchester City
**15.05** Everton - Cardiff
**16.45** Messan
**17.45** Atletico Madrid - Monaco
**19.50** PSG - Liverpool
**22.00** Napoli - Crvena zvezda
**23.50** Meistaradeildarmörkin

## STÖÐ 3

**19.10** Baby Daddy
**19.35** Schitt's Creek
**20.00** Seinfeld
**20.25** Friends
**20.50** It's Always Sunny in Philadelpia
**21.15** American Horror Story 8: Apocalypse
**22.00** Supergirl
**22.45** Arrow
**23.35** The New Girl
**00.25** Seinfeld
**00.50** Friends
**01.15** Tónlist

## STÖÐ 2 KRAKKAR

**07.24** Svampur Sveinsson
**07.49** Pingu
**07.55** Sumardalsmyllan
**08.00** Strumparnir
**08.25** Ævintýraferðin
**08.37** Gulla og grænjaxlarnir
**08.48** Hvellur keppnisbíll
**09.00** Stóri og Litli
**09.13** Tindur
**09.23** Mæja býfluga
**09.35** K3
**09.46** Grettir
**10.00** Könnuðurinn Dóra
**10.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**10.47** Doddi litli og Eyrnastór
**11.00** Áfram Diego, áfram!
**11.24** Svampur Sveinsson
**11.49** Pingu
**11.55** Sumardalsmyllan
**12.00** Strumparnir
**12.25** Ævintýraferðin
**12.37** Gulla og grænjaxlarnir
**12.48** Hvellur keppnisbíll
**13.00** Stóri og Litli
**13.13** Tindur
**13.23** Mæja býfluga
**13.35** K3
**13.46** Grettir
**14.00** Könnuðurinn Dóra
**14.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**14.47** Doddi litli og Eyrnastór
**15.00** Áfram Diego, áfram!
**15.24** Svampur Sveinsson
**15.49** Pingu
**15.55** Sumardalsmyllan
**16.00** Strumparnir
**16.25** Ævintýraferðin
**16.37** Gulla og grænjaxlarnir
**16.48** Hvellur keppnisbíll
**17.00** Stóri og Litli
**17.13** Tindur
**17.23** Mæja býfluga
**17.35** K3
**17.46** Grettir
**18.00** Könnuðurinn Dóra
**18.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**18.47** Doddi litli og Eyrnastór
**19.00** Smáfólkið

**Mörgæsirnar frá Madagaskar, 10.24, 14.24 og 18.24**



## GOLFSTÖÐIN

**08.15** Golfing World
**09.05** US Women's Open
**14.45** Golfing World
**15.35** DP World Tour Championship
**21.35** Golfing World
**22.25** PGA Tour 2018 Special
**23.15** CME Group Tour Championship

## STÖÐ 2 BÍÓ

**12.15** The Fits Dramatísk mynd frá 2016 um Toni sem er ellefu ára stúlka sem æfir hnefaleika. Dag einn verður hún yfir sig hrifin af dansflokki eldri stúlkna og ákveður að reyna að passa í hópinn. Þegar dularfull yfirlið fara að herja á flokkinn, þá reynir á þrá Toni eftir viðurkenningu innan hópsins.
**13.30** Before We Go
**15.05** Norman
**17.05** The Fits
**18.20** Before We Go
**20.00** Norman
**22.00** American Pastoral
**23.50** Rules Don't Apply
**01.55** Cell Spennutryllir frá 2016 með John Cusack og Samuel L. Jackson úr smiðju Stephens King.
**03.35** American Pastoral

## RÚV

**13.00** Úr Gullkistu RÚV: Útsvar 2010-2011
**13.50** Úr Gullkistu RÚV: Maðurinn og umhverfið
**14.20** Úr Gullkistu RÚV: Gott kvöld
**15.10** Úr Gullkistu RÚV: Ferðastiklur
**16.05** Úr Gullkistu RÚV: Fjórar konur
**16.35** Úr Gullkistu RÚV: Sjónleikur í átta þáttum
**17.15** Sítengd - veröld samfélagsmiðla
**17.45** Táknmálsfréttir
**17.55** Disneystundin
**17.56** Gló magnaða
**18.17** Sígildar teiknimyndir
**18.24** Sögur úr Andabæ
**18.45** TRIX
**18.50** Krakkafréttir
**18.54** Vikinglotto
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.35** Kastljós
**19.50** Menningin
**20.00** Kiljan
**20.40** Við getum þetta ekki
**21.10** Rívíeran
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veður
**22.20** Mennirnir sem rændu Evrópu
**23.15** Kveikur
**23.50** Kastljós
**00.05** Menningin
**00.15** Dagskrárlok

## SJÓNVARP SÍMANS

**08.00** Dr. Phil
**08.45** The Tonight Show
**09.30** The Late Late Show
**10.15** Síminn + Spotify
**12.00** Everybody Loves Raymond
**12.20** King of Queens
**12.40** How I Met Your Mother
**13.05** Dr. Phil
**13.50** Ally McBeal
**14.35** LA to Vegas
**15.00** A Million Little Things
**15.50** Jólastjarnan 2018
**16.25** Everybody Loves Raymond
**16.45** King of Queens
**17.05** How I Met Your Mother
**17.30** Dr. Phil
**18.15** The Tonight Show
**19.00** The Late Late Show
**19.45** Life in Pieces
**20.10** Survivor
**21.00** New Amsterdam
**21.50** Bull
**22.35** Elementary
**23.20** The Tonight Show
**00.50** NCIS
**01.35** 9-1-1
**02.25** Law & Order: Special Victims Unit
**03.15** Trust
**04.15** Síminn + Spotify

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin


STJÖRNU GRÍS
Hamborgarhryggur
VIÐ MÆLUM MEÐ
Hamborgarhryggur framleiddur úr sérvöldu grísakjöti frá svínabóndanum á Vallá á Kjalarnesi. Grísinn er fóðraður á soðnu maltbyggi, humlum og öðru úrvalsgóðgæti. Grísinn er í góðu yfirlæti við kjöraðstæður sem gerir kjötið einstaklega meyrt og bragðgott.
Verði þér að góðu.
Þú finnur vörurnar frá Stjörnugrís í öllum betri matvöruverslunum um land allt.

# Rándýr dýr böðuð jólaljósum

Reykjavíkurborg frumsýndi fjögurra milljóna króna jólaköttinn á Lækjartorgi á laugardag. Íslendingar eru ekki eina þjóðin sem hendir milljónum í jólaljós utan um skúlptúr af dýri. Lífið skoðaði borgir heimsins og dýrin sem lýsa upp torg þar í bæ.




Jólakötturinn er engin smásmíði, um 5 metrar á hæð og 6 metrar á lengd. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Íbúar í Gdansk í Póllandi fengu geggjaðan skúlptúr í fyrra.

### Jólakötturinn á Lækjartorgi

- Kostaði um 4,4 milljónir króna.
- Er fimm metrar á hæð og sex metrar á breidd.
- Hann er lýstur upp með 6.500 led ljósum.
- Hönnun jólakattarins er samstarf Reykjavíkurborgar, mk-illumination í Austurríki og Garðlistar.

### Úr þjóðsagnasafni Jóns Árnasonar:

„Þó gátu menn ekki notið jólagleðinnar með öllu áhyggjulausir því auk jólasveinanna var það trú að óvættur væri á ferð sem kallaður væri jólaköttur. Hann gerði reyndar engum þeim mein sem eignuðust einhverja nýja flík að fara í á aðfangadagskvöldið, en hinir sem ekkert nýtt fat fengu „fóru allir í jólaköttinn“ svo hann tók þá eða að minnsta kosti jólarefinn þeirra og þótti þá góðu fyrir goldið ef kötturinn gerði sig ánægðan með hann.



New York-borg fór trúlega bara út í Costco og fjárfesti í þessu hreindýri. Engar milljónir hér enda allt ódýrt í Costco.



Í dýragarðinum í London er að finna þessa dásamlegu giraffa baðaða í ljósum og ljóma.



Í Stokkhólmi má finna risahreindýr. Ákaflega töff og jólalegt enda fátt betra en hreindýrakjöt á aðfangadag.



Það þarf ekki mikið að koma á óvart að Ástralar hendi í ljós af kengúrum. Hér í Mosman-hverfinu í Sydney.



Íbúar í Hong Kong fengu engil, hvorki meira né minna. Deila má um hvort hann tilheyri dýraríkinu en við látum þetta sleppa.



Lundúnir hafa löngum tengt sig við ljón. Það kemur því lítið á óvart að þar sé að finna eitt vel skreytt.






**KeyNatura færir þér andoxunarefnið astaxanthin úr íslenskum þörungum**




VEGAN PRODUCT

"Við byrjum alla daga á hollu og bragðgóðu AstaLýsi
sem er frábær viðbót við hollan og góðan morgunmat.
AstaLýsi gefur okkur kraft inn í daginn"
*- Svavar Sigursteinsson, einkaþjálfari*

ICELANDIC NATURAL

**Þú færð vörur KeyNatura í Fjarðarkaup, Nettó, verslunum Mamma Veit Best, Heilsuver, Heilsuhúsinu, Hagkaup og flestum lyfjaverslunum og í vefverslun okkar, keynatura.is.**

Hælið verður sögusetur í Kristnesi í Eyjafjarðarsveit um berklafaraldurinn. Bak við verkefnið er **María Pálsdóttir** sem ólst upp á svæðinu. Hælið hefur allt verið byggt upp í sjálfboðavinnu og með afar litlu fé.



María hefur fengið ómetanlega hjálp frá nærri öllum íbúum Eyjafjarðarsveitar enda er öll uppbygging setursins í sjálfboðavinnu.

# Sögusetur um berklafaraldurinn

Hælið verður sögusetur staðsett í Kristnesi í Eyjafirði og mun fjalla um sögu berklanna. Þar er Kristneshælið sem var reist sem berklahæli og fagnaði 90 ára afmæli í fyrra. Berklum hefur ekki verið gert hátt undir höfði og eru kannski í hugum flestra erfið reynsla sem best væri að gleyma. María Pálsdóttir sem rekur Hælið telur hins vegar mikilvægt að minnast þeirra sem glímdu við sjúkdóminn og að berklarnir séu jafn mikilvægur hluti sögu þjóðarinnar eins og móðuharðindin eða hernámið til dæmis en hún réðst í það verkefni að byggja upp Hælið fyrir nokkrum árum.

„Ég fékk þessa hugdettu fyrir þremur árum þegar ég var að heimsækja foreldra mína sem búa í Reykhúsum í Eyjafjarðarsveit, sem er næsti bær við Kristnes og þarna ólst ég upp og lék mér. Undanfarna áratugi hef ég verið að svekkja mig á því hvernig Kristnesþorpið hefur verið að drabbast niður hægt og rólega, Ég hugsaði „af hverju gerir ekki neinn neitt í þessu?“ en svo breyttist það í „hei, af hverju geri ég ekki eitthvað í þessu?“

Í framhaldinu af því fór María að skoða hvað það væri sem hún sjálf gæti gert til að flikka upp á Kristnes. Hún sá fyrir sér að það væri hægt að taka í notkun nokkur hús á svæðinu sem hafa staðið tóm, sum í áratugi. Um er að ræða sambyggð hús – íbúð og svo heimavist fyrir einhleypu starfsstúlkurnar sem var stundum kölluð Glaumbær því það var svo mikið fjör þar.

„Mér fannst liggja beinast við að tengja þetta sögu staðarins; berklunum. Það er kannski ekkert rosalega grípandi né sexí – en ég fór að skoða málið, hvort þetta væri ekki eitthvað sem þyrfti að fjalla um. Vífilsstaðir voru líka reistir sem berklahæli og þar eru byggingar líka að dabbast niður – alveg sorglegt hvernig yfirlæknisbústaðurinn þar er að grotna niður.“



María stendur vaktina í viðeigandi klæðnaði.

**ÞESSI SJÚKDÓMUR LAGÐIST MIKIÐ Á UNGT FÓLK OG ÞAÐ SKAPAÐIST SVIPAÐ ÁSTAND OG Á STRÍÐSÁRUNUM ÞEGAR UNGA FÓLKIÐ VISSI EKKI HVORT ÞAÐ NÆÐI ÞRÍTUGU – ÞAÐ BARA LIFÐI ÞÁ Í BOTN, ÞAÐ VAR LÍFSÞORSTI, RÓMANS OG ALLS KONAR. EN ÆÐRULEYSIÐ SEM ÞAÐ SÝNDI Í ÞESSUM AÐSTÆÐUM VAR STÓRKOSTLEGT.**

María talaði við Sjúkrahúsið á Akureyri sem á húsin sem María hafði augastað á. Sjúkrahúsið fékk þorpið nánast í fangið í kringum 1990 segir María en ekki nægilegt fjármagn til að viðhalda þeim. Sjúkrahúsið gaf grænt ljós svo María fór að grúska í sögu berklafaraldursins hér á landi.

„Þegar ég fór að kafa ofan í sögu berklanna sá ég að þetta er stórmerkilegt. Það voru engin lyf til fyrr en 1950 en faraldurinn var í hámarki í kringum 1930. Og hvernig var að greinast með berkla? Þú fórst inn á hæli með lífshættulegan ólæknandi sjúkdóm og vissir ekkert hvort þú mundir nokkru sinni eiga afturkvæmt. Það dóu auðvitað skelfilega margir. Ég hef hitt fólk sem hafði frá ýmsu mögnuðu að segja og hlakka til að láta þessar sögur lifna við á sýningunni. Þetta verður bæði áhugaverður og líka átakanlegur áfangastaður. Þessi sjúkdómur lagðist mikið á ungt fólk og það skapaðist svipað ástand og á stríðsárunum þegar unga fólkið vissi ekki hvort það næði þrítugu – það bara lifði þá í botn, það var lífsþorsti, rómans og alls konar. En æðruleysið sem það sýndi í þessum aðstæðum var stórkostlegt.“

Íbúðin er núna fulluppgerð og orðin að kaffihúsi sem María segir vera ansi notalegt. Verkefnið fram undan verður svo að undirbúa sýninguna sem verður í starfsstúlknahúsinu.

María hefur unnið þetta allt saman í sjálfboðavinnu og af hugsjón og ekki með mikinn pening milli handanna. Hún er eiginlega orðlaus yfir viðtökunum sem hún hefur fengið og allri hjálpinni frá sveitungunum og fólki sem sér fegurðina í að varðveita þessa sögu, segir það ómetanlegt þegar heil sveit rísi upp til að hjálpa. Hún hefur fengið styrki frá Uppbyggingarsjóði Norðurlands eystra og Átaki til atvinnusköpunar og víðar og skellti sér meðal annars í Startup Tourism viðskiptahraðalinn í fyrra.

„Ég var svo lánsöm að komast þar inn. Það var ekki spurning um að nýta sér það því að ég kann ekkert um stofnun og rekstur fyrirtækja! Ég þurfti alveg gott námskeið sem ég fékk þar. Að spegla sig í þessum sérfræðingum sem funduðu með mér var dýrmætt og ég hitti svo marga og ólíka sérfræðinga sem gáfu mér allskonar ráð sem ég varð svo að vinsa úr. Það að kynnast fólki í bransanum er mjög dýrmætt – það er einfaldara að taka upp símann og fá ráð.“

Hægt er að sækja um í Startup Tourism viðskiptahraðalinn fram til 3. desember.

stefanthor@frettabladid.is



# NÝ SAGA, NÝ UPPLIFUN

## 4 NÝJAR OG FLOTTAR BÆKUR




TILBOÐSVERÐ:
**4.499.-**
Verð áður:
6.499.-

Heiður




TILBOÐSVERÐ:
**4.899.-**
Verð áður:
6.999.-

Bókasafn föður míns




TILBOÐSVERÐ:
**4.899.-**
Verð áður:
6.999.-

Hið heilaga orð




TILBOÐSVERÐ:
**4.499.-**
Verð áður:
6.499.-

Kópavogskrónika

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4
Ísafirði - Hafnarstræti 2

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2

Álfabakka 14b, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind
Húsavík - Garðarsbraut 9

Framúrskarandi fyrirtæki

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboðsverða er til og með 29. nóvember eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

blómaval
heillandi heimur

# AÐVENTU- &
# SKREYTING



## Dagskrá í Skútuvogi

- Skreytingameistarar Blómavals sýna allt það nýjasta í jóla-og aðventuskreytingum.
- Soffía hjá Skreytum hús verður á staðnum.
- Kaleb leikur lifandi jólatónlist.
- Vörukynningar í Heilsutorginu.
- Jólalahlaðborð í Kaffi Garði kl. 17-20.
- Happy Hour í Kaffi Garði kl. 17-21.
- Happdrætti - nokkrir heppnir gestir fá glæsilega vinninga.
- Dregið úr Facebookleik Blómavals, KitchenAid hrærivél.
- Kynnir kvöldsins er Kristinn Einarsson.
- Allar vörur í verslun á a.m.k. 25% afslætti.

**HAPPY HOUR**
Rautt, hvítt og bjór á tilboði í Kaffi Garði kl. 17-21

**SÝNIKENNSLA**
Allt það nýjasta í jóla-skreytingum 2018

**SPENNANDI KYNNINGAR**
Afsláttur af snyrti-vörum, heilsuvörum og bætiefnum

**HAPPDRÆTTI**
Drögum út glæsilega vinninga

## SKREYTINGAMEISTARAR VERÐA MEÐ SÝNIKENNSLU

**Margrét Ása Karlsdóttir**
Sýnir skemmti-legar hugmyndir af flottum bakka skreytingum og fleira.



**Soffía Dögg frá Skreytum hús**
Sýnir ljósaskreyt-ingar og hvernig nota má skrautseríur á skemmtilegan hátt.



**Díana Allansdóttir**
Sýnir fallegar útfærslur af hurðakrönsum sem lífga upp á heimilið.



**Valgerður J. Guðjónsdóttir**
Sýnir ýmsar útfærslur á aðventuskreyt-ingum o.fl.



# AKVÖLD

Skútuvogi
í kvöld
kl. 17-21

## Allar vörur í Blómavali

# 25% afsláttur

í Skútuvogi í kvöld kl. 17-21

Jólaskraut • Jólseríur • Jólaljós • Gjafavörur
Kerti • Kransar • Greni • Skreytingavara
Pottaplöntur • Afskorin blóm • Húsgögn
Snyrtivörur • Bætiefni
... og allar aðrar vörur í verslun á **25% afslætti**

## Í GARÐSKÁLANUM KL. 18-20

**Bryndís Eir Þorsteinsdóttir, Garðyrkjuskóli Íslands**

Sýnir skemmtilegar hugmyndir að náttúru-legum jóla-skreytingum.



**Lára Jónsdóttir**

Sýnir fallegar útiskreyting-ar fyrir leiði, útiker og úti-potta.





**SKEMMTILEG SÝNIKENNSLA**
í garðskálanum
kl. 18-20

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **550 5000**

**Ritstjórn** 550 5070 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 550 5050 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja



ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.



Póstdreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is **Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**BAKÞANKAR**


Jónu Hrannar Bolladóttur




## Biskup fólksins

Enginn verður óbarinn biskup. Það mátti segja um Jón biskup Vídalín sem fæddist að Görðum á Álftanesi 1666 og samdi mest lesnu bók landsins á 18. og 19. öld; Vídalínspostillu sem í ár er 300 ára. Vinsældir þessa rits stöfuðu af því að þar voru sett orð á lifaðan veruleika landsmanna um leið og afstaða var tekin með fátækum gegn gírugu yfirvaldi.

Barnungur hafði Jón misst Þorkel föður sinn sem var prestur að Görðum og hrakist í fátækt ásamt Margréti móður sinni og systkinum. Fyrir dugnað og afburða gáfur komst hann í Skálholtsskóla og lauk þar námi á þremur árum. Vann svo við sjósókn og önnur störf til að komast til guðfræðináms í Kaupmannahöfn. Fjárvana endaði hann í danska hernum og átti þar erfiða daga uns móður hans tókst að fá hann leystan heim. Hann var prestur að Görðum þegar hann var kjörinn biskup í Skálholti þrítugur að aldri. Við upphaf 18. aldar gengu hörmungatímar yfir landið með frostavetrum auk þess sem stórabóla lagðist á landslýð og felldi fjórðung þjóðarinnar. Lést þá m.a. dóttir Jóns og Sigríðar konu hans, en þau eignuðust tvær dætur sem báðar létust í bernsku. Jón var ekki bara orðsins maður, heldur var hann stórtækur búmaður og úrræðagóður. Voru þau Sigríður samhent og þekkt fyrir gestrisni sína, einkum gagnvart munaðarlausum börnum og fátækum.

Kjarni Vídalínspostillu er vonin og réttlætið. Vonarljósið sem ekkert myrkur getur kæft í sál þess sem afhendir vilja sinn Guði og krafan um að menn iðki réttlæti og notfæri sér ekki náungann í gróðaskyni. Saga Jóns Vídalíns er saga af áfallaþroska. Erfið æska, basl og barnamissir gerði hann ekki bitran heldur vitran og umhyggjusaman svo hugarþel hans nærði þjóðina um langan aldur.








